**KRISTJANA JÓNSDÓTTIR**

*Öndun upprætir sársauka*

Heilsa

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**ÞORSTEINN HREGGVIÐSSON**

*Snýr aftur á útvarpsstöðina X-ið*

Rifjar upp gamla takta í sumarfríinu

**FÓLK 34**




MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000


FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ


4. júlí 2006 — 177. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




**Þjálfar nördana**

Fyrrverandi landsliðsþjálfarinn Logi Ólafsson hefur fengið það verkefni að gera fimmtán nörda að sæmilegum fótboltamönnum fyrir sjónvarpsþáttinn FC Nörd.

FÓLK 26

**Vinátta milli Íslands og Aserbaídsjan**



Zakir Jón Gasanov á veg og vanda að stofnun vináttufélags Íslands og Aserbaídsjan.

TÍMAMÓT 22

**Frítt að hoppa**

„Tveggja barna móðir hafði orð á því að sautjánda júní hefði þurft að borga í hoppkastalana,“ skrifar Valgerður Bjarnadóttir. „Af því að ég er svo gamaldags þá finnst mér það umhugsunarvert að þeir sem fengu Landsbankann á slikk geti boðið krökkunum í hoppkastala en þjóðin ekki.“

**Viktor valinn bestur**

Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður Víkings, hefur verið valinn besti leikmaður umferða 1-9 í Landsbankadeild karla af Fréttablaðinu og Sýn. Viktor hefur leikið frábærlega með liði nýliða Víkings sem er í öðru sæti deildarinnar.



ÍÞRÓTTIR 28

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING OG SKÚRIR** - Í dag verður suðaustan 8-15 m/s, hvassast sunnan til og austan. Rigning eða skúrir síst þó fyrir austan. Styttir upp og rofar til á Norðurlandi síðdegis. Hiti 10-20 stig, hlýjast á fyrir norðaustan.

VEÐUR 4






# Samningsbrot í sjúkraflugi

**Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum segir sjúkraflugi í Eyjum ábótavant. Flugvélar ekki til staðar þegar á þarf að halda, þó að samningur kveði á um annað.**

**FLUGMÁL** Að minnsta kosti fjórum sinnum á þessu ári hefur sú staða komið upp í Vestmannaeyjum að flugvél ætluð til sjúkraflugs sé ekki til taks þegar á henni þarf að halda, en Landsflug er samningsbundinn rekstraraðili sjúkraflugs í Vestmannaeyjum.

Einu sinni var um lífshættu að ræða, en seinasta föstudag átti að flytja unga konu í aðgerð til Reykjavíkur. Sjúkraflugvél Landsflugs var þá í reglubundnu viðhaldi í Reykjavík og engin önnur flugvél frá Landsflugi á staðnum. Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, segir að óskað hafi verið eftir því við Landsflug að vél yrði gerð klár vegna sjúkraflugs. Þegar ekki hafi verið orðið við því var kallað á þyrlu Landhelgisgæslunnar, sem sótti sjúklinginn.

„Það er algjört lykilatriði að þjónustan sé í lagi,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. „Það er skýrt kveðið á um það í samningnum að flugvél eigi alltaf að vera til staðar. Ég á bágt með að trúa að vélin hafi verið í reglubundnu viðhaldi í þau skipti sem við höfum þurft á sjúkraflugi að halda og vélin ekki verið á staðnum.“

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, segir að úttekt verði gerð á samningnum við Landsflug vegna sjúkraflugs í Vestmannaeyjum, og byrjað verði á henni í vikunni.

Elliði segir að þeir komi ekki til með að una þessari ákvörðun ráðherra. „Við krefjumst þess að það verði settur sá mannafli sem til þarf í að vinna þetta verk og sé handvömm á efndum samningsins þá komum við til með að krefjast riftunar,“ segir Elliði.

Sigurbjörn Dagbjartsson, talsmaður Landsflugs, segir að um misskilning hafi verið að ræða á föstudag en engin formleg beiðni um sjúkraflug hefði borist. „Við vorum í sambandi við annað flugfélag sem var í viðbragðsstöðu ef á vél þyrfti að halda, en okkur barst aldrei slík beiðni.“

Um hin skiptin segir hann að einnig hafi verið um reglubundið eftirlit á vélinni að ræða. „Vissulega er tekið fram í samningnum að vélin eigi að vera til staðar, og því er þetta brot á honum, en það kemur fyrir að flugvélar bila. Þegar það gerist þá reynum við að bjarga málum á annan hátt, meðal annars með því að fá aðra vél.“ - sþs



**Á HVOLFI** Tveir lögreglumenn sluppu ómeiddir þegar bíll þeirra valt skammt frá Straumsvík í Hafnarfirði í gærkvöld. Þeir voru í útkalli vegna átaka sem sögð voru í húsi Skrautdúfufélagsins. Átökin reyndust minniháttar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögreglubíll valt við álverið í Straumsvík í gærkvöldi:

# Ók of hratt í beygju

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglubíll valt við afleggjarann að Kvartmílubrautinni, gegnt álverinu í Straumsvík, um hálf sjöleytið í gærkvöldi.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu tuttugu mínútur yfir sex, um að tveir menn ættu í hörðum átökum í húsi Skrautdúfufélagsins sem er staðsett í svokölluðum Hraungörðum við kvartmílubrautina. Tveir lögreglubílar voru sendir á staðinn og óku þeir í forgangsakstri.

Vitni að atburðinum, sem ók vestur Reykjanesbrautina, segir lögreglubílinn sem valt hafa ekið á miklum hraða fram úr sér, en síðan oltið þegar hann ætlaði að beygja inn afleggjarann. Hann segir lögreglubílinn hafa ekið of hratt í beygjuna.

Lögreglumennina í bílnum sakaði ekki og því fór hinn bíllinn að húsinu. Þar voru staddir tveir menn sem áttu í orðaskaki, lögregla sætti mennina og sneri til baka. - æþe

Fylgi Samfylkingar samkvæmt skoðanakönnunum:

# Nær ekki óánægjufylgi





**Samfylking hefur ekki náð hylli þeirra sem ekki styðja ríkisstjórnina, samkvæmt nýjustu fylgiskönnunum.**

**Birgir Guðmundsson stjórnmálafræðingur telur að ein ástæða þess sé að Samfylking hafi verið að gera taktísk mistök að undanförnu í umhverfismálum og gagnrýni á aðgerðir ríkisins í kjaramálum.**

**Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur segir það mikið áhyggjuefni fyrir Samfylkinguna að henni gangi ekki betur í könnunum þrátt fyrir vandræðagang hjá ríkisstjórninni.** - ss/ sjá síðu 4

Jarðlest fór út af sporinu í Valencia á Spáni:

# Á fjórða tug fórust

**SPÁNN, AP** Jarðlest í bænum Valencia á Spáni fór út af sporinu í gær með þeim afleiðingum að á fjórða tug manna fórust.

Svo virðist sem lestinni hafi verið ekið á miklum hraða og eitt hjóla hennar hafi brotnað af. Lestinni hvolfdi og annar veggur lestarganganna virðist hafa hrunið á lestarvagn.

Um 150 manns var bjargað úr lestinni, að minnsta kosti 34 létu lífið og 47 aðrir slösuðust, tólf þeirra eru á spítala. Lögregla girti af svæðið og sett var upp sjúkraskýli á staðnum til að hlynna að hinum slösuðu.

Slysið varð á leið 1 í jarðlestakerfi Valencia, mitt á milli lestarstöðvanna Jesus og Plaza Espana í miðbænum. Valencia er ein af stærstu borgum Spánar og stendur við strönd Miðjarðarhafsins. - gb



**SÆRÐUM FARÞEGA HJÁLPAÐ ÚT** Slysið varð í miðborg Valencia. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögfræðingur Alþjóðahúss:

# Sendir bréf til sendiráðsins

**MANSAL** Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahússins, ætlar að senda Bandaríska sendiráðinu bréf til að kvarta yfir vinnubrögðunum við skýrslugerð sendiráðsins um mansal og vændi hér á landi. Margrét segir að rangt sé eftir sér haft í skýrslunni.

Margrét hefur haft spurnir af tveimur tilvikum þar sem íslenskir karlar hafa selt aðgang að líkama erlendra eiginkvenna sinna en hún hafi hvorki sagt til um þjóðerni þeirra né aldur þeirra og ekki heldur gefið þessar upplýsingar um mennina. „Þetta er tekið úr samhengi, rangfært og það sett svona upp,“ segir hún. - ghs/ sjá síðu 14






## SPURNING DAGSINS

*Gísli, finnst minnihlutanum þið mála skrattann á vegginn?*

„Mér sýnist þau vera nógu dugleg við slík málverk sjálf, en við göngum hreint til málverka og annarra verka.“

Málverk af Bjarna Benediktssyni, fyrrverandi borgarstjóra, sem hékk uppi í Höfða var tekið niður í tíð R-listans, en nýr meirihluti hefur hengt það upp á ný. Gísli Marteinn Baldursson er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Settur saksóknari og verjendur í Baugsmáli kæra úrskurð héraðsdóms:

# Frávísun til Hæstaréttar

**BAUGSMÁLIÐ** Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, hefur kært frávísun héraðsdóms frá því á föstudag til Hæstaréttar. Þar var einum lið ákærunnar af nítján vísað frá, en það var einn veigamesti liðurinn sem sneri að meintum fjársvikum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar við sölu á Vöruveltunni árið 1999.

„Núna er verið að kæra niðurstöðuna að fyrsta ákæruliðnum hafi verið vísað frá. Héraðsdómur sendir Hæstarétti kæruna á morgun, eftir það er það Hæstaréttar að ákveða hvort þetta verði afgreitt í júlí eða ekki fyrr en í haust,“ segir Sigurður Tómas.

Saksóknari er ekki sá eini sem lagði fram kæru vegna málsins í dag en Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenberger, gerðu það einnig.

Þeir eru hins vegar að kæra það að hinum átján liðunum í ákærunni hafi ekki verið vísað frá Héraðsdómi á föstudag.

„Almenna reglan er sú að synjun á frávísun er ekki kæranleg. Við viljum kanna það hvort það samrýmist jafnrétti aðilanna að annar geti kært en hinn ekki,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs. - sþs



**GESTUR JÓNSSON OG BRYNJAR NÍELSSON** Verjandi Jóns Ásgeirs segist vilja kanna hvort það samrýmist jafnrétti aðilanna að annar geti kært úrskurðinn en hinn ekki.

Hlutabréf í Straumi-Burðarási:

# Ekkert tilboð barst í hlut LV

**VIÐSKIPTI** Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) fékk ekkert tilboð í rúmlega fimm prósenta hlut sinn í Straumi-Burðarási en tilboðsfrestur rann út á hádegi í gær. Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri LV, segir að næstu skref séu að skoða með hvaða hætti, eða hvort, atkvæðisréttur sjóðsins verði nýttur á hluthafafundi sem fram fer í Straumi þann 19. júlí næst komandi.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, gagnrýndi mjög söluaðferð LV fyrir helgi en aðspurður vísar Þorgeir gagnrýni Hannesar á bug.

Gengi hlutabréfa í Straumi hefur lækkað um tíu prósent á einni viku og stendur í 16,9 krónum á hlut. - eþa

Bílslysið við Varmahlíð:

# Lést í bílslysi



**SIGRÚN KRISTINSDÓTTIR**

Stúlkan sem lést í bílslysi við Varmahlíð í Skagafirði í fyrradag, hét Sigrún Kristinsdóttir. Sigrún var búsett í Vesturgili 5 á Akureyri.

Sigrún var tvítug, fædd 12. mars árið 1986.

Banaslysið í Öræfasveit:

# Lét lífið í bifhjólaslysi



**HEIÐAR JÓHANNSON**

Maðurinn sem lést í bifhjólaslysi í Öræfasveit í fyrradag, hét Heiðar Þ. Jóhannsson til heimilis í Lundargötu 10 á Akureyri. Heiðar var fæddur 15. maí árið 1954 og var því liðlega 52 ára að aldri þegar hann lést. Heiðar var ókvæntur og barnslaus. - æþe

Rán um hábjartan dag:

# Hrifsaði veski af níræðri konu

**LÖGREGLUMÁL** Níræð kona var rænd á heimleið úr búð í gærdag í Laugaráshverfi.

Konan, sem er fædd 1916, gengur við göngugrind og geymdi veskið sitt ásamt innkaupapoka í grindinni. Konan tjáði lögreglu að strákur hefði hrifsað veskið og hlaupið með það í burtu. Hún gat ekki gefið góða lýsingu á stráknum aðra en að hann væri hugsanlega ljóshærður og ekki hávaxinn.

Veskið fannst stuttu síðar og var búið að hirða úr því peninga. - sdg

# Umhverfisráðherra vill stærra friðland

**Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra vill að settur verði punktur í umræðunni um Norðlingaölduveitu. Hún vill stækka friðlandið og skoða aðra orkunýtingarmöguleika. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra er sama sinnis.**

**ORKUMÁL** „Ég vil meina að við séum á byrjunarreit og á þeim tímapunkti er ég þeirrar skoðunar að við eigum að láta af öllum þessum áformum og ráðast í stækkun friðlandsins sem útilokar þá að Norðlingaölduveitan verði nokkurn tíma reist. Þetta er mín afstaða sem nýs ráðherra eftir að hafa skoðað ferlið í þessum málum,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra í kjölfar umræðunnar sem varð eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp þann dóm í síðustu viku að Jóni Kristjánssyni, settum umhverfisráðherra, hafi verið óheimilt að leyfa gerð set- og miðlunarlóns norðan og vestan Þjórsárvera, án þess að fram færi mat á umhverfisáhrifum.

Aðspurð hvort hér sé um stefnubreytingu innan Framsóknarflokksins að ræða segir Jónína að ríkisstjórnin hafi ekki rekið virka stóriðjustefnu síðastliðin þrjú ár. Þessi mál séu ekki á forræði ríkisvaldsins heldur einstakra sveitarfélaga og orkufyrirtækja. „Öfugt við það sem menn hafa haldið fram þá hefur ekki verið rekin virk stóriðjustefna síðan lögunum var breytt árið 2003.“

Ef hætt verður við Norðlingaölduveitu þá er ljóst að taka þarf orku annars staðar frá. Jónína segir ýmsar hugmyndir uppi og sér virðist sem sátt sé um neðri hluta Þjórsár. „Ég er ekki með því að benda á neitt eða útiloka neitt heldur segja að á vegum stjórnvalda standa engar framkvæmdir fyrir dyrum.“

Jónína segir að koma verði í ljós hvað Orkuveitan og Landsvirkjun ætla sér að gera.



**FRÁ ÞJÓRSÁRVERUM** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra vill láta af öllum áformum um miðlunarlón við Þjórsárver og stækka friðlandið. MYND/UMHVERFISSTOFNUN



**JÓNÍNA BJARTMARZ**

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, tekur undir þau sjónarmið að hætt verði við set- og miðlunarlón við Þjórsárver. „Ef niðurstaðan yrði sú, horft til framtíðar, að þetta mál þyrfti að fara aftur í umhverfismat þá kallar það á miklar deilur og átök. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að stækka friðlandið og hætta við þessi áform.“

Aðspurður um hvort þessi skoðun hans beri þess vitni að nýjar áherslur séu innan Framsóknarflokksins í umhverfis- og iðnaðarmálum svarar Guðni. „Í sjálfu sér er það ekki. Ég tel það mikilvægt að menn átti sig á því að Framsóknarflokkurinn er náttúruunnandi og leggur mikið upp úr því að ná frið um skynsamlega nýtingu auðlindanna.“

Guðni vill að Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir sátt og stefnumörkun um að sumar náttúruperlur verði friðaðar og aldrei teknar til orkunýtingar. „Við ætlum ekki að virkja hvað sem er og Þjórsárverin eru fyrir mér dálítið heilög,“ segir Guðni.

svavar@frettabladid.is



**GEORGE H. W. BUSH** Er að sögn fluguveiðimaður góður.

George H. W. Bush á Íslandi:

# Kemur til að renna fyrir lax

**HEIMSÓKN** George H. W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, kemur til landsins í dag í boði Orra Vigfússonar og NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna. Bush aðstoðaði aðstandendur verndarsjóðsins í laxaverndunarmálum í forsetatíð sinni og segir Orri að hugmyndin um að bjóða honum til veiða hér á landi sé hugsuð til að þakka fyrir þá aðstoð.

Orri segir að Bush hafi komið til Íslands snemma á níunda áratugnum þegar hann var varaforseti Ronalds Reagans. Þá veiddi hann í Þverá og Kjarrá í Borgarfirði en engum sögum fer af aflabrögðum hans í þeirri heimsókn. - shá

## SRI LANKA

**Flýja herþjálfun** Tugir Tamíla í Sri Lanka hafa flúið heimili sín undanfarna daga til að sleppa við þvingaða herþjálfun. Fólkið óttast að uppreisnarhópur Tamíl tígranna neyði það til að berjast gegn stjórnvöldum þegar herþjálfuninni lýkur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á lömb** Ekið var á þrjú lömb í umdæmi lögreglunnar í Búðardal um liðna helgi. Lögregla vill brýna fyrir vegfarendum að aka varlega þar sem búfénaður er við þjóðvegi.






Palestínumenn settu Ísraelum frest þar til í nótt:

# Hótanir ganga á báða bóga

**GAZA-BORG, AP** Herskáir hópar Palestínumanna gáfu ísraelskum stjórnvöldum í gær minna en sólarhrings frest til þess að byrja að láta 1.500 palestínska fanga lausa, eða þangað til klukkan þrjú í nótt, að öðrum kosti verði ísraelski hermaðurinn Gilal Shalit tekinn af lífi.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, svaraði því til í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér, að ekki kæmi til greina að semja við Palestínumenn um málið nú frekar en fyrr.

Haim Ramon, dómsmálaráðherra Ísraels, hótaði enn harðari hernaði gegn Palestínumönnum verði hermaðurinn tekinn af lífi, en Dan Halutz herforingi vildi þó ekki útiloka samningaviðræður við Palestínumenn, heldur verði allir kostir skoðaðir í stöðunni.

Þrenn samtök herskárra Palestínumanna tóku hermanninn í gíslingu fyrir rúmlega viku, þegar gerð var árás á ísraelska landamærastöð við Gaza-strönd.

Ísraelsk stjórnvöld hafa að hluta lýst stjórnvöld í Sýrlandi ábyrg á gíslatökunni, þar sem leiðtogar Hamas-samtakanna hafa aðsetur í Sýrlandi. Bashar Assad, forseti Sýrlands, ítrekaði í gær fullan stuðning sinn við Palestínumenn í þessum átökum. - gb



**Í SKUGGA MÚRSINS** Ísraelskir hermenn bíðu í gær átekta við aðskilnaðarmúr á norðurlandamærum Gaza-svæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Síminn
NÝTT
Síminn býður
Betri leið!
Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Nú borgar þú eitt fast gjald á mánuði fyrir GSM. Þú velur þá leið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun.
Settu þig í samband við þjónustufulltrúa á sölustöðum Símans um allt land og veldu Betri leið Símans.
Góður GSM 35
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.
Betri GSM 100
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.
Bestur GSM 160
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.
Langbestur GSM 280
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.
Kynntu þér skilmálana á siminn.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 3.7.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,28 | 75,64 |
| Sterlingspund | 138,86 | 139,54 |
| Dönsk króna | 12,908 | 12,984 |
| Norsk króna | 12,084 | 12,156 |
| Sænsk króna | 10,4 | 10,5 |
| Japanskt jen | 0,6556 | 0,6594 |
| Evra | 96,3 | 96,8 |
| SDR | 111,62 | 112,28 |

*Gengisvísitala krónunnar*
132,8254

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn renna saman í Stafi lífeyrissjóð:

# Búa sig undir samkeppni

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Heildareignir Stafa lífeyrissjóðs, sem verður til með samruna Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins, eru áætlaðar 67 milljarðar króna sem gera hinn nýja lífeyrissjóð að þeim fimmta til sjötta stærsta á landsvísu. Eignir og skuldir sjóðanna runnu saman þann 30. júní. Greiðandi sjóðsfélagar eru tæplega tíu þúsund talsins.

Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, var kjörinn stjórnarformaður hins nýja sjóðs og tekur Ólafur Sigurðsson, sem stýrði Lífiðn, við starfi framkvæmdastjóra Stafa.

„Til lengri tíma sjáum við fram á aukið hagræði með lækkandi rekstrarkostnaði. Stærðin gefur okkur færi á að efla innra skipulag sjóðsins svo að það verði öruggara og vinnubrögð enn vandaðri,“ segir Ólafur. Hann reiknar með að samruninn skili sér í betri langtímaávöxtun, bættri þjónustu við sjóðsfélaga og aukinni samkeppnishæfni sjóðsins þegar litið er fram á veginn.

Margeir Daníelsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins, hættir daglegum störfum um áramótin eftir 21 árs starf hjá sjóðnum. „Ég kveð ánægður og tel mig skila góðu búi.“ Samvinnulífeyrissjóðurinn hefur skilað hæstri meðalávöxtun undanfarin fimm ár ásamt Gildi lífeyrissjóði. **- eþa**



**ÖFLUGUR SJÓÐUR VERÐUR TIL** Heildar eignir nýja sjóðsins eru áætlaðar 67 milljarðar króna.

Seldum fasteignum fækkar:

## Merki um samdrátt á markaði

**VIÐSKIPTI** Alls voru 117 kaupsamningar gerðir á fasteignamarkaði í síðustu viku. Greiningardeild KB banka segir þetta ótvírætt merki um samdrátt á fasteignamarkaði, en síðastliðnar fjórar vikur hefur einungis verið þinglýst um 140 kaupsamningum að meðaltali á viku. Í mars var hins vegar þinglýst um tvö hundruð fasteignum að meðaltali í viku hverri.

Segir greiningardeildin ljóst að vaxtahækkun Íbúðalánasjóðs, sem tilkynnt var á föstudag, muni draga úr eftirspurn á fasteignamarkaði, og jafnframt sé útlit fyrir að verulega dragi úr íbúðaverðshækkunum. **- jab**

Konungur Nepals sextugur:

## Engin þjóðhátíð á afmælinu

**NEPAL, AP** Sextugsafmæli Nepalskonungs verður hvorki fagnað með þjóðhátíð né hinum gríðarstóru hátíðarhöldum sem markað hafa afmælisdag konungs seinustu ár, að sögn talsmanns ríkisstjórnar landsins í gær.



**GYANENDRA KONUNGUR**

Gyanendra konungur verður sextugur á föstudag. Hann tók sér einræði í fyrra, en gaf það upp í apríl í kjölfar mikilla mótmæla gegn honum.

Nepalar verða því að mæta í skóla og vinnu á föstudag sem aðra daga, og engar hersýningar, skrúðgöngur, veislur og ræður vera haldnar. **- smk**

Fundur hjá Samgöngunefnd:

## Ræða frestun framkvæmda

**SAMGÖNGUMÁL** Fulltrúar Samfylkingarinnar í samgöngunefnd Alþingis hafa óskað eftir fundi í nefndinni, en þeir vilja ræða frestun á vegaframkvæmdum á landsbyggðinni. „Við förum fram á að fulltrúar Vegagerðarinnar og aðrir yrðu kallaðir á fund til þess að gera nefndinni grein fyrir hvað ríkisstjórnin ætlar að skera niður í vegaframkvæmdum,“ segir Kristján L. Möller, einn fulltrúa Samfylkingar í nefndinni. **- sþs**

## ÁSTRALÍA

**Grimmd gegn dýrum** Ástralskur fjármálasérfræðingur hefur verið dæmdur í sextán mánaða fangelsi fyrir að pynta sautján kanínur og naggrís til bana. Dýrin fundust illa á sig komin eða dauð í og við skrifstofu hans í Sydney í fyrra. Maðurinn hafði flegið sum þeirra, brotið höfuðkúpur þeirra og misþyrmt þeim á annan hátt.

# Mistök Ingibjargar Sólrúnar

**Frá því Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók við sem formaður hefur fylgi flokksins mest mælst rúm 34 prósent en minnst rúm 24 prósent. Birgir Guðmundsson segir formanninn hafa gert taktísk mistök undanfarið. Hún njóti sín betur sem leiðtogi í stjórn en í stjórnarandstöðu.**

**> FYLGI SAMFYLKINGAR FRÁ KOSNINGUM 2003**




**STJÓRNMÁL** Fylgi Samfylkingar hefur sveiflast mikið frá síðustu alþingiskosningum, þegar flokkurinn hlaut 30,9 prósent atkvæða. Mest hefur fylgið mælst 41,3 prósent atkvæða í könnunum Fréttablaðsins, en það var í júní 2006 þegar Fjölmiðlafrumvarpið var í hámæli. Minnst hefur fylgið hins vegar mælst 24,2 prósent nú fyrir helgi.

Í maí 2005, rétt áður en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók við formennsku, sögðust 34 prósent styðja Samfylkinguna. Í þremur könnunum Fréttablaðsins eftir að Ingibjörg tók við formennsku hefur fylgið verið rúm 29 prósent í nóvember 2005, rúm 34 prósent í febrúar 2006 og síðan rúm 24 prósent nú.

Í könnunum Gallup frá því Ingibjörg Sólrún varð formaður mældist fylgi flokksins 34 prósent í maí 2005 og dalaði í hverjum mánuði þar til í nóvember 2005 þegar flokkurinn mældist með 25 prósenta fylgi. Þá jókst fylgið aftur og náði hámarki í mars 2006, þegar fylgið mældist 31 prósent. Fylgi Samfylkingar hefur dalað í þremur síðustu könnunum Gallup og mælist nú 25 prósent.

Birgir Guðmundsson stjórnmálafræðingur segir alvarlegustu fréttirnar fyrir Ingibjörgu Sólrúnu að hún hefur ekki náð sér á strik sem formaður Samfylkingarinnar. „Ingibjörg nýtur sín betur sem leiðtogi í stjórn heldur en í stjórnarandstöðu,“ segir hann.

Birgir telur Samfylkingunni hafa mistekist að fljóta á þeirri umhverfisbylgju sem hefur verið undanfarið, öfugt við vinstri græna. „Óánægjufylgi ríkisstjórnar hefur farið til vinstri grænna, en Samfylkingin hefur misst af því. Á sama tíma fær hún á sig neikvæðan stimpil vegna neikvæðrar gagnrýni á aðgerðir ríkisins í kjaramálum sem voru í raun vinsælar. Samfylkingin hefur gert taktísk mistök undanfarið hvað varðar umhverfismál og kjarasamninga til dæmis.“

Frá því Ingibjörg Sólrún tók við formennsku hefur flokkurinn því einu sinni náð því fylgi sem flokkurinn mældist með í maí 2005 þegar hún tók við formennsku.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur segir Samfylkinguna ekki eiga stöðugt fastafylgi. „Fylgi vinstri grænna hefur oft verið að rjúka upp í könnunum og ástæðan fyrir því er kannski sú að þeir sem eru á móti ríkisstjórninni stökkva á þann flokk sem er fjærstur ríkisstjórninni, sem eru vinstri grænir.“ Einar segir það mjög mikið áhyggjuefni fyrir Samfylkinguna sem stjórnarandstöðuflokk að þrátt fyrir vandræðagang hjá ríkisstjórninni undanfarið með mannabreytingum og blikum í efnahagsmálum, sé þeim ekki að ganga betur í könnunum.

„Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur ekki náð að höfða til kjósenda og ekki komið inn sem þessi sterki leiðtogi sem margir voru að vonast eftir. Og fylgið virðist ekkert síður sveiflast undir hennar forystu heldur en það gerði hjá Össuri. En við verðum að muna það að þeir sem eru óákveðnir eru líklegri til að kjósa aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn. Og það er líklegt að Samfylkingin komi til með að ná einhverjum hluta af þessu fylgi í næstu kosningum.“

Áður en Ingibjörg Sólrún tók við formennsku í flokknum var fylgi hans mest í maí og júní 2004, á sama tíma og fylgi Sjálfstæðisflokks dalaði verulega. Þannig sögðust 25 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn í könnun blaðsins þann 20. maí 2004. Líklegast er að skýra megi sveiflurnar á þessum tíma að miklu leyti til þeirrar háværu umræðu sem var um fjölmiðlafrumvarpið. Frá kosningum og þar til í maí 2004 hafði fylgið verið að sveiflast í kringum þrjátíu prósent.

Í fyrstu kosningum Samfylkingarinnar, þar sem boðið var fram kosningabandalag með Margréti Frímannsdóttur sem talsmann, fékk flokkurinn 26,8 prósent atkvæða. Þegar Össur Skarphéðinsson tók við sem formaður naut flokkurinn fylgis 25 prósenta kjósenda, samkvæmt könnunum Gallup. Samkvæmt sömu könnunum dalaði fylgið eftir það, þar til í desember árið 2000 þegar fylgið jókst í 24 prósent, frá nítján prósentum mánuðinum áður. Í febrúar 2001 fór fylgið aftur að dala og mældist sextán til tuttugu prósent þar til í ársbyrjun 2002. Í júní 2002, gerar jafn langt var til kosninga og nú er, sögðust 25 prósent myndu kjósa Samfylkingu.

svanborg@frettabladid.is/sdg@frettabladid.is








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**BLAUT KORT** Núna fyrripartinn í dag verður víða væta á landinu, rigning eða skúrir víðast hvar á landinu. Eftir hádegi styttir smám saman upp á landinu norðanverðu og rofar þá heldur til norðan heiða.

Sunnan og vestan til má búast við úrkomu í mest allan dag, ýmist rigninu eða skúrum.

Stóru fréttirnar eru e.t.v. þær að hitinn kann að ná einum 20 gráum síðdegis á morgun á Norðausturlandi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI** Suðaustan strekkingur. Rigning og síðar skúrir. Hiti 11-14 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




5 - 8 m/s.

*» fimmtudagur*




3-8 m/s. Dálítil súld austan til.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 26°C | léttskýjað | London | 29°C skýjað | Alicante | 31°C léttskýjað | |
| Billund | 23°C | léttskýjað | París | 32°C léttskýjað | Mallorca | 29°C léttskýjað | |
| Osló | 24°C | skýjað | Frankfurt | 32°C léttskýjað | Algarve | 26°C léttskýjað | |
| Stokkhólmur | 25°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C hálfskýjað | Krít | 24°C léttskýjað | |
| Gautaborg | 23°C | léttskýjað | Berlín | 31°C skýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt | |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30973 07/2006

## Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.590.000. kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |



## KJÖRKASSINN

*Ert þú fylgjandi tekjutengdum atvinnuleysisbótum?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að elta sólina í sumar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Framboð innflytjenda boðað fyrir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2010:

# Tækifæri til að vera ein þjóð

**INNFLYTJENDAMÁL** „Við ætlum að bjóða bæði innflytjendur og Íslendinga velkomna í þennan hóp,“ segir Paul F. Nikolov, sem vinnur þessa dagana að stofnun innflytjendaflokks á Íslandi. Hann segir flokkinn stefna að framboði í sveitarstjórnarkosningum árið 2010 og, ef vel gengur, þingkosningum ári síðar.

Yfir tólf þúsund erlendir ríkisborgarar hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum, en það er rétt tæplega sami fjöldi og kaus Frjálslynda flokkinn í síðustu þingkosningum, en hann fékk fjóra menn kjörna. Paul vonast til að flokkurinn hljóti góðan hljómgrunn meðal innflytjenda og býst við að flokkurinn væri til í að sitja í samsteypustjórn með hverjum þeim flokki sem vill vinna að þeirra stefnumálum.


PAUL F. NIKOLOV

„Við munum leggja áherslu á íslenskt tungumálanám, trúmál og samlögun innflytjenda við íslenskt samfélag,“ segir Paul. „Ísland hefur einstakt tækifæri umfram önnur Evrópulönd og Norðurlönd til að sjá til þess að Íslendingar og innflytjendur geti búið saman sem ein þjóð í landinu.“

Paul segir blöndun innflytjenda inn í íslenskt samfélag vera málefni sem bæði vinstri- og hægrivængur íslenskra stjórnmála ættu að geta náð sátt um. Hann segist einnig hafa fengið góð viðbrögð við hugmyndinni og fjöldi manns hafi skrifað honum í kjölfar greinar um þessa hugmynd sem hann birti í Reykjavík Grapevine síðastliðinn föstudag. „Við munum nota næstu fjögur árin í að ræða hugmyndir og baráttuaðferðir og safna saman góðum og sterkum hópi,“ segir Paul og hvetur áhugasama til að hafa samband við sig. **- sgj**

Lögmaður Saddams Hussein:

# Framselja ekki konu Saddams

**KATAR, AP** Ríkisstjórn Katar mun líklega hunsa beiðni írakskra stjórnvalda um að framselja eiginkonu Saddams Hussein, að sögn eins af lögmönnum Íraksforsetans fyrrverandi. Hann telur beiðnina lögleysu og segir konu Saddams, Sajidu Khairallah Tulfah, sem er á sjötugsaldri, munu búa áfram óáreitta í Doha, höfuðborg Katar.

Eiginkona og dóttir Saddams voru báðar á lista yfir rúmlega fjörutíu manns sem íraska ríkisstjórnin segir eftirlýsta. Ríkisstjórnin telur sjálfsagt að þær taki þátt í að greiða málskostnað Saddams, en lögmenn hans kalla þetta pólitískan áróður. **-sgj**

Var ekki boðið samheitalyf:

# Óskar eftir endurgreiðslu

**LYFJAVERÐ** Erlendur S. Þorsteinsson reiknifræðingur, sem keypti Voltaren Rapid út á lyfseðil af því að honum var ekki bent á samheitalyfið Vostar S. í Lyfjum og heilsu í byrjun júní, hefur sent Hjalta Sölvasyni, framkvæmdastjóra Lyfja og heilsu, bréf og óskað eftir endurgreiðslu.


ERLENDUR S. ÞORSTEINSSON

„Ég hringdi í Lyf og heilsu, spurði hvað Vostar S. kostar hjá þeim. Ég skrifaði framkvæmdastjóranum bréf og bað um endurgreiðslu miðað við verðskrána hjá þeim. Vostar S. er dýrara en í Garðs Apóteki, segir Erlendur. Hann segir sig muna um þetta en verðmunurinn nemur alls 750 krónum. **- ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrír í gæsluvarðhaldi** Gæsluvarðhald yfir mönnunum þremur sem sitja í haldi vegna skotárásar í Vallahverfi í Hafnarfirði rennur út í dag. Árásin var gerð að morgni 21. júní síðastliðins. Lögregla vill ekki gefa upp hvort óskað verði eftir framlengingu. Rannsókn málsins gengur vel en er ólokið að sögn lögreglu.

# Tveir segjast sigurvegarar

**Talning atkvæða í forsetakosningunum í Mexíkó veldur taugatitringi. Verði hægrimaðurinn Calderon úrskurðaður sigurvegari má búast við miklum mótmælum. Orðrómur er uppi um óheiðarlega talningu.**

**MEXÍKÓ, AP** Hnífjafnri kosningabaráttu fylgir oft fjörleg kosningavaka. Kosið var til forseta í Mexíkó á sunnudaginn og dregst kosningavakan enn á langinn. Þegar þrjátíu og sex milljónir atkvæða höfðu verið talin, leit allt út fyrir að hægrimaðurinn Calderon yrði næsti forseti Mexíkó með 36,41 prósent atkvæða. Næstur honum kemur hinn vinstrisinnaði Obrador með 35,41 prósent atkvæða. Svo mjótt er á munum að kjörstjórnin vill ekki skera úr um sigurvegara fyrr en síðustu fjögur prósent atkvæðanna hafa verið handtalin á miðvikudaginn. Obrador og Calderon hafa þó báðir lýst yfir sigri.

Fyrir kosningarnar hafði Andrés Obrador mælst með um fimmhundruð þúsunda atkvæða forskot í skoðanakönnunum og hefur hann gefið í skyn að eitthvað gæti verið athugavert við framkvæmd talningarinnar, en til að leysa af hólmi úrelt talningakerfi sem var misnotað á kerfisbundinn hátt í áratugi, notast Mexíkómenn nú við nýtt kerfi sem kostaði þá hundruð milljóna dollara. Mikill taugatitringur ríkir því í mexíkósku samfélagi og hópuðust saman þúsundir stuðningsmanna Obradors á miðtorgi Mexíkóborgar til að mótmæla útkomunni, eftir að tilkynnt var um fyrstu tölur. Í dynjandi rigningu stóðu vonsviknir stuðningsmennirnir og hrópuðu „lygar, svindl,“ en Obrador hvatti þá til að bíða endanlegra úrslita. Vicente Fox, núverandi forseti landsins, mæltist til þess að almenningur fylgdi lögum og tæki tillit til þess tíma sem nýtt talningarfyrirkomulag krefst til að telja hvert og eitt atkvæði.


**STUÐNINGSMENN OBRADORS** „Aldrei aftur hægrimenn“ stendur á þessu heimatilbúna skilti. Yfirvöld í Mexíkó óttast að stuðningsmenn Obradors muni ekki sætta sig við úrslit forsetakosninganna. NORDICPHOTOS/AFP

Hvort sem Calderon verður forseti eður ei, er PAN-flokkur hans ótvíræður sigurvegari kosninganna, því einnig var kosið til þings á sunnudaginn. Þar er hann með enn meira forskot á PRD-flokk Obradors, þótt ekki njóti hann hreins meirihluta. Mesti sigurinn fyrir PAN-flokkinn er þó sá að uppgangur hans veldur því að PRI-flokkurinn, sem réð lögum og lofum í mexíkóskum stjórnmálum mestan hluta tuttugustu aldarinnar, er fallinn niður í að vera þriðji atkvæðamesti flokkurinn á þingi. Forsetaframbjóðandi þeirra, Roberto Madrazo, fékk einungis tuttugu og eitt prósent atkvæða á sunnudaginn. **klemens@frettabladid.is**



Vatnskarafla og 2 glös kr. 3.270

Gjafavara

Enn meira úrval af margskonar gjafavöru sem prýðir heimilið

Lif&List SMÁRALIND sími 544 2140

Ungur hermaður sóttur til saka fyrir ódæði í Írak:

# Ákærður fyrir morð og hópnauðgun

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrum hermaður bandaríska hersins hefur verið ákærður fyrir að myrða og nauðga íraskri konu í mars síðastliðnum. Hermaðurinn, Steven D. Green, er tuttugu og eins árs gamall og hafði verið útskrifaður úr bandaríska hernum eftir að hann var greindur með persónuleikaröskun.

Nauðgunin mun hafa verið framin að yfirlögðu ráði. Green og þrír félagar hans höfðu þann starfa að gæta eftirlitshliðs í Mahmoudiya í Írak. Samkvæmt óstaðfestum heimildum eiga þeir að hafa komið sér saman um að nauðga tuttugu og fimm ára gamalli konu sem bjó þar í grenndinni, en nágranni hennar segir að hún hafi einungis verið fjórtán ára. Þeir höfðu fataskipti til að vekja minni athygli á sér og fóru inn á heimili hennar og nauðguðu henni. Green skaut hana síðan tvisvar eða þrisvar sinnum í höfuðið. Einnig myrtu mennirnir fimm ára stúlkubarn og tvo fullorðna sem í húsinu voru. Þeir munu síðan hafa kveikt í konunni og húsinu.

Enn hefur lítið verið gert opinbert um málið, en samkvæmt nafnlausum heimildum innan Bandaríkjahers voru mennirnir í sömu hersveit og mennirnir tveir sem pyntaðir og drepnir voru af Írökum í síðasta mánuði. Þau dráp eiga að hafa skotið skelk í bringu eins félaga Greens, svo hann leysti frá skjóðunni. Green má eiga von á dauðarefsingu, verði hann fundinn sekur. **- kóþ**


**STEVEN D. GREEN Í HANDJÁRNUM** Er hér leiddur út úr dómshúsinu í Charlotte, Norður-Karólínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**SKELFILEG AÐKOMA Á SLYSSTAÐ** Hafist var handa við að flytja bílana burtu stuttu eftir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Árekstur á Vesturlandsvegi:

# Þrír slasaðir eftir bílveltu

**LÖGREGLUMÁL** Þrír voru fluttir slasaðir á sjúkrahús eftir árekstur þriggja bíla og bílveltu í kjölfarið sem varð við gatnamót Vesturlandsvegar og Víkurvegar rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi.

Vesturlandsvegi var lokað fyrir umferð eftir slysið en vegurinn var fljótlega opnaður aftur að sögn lögreglunnar í Reykjavík.

Bílarnir, sem voru talsvert skemmdir eftir áreksturinn, voru dregnir burtu af kranabíl. Tildrög slyssins liggja ekki fyrir og rannsakar lögregla málið. **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Logandi kamar** Eldur kviknaði í kamri við Háteigsskóla í gærkvöldi og náði slökkviliðið greiðlega að slökkva eldinn. Reykræsta þurfti inni í skólabyggingunni. Eldsupptök eru óljós en málið er í rannsókn.

# ÚTSALA
# á húsgögnum

## fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófaborð | 5.600 kr. | ~~56.000~~ kr. | 90% |
| Borðstofuborð | 35.940 kr. | ~~59.900~~ kr. | 60% |
| Fataskápar Modena | 9.950 kr. | ~~19.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90 cm | 18.720 kr. | ~~23.400~~ kr. | 20% |
| Kommóða með glertopp | 9.995 kr. | ~~19.990~~ kr. | 50% |
| Kommóða með leðurtopp | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Náttborð | 8.043 kr. | ~~16.085~~ kr. | 50% |
| Sjónvarpsborð | 7.740 kr. | ~~12.900~~ kr. | 60% |
| Sófasett leður | 99.000 kr. | ~~259.900~~ kr. | 62% |
| Sófasett tau | 78.435 kr. | ~~156.870~~ kr. | 50% |
| Speglar | 12.450 kr. | ~~24.900~~ kr. | 50% |
| Stakir stólar | 7.794 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Stóll með snúningi | 7.794 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Svefnsófi | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |

**Húsgögn fást einungis í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvar var Landsmót hestamanna haldið?

2 Hvaða lið sló Íslandsmeistara FH út úr bikarnum?

3 Hver er leikstjóri myndarinnar Queen Raquel?

SVÖR Á BLS. 34

Háskólinn í Reykjavík leigir Morgunblaðshúsið við Kringluna:

# Þriðja húsnæði háskólans

**HÁSKÓLI** Háskólinn í Reykjavík verður nýr íbúi Morgunblaðshússins við Kringluna, en öll starfsemi blaðsins var endanlega flutt úr húsnæðinu í seinustu viku. Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Klasa hf. sem á bygginguna, segir skipulagsvinnu hvað varðar allt Kringlusvæðið vera í gangi og ekkert hafi verið ákveðið um hvort hlutar byggingarinnar verði rifnir eða ekki.

Háskólinn hefur gert leigusamning við Klasa um leigu á öllu húsnæðinu til ársins 2009, en þar verða verkfræði- og tölvunarfræðideildir skólans til húsa auk Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins sem staðsett verður á þriðju og fjórðu hæð. Þar verður leigð út aðstaða fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem starfa að nýsköpun, rannsóknum og öðru frumkvöðlastarfi.

Með leigu á Morgunblaðshúsinu verður háskólinn með húsnæði á þremur stöðum, en hann hefur fyrir aðsetur í Ofanleiti og að Höfðabakka.

Í haust verða nemendur Háskólans í Reykjavík um 2.800 og gert er ráð fyrir að þeir verði orðnir um 3.500 haustið 2009 þegar skólinn flytur starfsemi sína í nýtt húsnæði við rætur Öskjuhlíðar í Vatnsmýrinni. - sþs



**MORGUNBLAÐSHÚSIÐ VIÐ KRINGLUNA** Í húsnæðinu verður meðal annars Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, þar sem leigð verður út aðstaða fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem starfa að nýsköpun, rannsóknum og öðru frumkvöðlastarfi.

Lögregla rannsakar neyðarkall:

# Leit hætt að kajakræðara

**LÖGREGLUMÁL** Hátt í fimmtíu björgunarsveitarmenn leituðu að kajakræðara út af Seyðisfirði í fyrradag án árangurs, í kjölfar neyðarkalls á ensku í talstöð.

Ísraelsk kona sem rær kajak í kringum landið kom í leitirnar, en hún sagðist ekki hafa kallað eftir hjálp. GPS-tæki hennar hefur verið skoðað og ferðalag hennar kortlagt. Lögreglan í Fjarðabyggð telur engan týndan eða í hættu staddan, þrátt fyrir að ekki sé vitað hver sendi neyðarkallið.

Lögreglan lítur ekki á málið sem gabbútkall, en fær upptökuna með neyðarkallinu ekki í hendurnar fyrr en í fyrsta lagi í dag. -sgj




Vertu á hellu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR
MasterCard Staðgreiðslu lán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði




**VIRÐIR FYRIR SÉR HAUSKÚPUR** Safngestur skoðar minjar á safni í Phnom Penh sem reist var til minningar um þjóðarmorð Rauðu kmeranna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðlegur dómstóll tekur til starfa í Kambódíu:

# Undirbýr réttarhöld vegna þjóðarmorðs

**PHNOM PENH, AP** Dómarar og saksóknarar frá Kambódíu og fleiri löndum sóru í gær embættiseið þegar sérstakur dómstóll yfir fyrrverandi leiðtogum Rauðu kmeranna tók til starfa í Phnom Penh, höfuðborg Kambódíu.

Ekki er þó reiknað með að sjálf réttarhöldin hefjist fyrr en í byrjun næsta árs, en það hefur dregist árum og jafnvel áratugum saman að ýta þeim úr höfn vegna margvíslegra deilna um formið á réttarhöldunum, staðsetningu þeirra og hvaðan dómararnir eigi að koma.

Nuon Chea, einn af leiðtogum Rauðu kmeranna og helsti hugmyndafræðingur þeirra, sagðist í gær ekkert hafa á móti því að mæta til réttarhaldanna. Hann býr í bænum Pailin ásamt fleiri af leiðtogum Rauðu kmeranna.

„Ég fer með ánægju til þess að fólkið í landinu mínu og í öðrum löndum fái að vita sannleikann um það sem gerðist. Ég mun svara öllu sem þau spyrja um," sagði hann í viðtali við AP fréttastofuna.

„Ég ber ábyrgð á því sem gerðist, ekki á drápunum heldur fyrir að hafa ekki getað verndað þjóð mína," sagði hann.

Kommúnistastjórn Rauðu kmeranna var við völd árin 1975 til 1979 og kostaði valdatíð þeirra milljónir manna lífið. - gb


LYFJA
- Lífið heil

„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin"





PGX - Drykkjarblanda
Bylting í þyngdarstjórnun.
Misstu fituna - ekki vöðvamassa eða vökva.



TREK hráfæðis próteinbar
Náttúruleg orka, tilvalið í nestispokann,
engin aukaefni og enginn viðbættur sykur.



Acidophilus
Mjólkursýrugerlar fyrir börn og fullorðna.
Fyrir heilbrigða meltingu, ekki síst
á ferðalögum erlendis.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási




# TM Software á
# afmæli í dag!

**TM Software** var stofnað 4. júlí 1986 og fagnar því 20 ára afmæli í dag. Á þessum árum hefur íslenskt atvinnulíf tekið miklum stakkaskiptum.

Við hjá TM Software höfum verið svo heppin að taka þátt í þeim framförum sem hafa átt sér stað á öllum sviðum atvinnulífsins. Það eru spennandi tímar framundan og við hlökkum til áframhaldandi verkefna og uppbyggingar með öðrum framsæknum fyrirtækjum. Við þökkum viðskiptavinum, samstarfsaðilum og starfsfólki ánægjulega samfylgd undanfarna tvo áratugi. Við ætlum áfram að vera í fararbroddi, skapa góð störf fyrir vel menntaða og metnaðarfulla einstaklinga og bjóða viðskiptavinum okkar bestu lausnir og þjónustu sem völ er á.

**TM Software** er eitt af framsæknustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið starfrækir starfsstöðvar í 11 löndum og eru starfsmenn um 450 talsins. TM Software þjónar rúmlega 1.800 viðskiptavinum í fjórum heimsálfum. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun og rekstur hugbúnaðar og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við virtustu upplýsingatæknifyrirtæki heims.

MIXA · fít · 60370

**TM Software** Holtasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 **www.t.is**



**REYKHÁFUR HRYNUR** Þessi reykháfur í Tacoma í Washington, Bandaríkjunum, var sprengdur niður um helgina. Reykháfurinn var í eigu Kaiser álfyrirtækisins, sem hefur lokað verksmiðjum sínum þar í bæ. Reykháfurinn var 150 metra hár, eða um það bil helmingi hærri en Hallgrímskirkja í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landlæknir Bandaríkjanna segir skaðsemi óbeinna reykinga vanmetna:

# Allur reykur eitrar frá sér

**BANDARÍKIN, AP** Landlæknir Bandaríkjanna hefur kunngjört að óbeinar reykingar geti aldrei talist hættulausar. Aðskilin rými og reykingaherbergi í byggingum séu því skaðleg reyklausum einstaklingum. Einungis rými og byggingar sem eru reyklausar með öllu geti verndað fólk fyrir hættunni sem stafar af óbeinum reykingum.

Tugþúsundir manna deyja fyrr en ella vegna óbeinna reykinga. Landlækninum, Richard Carmona, er sérstaklega annt um heilsu barna og ungmenna sem eiga foreldra sem reykja, enda neyðast mörg þeirra til að anda að sér óhreinu lofti innan veggja heimilanna. Fimmta hvert barn býr við óbeinar reykingar, sem eykur hættuna á ungbarnadauða, lungnabólgu, eyrnasýkingum og astma.

„Umræðunni er lokið, vísindin eru greinargóð: óbeinar reykingar eru ekki einungis til skapraunar, þær eru alvarlegt heilbrigðisvandamál," segir læknirinn og hvetur foreldra eindregið til að reykja alls ekki í návist barna sinna.

Lög um reykingar á almannafæri eru nú í endurskoðun í fjölmörgum ríkjum Bandaríkjanna. - kóþ



**KOSS DAUÐANS** Kínverskur reykingamaður sýgur hér reykinn ljúfa. Dauðinn horfir á. NORDICPHOTOS/AFP

Mistök hjá Vinnuskólanum:

## Segir launin verða leiðrétt

**VINNUSKÓLINN** Móðir starfsmanns í Vinnuskóla Reykjavíkur hafði samband við blaðið og lýsti yfir óánægju sinni vegna þess að starfsmenn skólans fengu greidd laun samkvæmt kjarasamningi síðasta árs og þau hafa ekki enn verið leiðrétt. Hún vill fá að vita hvort að unglingarnir fái greidda vexti á launin.

Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans, segir að skólinn geti ekki borgað vexti og að sama skapi verði ekki hægt að leiðrétta launin fyrr en um næstu mánaðamót. Hún bendir á að allar upplýsingar séu að finna á heimasíðu skólans, www.vinnuskoli.is. - gbg

Finnar taka við forystu ESB:

## ESB ber að líta til norðursins

**FINNLAND, AP** Finnar hvetja nú aðildarlönd Evrópusambandsins til að standa við gefin loforð og sinna Norðurlöndunum og Rússlandi betur en þau hafa hingað til gert.



**MATTI VANHANEN**

Finnar tóku við forystuhlutverki innan ESB á föstudag og hafa margir notað tækifærið og bent á að ESB beri að eyða meira fé og tíma í að hlúa að umhverfisvernd, orkumálum og heilbrigðisvandamálum eins og eyðni í þessum hluta heims.

Matti Vanahanen, forsætisráðherra Finnlands, sagði nauðsynlegt að styrkja tengslin við Rússland, sérstaklega vegna gasframleiðslunnar þar í landi, en sem kunnugt er eru fáar orkuauðlindir til staðar í flestum löndum Vestur-Evrópu. - smk

### TAÍVAN

**Þýskur dópsali líklega mannræningi** Yfirvöld í Taívan og Þýskalandi telja lað 47 ára gamall Þjóðverji, sem situr í fangelsi í Taívan fyrir eiturlyfjasölu, sé sem leitað hefur verið í Þýskalandi í 25 ár fyrir rán á ellefu ára telpu og fyrir að hafa banað henni af misgáningi. Verið er að bera saman DNA sýni úr honum og þau sem fundust á vettvangi fyrir aldarfjórðungi.

# Sumarhús landsins fleiri en tíu þúsund

**Um tvö þúsund bústaðir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjölgunin var mest árið 2000. Mikilvægt er að huga að samgöngum þar sem bústaðirnir eru flestir.**

**SUMARBÚSTAÐIR** Sumarbústöðum hefur fjölgað mikið í landinu á undanförnum árum eða um 2.800 síðan árið 1997. Mest fjölgaði bústöðunum árið 2000 eða um 562 en í fyrra var einnig mikil fjölgun þegar tæplega 500 bústaðir voru byggðir. Þessar tölur koma fram í fyrirspurn á Alþingi en þær eru fengnar frá Fasteignamati ríkisins.

**FJÖLGUN BÚSTAÐA Á MILLI ÁRA:**

| ÁR | | SAMTALS |
|---|---|---|
| 1997 | | 7.617 |
| 1998: | *344* | 7.961 |
| 1999: | *262* | 8.223 |
| 2000: | *562* | 8.785 |
| 2001: | *186* | 8.971 |
| 2002: | *240* | 9.211 |
| 2003: | *250* | 9.461 |
| 2004: | *350* | 9.811 |
| 2005: | *494* | 10.305 |
| 2006*: | *113* | 10.418 |

* Miðað við 3. apríl 2006.

Flestir bústaðirnir eru í Grímsnes- og Grafningshreppi en þar eru þeir tæplega tvö þúsund. Yfir 1.500 bústaðir eru í Bláskógabyggð en það er sameinað sveitarfélag Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps. Tæplega níu hundruð sumarbústaðir eru í Borgarbyggð, sameinuðu sveitarfélagi Hraunhrepps, Borgarnesbæjar, Norðurárdalshrepps og Stafholtstungnahrepps.



**SUMARHÚSABYGGÐ** Sumarbústöðum hefur fjölgað um 2.800 síðan árið 1997. Mest var fjölgunin árið 2000 en þá voru byggðir 562 sumarbústaðir hérlendis.

Þrátt fyrir að þetta séu stærstu svæðin þá eru einnig nokkur hundruð bústaðir í Mosfellsbæ, Kjósarhreppi, Skorradalshreppi, Rangárþingi eystra og ytra og Borgarfjarðarsveit. Á öðrum stöðum landsins eru aðeins nokkrir tugir bústaða.

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði fram fyrirspurn um fjölda sumarbústaða á Alþingi í vetur. Björgvin segist hafa haft tvennt í huga varðandi fjölda sumarbústaða, annars vegar atvinnusóknarfæri á þeim svæðum þar þeir eru flestir og hins vegar samgöngumál á þessum svæðum.

Björgvin ásamt fleiri þingmönnum hefur lagt fram tillögu á Alþingi um breikkun Suðurlandsvegar en umferðin um veginn hefur aukist mikið síðastliðin ár. gudrun@frettabladid.is



**LANDSMÓTIÐ** Lögreglumenn höfðu í nógu að snúast á Landsmóti hestamanna. Ölvun var mikil og margvísleg mál komu upp.

Lögreglan á Sauðárkróki:

## Fjórir kærðu líkamsárás

**LÖGREGLA** Mikill erill var hjá lögreglunni á Sauðárkróki um helgina. Að sögn lögreglu var mikið um ölvun á Landsmóti hestamanna aðfaranótt sunnudags. Þá komu upp fjögur fíkniefnamál og fjórar líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglu.

Þrettán ökumenn voru stöðvaðir í umdæmi lögreglunnar vegna ölvunaraksturs og rúmlega þrjátíu voru sektaðir vegna hraðaksturs, þar af einn átján ára sem ók á 144 kílómetra hraða.- æþe

### SLÖKKVILIÐ

**Gleymdi pottinum** Eldur kom upp í potti á heimili við Hvassaleiti í gær. Þegar slökkviliðsmenn bar að garði var húsráðandi búinn að ráða niðurlögum eldsins og því þurfti slökkvilið aðeins að reykræsta.



120 1886 2006




# Við bjóðum þér á fund við Kjarval

Landsbankinn fagnar 120 ára afmæli um þessar mundir. Af því tilefni höfum við opnað sýninguna „Kraftur heillar þjóðar“ þar sem gefur að líta hið einstaka safn af verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem bankinn hefur eignast í gegnum tíðina. Einnig höfum við opnað myndlistarvef á landsbanki.is þar sem verk Kjarvals og umfjöllun um þau er að finna.

**Verið velkomin á fund við meistara Kjarval í Gerðarsafni í Kópavogi.**

Boðið verður reglulega upp á leiðsögn listfræðinga um sýninguna. Guðbjörg Kristjánsdóttir byrjar og fræðir áhugasama um verk Kjarvals næstkomandi sunnudag, 9. júlí kl. 15.00.

*Ókeypis aðgangur. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.*
*Sýningin stendur til loka júlímánaðar.*

LISTASAFN KÓPAVOGS
GERÐARSAFN

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár



**VILJA SLÆÐUSKYLDU** Um 200 pakistanskar konur kröfðust þess í gær í Islamabad, höfuðborg Pakistans, að kvenkyns nemendum í pakistönskum skólum verði gert skylt að bera slæðu að hætti múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greiningardeildir bankanna spá fyrir um afleiðingar eigin gerða:

# Minna úrval fasteignalána

**FASTEIGNIR** Björn Þorri Viktorsson formaður félags fasteignasala segir að einn þriðji hluti íbúðakaupenda hafi tekið níutíu prósent lán hjá Íbúðalánasjóði áður en bankarnir komu á húsnæðislánamarkaðinn. „Eftir að hætt var að veita níutíu prósent lán hafa bankar hækkað vexti sína og fasteignaverð hefur hækkað verulega og þetta gerir kaupendum erfiðara fyrir.“



**BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON**

Björn Þorri segir að þegar greiningardeildir bankanna spái fyrir um verðlækkun íbúðaverðs séu þeir í raun að spá fyrir um afleiðingar eigin gerða, sem séu að lækka lánshlutfall til húsnæðiskaupa og hækka vexti.

„Það sem gerir Ísland sérstakt er að hér búa um áttatíu prósent landsmanna í eigin húsnæði en þetta hlutfall er með því allra hæsta sem þekkist í heiminum.“ Björn Þorri segir það einnig vekja athygli að erlendir sérfræðingar hafi nú skyndilega fengið áhuga á Íbúðalánasjóði á sama tíma og bankarnir vilji Íbúðalánasjóð af markaðnum. „Þannig hefur matsfyrirtækið Marrill Lynch haldið uppi þeim rökum að ekki sé þörf fyrir opinberan húsnæðissjóð vegna þess hve margir á Íslandi eigi sitt eigið húsnæði. Staðreyndin er hins vegar sú að það er fyrir tilstilli Íbúðalánasjóðs að svo margir hafa getað keypt eigið húsnæði.“

Björn Þorri segir að víða erlendis sé hægt að fá hundrað prósent lán sem til skamms tíma voru í boði hérlendis í gegnum byggingarsjóð verkamanna. „Engin slík lán eru í boði núna sem hefur bein áhrif á kaupgetu fólks og veldur verðlækkun á fasteignamarkaði.“ **-hs**

Skotárás í Svíþjóð:

## Maður gekk berserksgang

**SVÍÞJÓÐ, AP** Ungur maður gekk berserksgang á götu í Täby norðan við Stokkhólm í Svíþjóð, snemma á sunnudag, og skaut með sjálfvirkri byssu á allt sem fyrir varð með þeim afleiðingum að ung stúlka særðist á fæti.

Maðurinn, sem var íklæddur búningi í felulitum, hljóp svo á brott en fannst síðar látinn í lyftu í fjölbýlishúsi. Þykir ljóst að hann hafi tekið líf sitt.

Síðar kom í ljós að hann var liðsmaður sænska heimavarnarliðsins.

Stúlkan er ekki illa slösuð, að sögn talsmanns lögreglunnar. **- smk**

Bifhjólaslys á Akranesi:

## Snarhemlaði án ástæðu

**BIFHJÓLASLYS** Ungur maður um tvítugt, missti stjórn á bifhjóli sínu er hann ók Kirkjubrautina í Akranesbæ síðdegis í gær.

Maðurinn snarhemlaði skyndilega, að ástæðulausu, að sögn vitna. Að sögn lögreglu var maðurinn illa búinn, með hjálm og hanska úr leðri en ekki í hlífðarbúnaði. Bremsuför hjólsins voru tæplega sautján metrar. Hjólið er lítið skemmt, en maðurinn var fluttur til Reykjavíkur til frekari aðhlynningar. **- æþe**

**BRETLAND**

**Nýjar vísbendingar** Breska lögreglan segir að nýleg handtaka grunaðs manns í Marokkó geti leitt til mikilvægra nýrra vísbendinga í leitinni að milljónum sem stolið var í stærsta bankaráni Bretlands í febrúar. Málið er enn óupplýst og er meginþorra þeirra 53 milljón punda sem rænt var enn saknað.

Fyrsta járnbrautarlestin til Tíbets hefur göngu sína:

# Umdeild samgöngubót fyrir Kínverja

**LHASA, AP** Um síðustu helgi opnuðu Kínverjar nýja járnbrautarleið til Tíbets. Kínverjar eru afar stoltir af þessu afreki sínu, en lagning járnbrautarlestar til Tíbets hefur einnig sætt harðri gagnrýni.

Lestin fer hærra en nokkur önnur járnbrautarlest á jörðinni og kemst hæst þegar hún fer í 5.072 metra hæð yfir Tanggula skarð. Lestarvagnarnir eru sérstaklega útbúnir fyrir þessa miklu hæð og þykja verkfræðilegt afrek út af fyrir sig.

Margir farþegar voru lengi dags að venjast hæðinni og þurftu að anda að sér súrefni úr þar til gerðum rörum þegar lestin fór hvað hæst. Sumir farþegar köstuðu upp, aðrir fengu höfuðverk.



**FYLGST MEÐ FYRSTU LESTARFERÐINNI** Nokkur börn í Tíbet fylgdust með fyrstu lestinni renna frá járnbrautarstöðinni í Lhasa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínversk stjórnvöld segja lestarsamgöngur til Tíbets mikilvægar til þess að efla hagsæld Tíbetbúa og tengja landið betur við aðra hluta Kína. Gagnrýnendur óttast hins vegar að með lestinni berist straumur kínverskra innflytjenda til Tíbets, sem geti stefnt bæði einstæðri menningu Tíbetbúa og viðkvæmu vistkerfi Tíbets í voða.

Járnbrautarleiðin, sem opnuð var 1. júlí, er rúmlega þúsund kílómetra löng og liggur frá borginni Golmud í Qinghai-héraði í Kína til Lhasa, höfuðborgar Tíbets. Leiðin frá Peking, höfuðborgar Kína, til Lhasa með járnbrautarlest tekur tvo sólarhringa.

Gríðarlega mikið hefur verið fjallað um lestina í fjölmiðlum í Kína og sáust meðal annars myndir af Hu Jintao forseta óska verkamönnum, sem lögðu járnbrautina, til hamingju með afrekið.

Kínversk stjórnvöld hafa látið sig dreyma um lestarsamgöngur til Tíbet áratugum saman, en vinna við hana hófst ekki fyrir alvöru fyrr en árið 2001.

Kínversk stjórnvöld hertóku Tíbet árið 1950 og halda því fram að Tíbet hafi tilheyrt Kína öldum saman þrátt fyrir að Tíbet hafi í raun verið sjálfstætt svæði mestan hluta þess tíma. Stór hluti Tíbeta hefur aldrei sætt sig við kínversku yfirráðin. **- gb**



Nettengdum heimilum fjölgar um fjórðung:

# 90 prósent nota netið

**TÆKNI** Tæplega níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum sextán til 74 ára nota tölvu og internet. Flestir þeirra nota internetið næstum því daglega. Þetta kemur fram í niðurstöðuhefti Hagstofu Íslands um notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti.

Nettengdum heimilum sem nota hraðvirkar internettengingar hefur fjölgað úr 26 prósentum árið 2002 í 85 prósent árið 2006.

Einstaklingum sem hafa keypt vörur og þjónustu um internet er að fjölga og voru 31 prósent þegar könnunin var gerð í mars. Algengast er að fólk panti ferðir, gistingu eða annað ferðatengt. - sdg



**INTERNETNOTKUN Á HEIMILINU** Tæplega þriðjungur Íslendinga kaupir vörur og þjónustu um internetið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Vætutíð á suðvesturhorninu hefur sín áhrif:

# Frjókornin hafa ekki náð sér á strik

**HEILBRIGÐISMÁL** „Magn frjókorna í lofti er háð veðri en þar sem votviðrasamt hefur verið á suðvesturhorninu hafa þau ekki náð sér á strik,“ segir Margrét Halldórsdóttir, sem annast frjókornamælingar hjá Náttúrufræðistofnun. Hún segir enn lítið af súru- og grasfrjókornum en grasfrjó eru algengasti ofnæmisvaldurinn ásamt birkifrjókornum. Frjókornamælingar eru gerðar í Reykjavík og á Akureyri og upplýsingarnar settar inn á netið einu sinni í viku.



**FRJÓOFNÆMI**

Dóra Lúðvíksdóttir, sérfræðingur í ofnæmis- og lungnalækningum, segir einkenni frjókornaofnæmis vera kláða og roða í augum, nefrennsli eða stíflu í nefi. Dóra segir að ákjósanlegt væri að fá upplýsingar um frjókorn víðar af landinu og best væri ef upplýsingarnar væru uppfærðar daglega.

„Þeir sem þjást af frjókornaofnæmi ættu að forðast tjaldútilegur og þá staði þar sem graslendi er mikið í júlí en ákjósanlegasti staðurinn er hins vegar við ströndina.“ Dóra segir að þeir sem þjást af ofnæmi ættu að taka ofnæmistöflur, bólgueyðandi nefúða og jafnvel augndropa til að halda einkennunum niðri. -hs





PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair geta nú nýtt **10.000 Vildarpunkta sem 5.500 kr. greiðslu** upp í hvaða flugfargjald sem er með áætlunarflugi Icelandair, fyrir hvern sem er og ferðast hvenær sem er.

\+ Nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is

VISA | Vildarklúbbur

* Gildir til 11. ágúst 2006.



VERÐTRYGGÐUR

**BÚSTÓLPI**

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu og 3,9% raunvexti.

| Verðbólga | Nafnvextir |
|---|---|
| 7,5% | **11,7%** |
| 7,0% | **11,2%** |
| 6,5% | **10,7%** |
| 6,0% | **10,1%** |

**KOSTABÓK**

Allt að

10,9%

stighækkandi vextir eftir **lengd** binditíma.

**MARKAÐSREIKNINGUR**

Allt að

10,9%

stighækkandi vextir eftir **upphæð** innstæðu.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun. Hver innborgun er bundin í 48 mánuði.

Kostabók KB banka hentar vel fyrir lægri upphæðir og reglubundinn sparnað. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

Markaðsreikningur hentar vel fyrir hærri innstæður. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

Kynntu þér úrval góðra sparnaðarleiða í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is. Hægt er að stofna sparireikninga í KB Netbanka.

KB BANKI

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 7,6%. Vextir miðast við vaxtatöflu frá 1. júní 2006. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

## Svona erum við

> Hlutfall endursýninga í Ríkissjónvarpinu




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

# *Mikill undirbúningur nauðsynlegur*

Mikið hefur verið rætt um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Samkvæmt esb.is þurfa þau ríki sem vilja sækja um aðild að ESB að uppfylla þrjú skilyrði, sem ákveðin voru á leiðtogafundi í Kaupmannahöfn árið 1993. Í fyrsta lagi þarf ríkið að hafa stöðugt stjórnarfar og stofnanir sem tryggja lýðræði, réttarríki og virðingu fyrir réttindum minnihlutahópa. Í öðru lagi þarf að vera til staðar virkt markaðshagkerfi sem getur tekist á við þá samkeppni sem fylgir þátttöku á innri markaði ESB. Að lokum þarf næga getu ríkisins til að taka yfir lagagerðir ESB og að það sé í stakk búið til að taka þátt í framtíðarþróun sambandsins um pólitíska og efnahagslega samþættingu.

Á leiðtogafundi ESB í Brussel árið 2002 var ákveðið að tíu lönd, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía,



Slóvenía, Malta og Kýpur, gætu orðið meðlimir frá og með árinu 2004, enda uppfylltu þau þessi skilyrði. Meginreglan er sú að nýtt aðildarríki verður að vera tilbúið til að gangast undir skuldbindingar sambandsins og valdsvið frá fyrsta degi, með sem fæstum undanþágum og bráðabirgðareglum.

Þrjátíu prósent af fjárframlögum ESB til styrktar undirbúnings aðildar fer annars vegar í að byggja upp stofnanir sambandsins og hins vegar í að aðstoða fólk á öllum stjórnsýslustigum við að kynna sér lög, reglur og ferli innan sambandsins. Hin sjötíu prósentin fara í að stuðla að þeim breytingum á efnahagi, iðnaði og innviðum samfélagsins til að koma því á sama stig og hjá ESB. Sérstök áhersla er lögð á umhverfis- og samgöngumál, iðnað og gæðaeftirlit með vörum.

Evrópusambandið tekur mikinn þátt í undirbúningi aðildar, en aðrar stofnanir, til dæmis Alþjóðabankinn, Evrópuráðið, EFTA og Norðurlandaráðið, taka einnig stóran þátt í starfinu.

## SPURT & SVARAÐ
**FERÐAMÁLASTOFA**

### *Ferðamönnum fjölgar*



MAGNÚS ODDSSON

Ferðamálastofa birti nýlega tölur um fjölda erlendra ferðamanna hingað til lands en 104.500 ferðamenn hafa komið frá áramótum en það er 7,6 prósenta aukning frá því í fyrra. Í maí heimsóttu 31.000 erlendir freðamenn landið og voru flestir þeirra frá Bandaríkjunum en aukningin nemur 12,5 prósentum. Magnús Oddsson ferðamálastjóri er til svara.

**Hvað gerir Ferðamálastofa?** Hún er með þríþætt hlutverk. Í fyrsta lagi hefur hún stjórnsýsluhlutverk, sér um leyfismál gagnvart útgáfu á leyfum frá leyfishöfum vegna ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda og einnig sér hún um skráningu á upplýsingamiðstöðvum og bókunarmiðstöðvum. Hún sér um framkvæmd markaðs- og kynningarmála fyrir almenna landkynningu innan lands og utan og til þess er hún með fimm skrifstofur víðsvegar um heiminn. -

**Helstu markmiðin?** Markmiðin eru að sjálfsögðu þau að ná hingað sem mestum gjaldeyristekjum vegna erlendra gesta og gestirnir, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, fari ánægðir og séu sáttir við þau gæði sem þeir fá á ferðum sínum um landið.

**Hver er lykillinn að fjölgun ferðamanna?** Hann er mjög margþættur, það er aukið framboð sem alltaf skilar sér í auknu umfangi, það er aukið framboð bæði á sætum til og frá landinu og eins á gisiþáttunum. Einnig hefur geysilega mikil áhersla verið lögð á kynningu allt árið um kring og svo er líka aukið vöruframboð og gæðin á þeirri vöru sem að við erum að bjóða gestunum.

# Dregur úr mansali á Íslandi

**Lögfræðingur Alþjóðahúss ætlar að senda bréf til Bandaríska sendiráðsins á Íslandi til að kvarta yfir slælegum vinnubrögðum við gerð skýrslu um mansal á Íslandi þar sem vitnað er ranglega í hana.**



**FÓRNARLÖMB EÐA EKKI** Venjulegar stelpur alls staðar að úr heiminum leiðast út í kynlífsiðnaðinn á hverjum degi. Fórnarlömbin? Eru það karlarnir sem láta plata sig upp úr skónum án þess að fá neitt í staðinn eða eru þær kannski fórnarlömbin? Stúlkurnar á þessari mynd starfa eða hafa starfað á Goldfinger en tengjast efni greinarinnar að öðru leyti ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**ALÞJÓÐAHÚSIÐ** Lögfræðingur Alþjóðahússins telur rangt eftir sér haft í bandarísku skýrslunni og ætlar að senda bréf til að lýsa óánægju sinni.

Skýrsla bandaríska sendiráðsins um mansal og vændi hér á landi sýnir að þetta vandamál virðist fara minnkandi og að hinn pólitíski vilji til að taka á vandanum hafi minnkað. Í skýrslunni segir að dóms- og kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, hafi síðustu mánuði talið möguleikann á því vera lítinn að hópar, sem eru veikir fyrir eins og til dæmis fólk sem kemur hingað til að afla fjár og starfsmenn í kynlífsiðnaði, geti orðið fyrir misnotkun á Íslandi.

Björn segir að enginn frá bandaríska sendiráðinu hafi rætt við sig og hann hafi ekki séð skýrsluna. Hann telur um misskilning að ræða. „Ég veit ekki hvaðan sendiráðið hefur þessar röngu upplýsingar um afstöðu mína. Þær stangast á við orð, sem ég hef látið falla, til dæmis í umræðum á þingi um greiningardeild lögreglunnar og hlutverk hennar í baráttu gegn mansali og annarri skipulagðri glæpastarfsemi. Þá flutti ég á þingi síðasta vetur frumvarp til laga um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.“

### Minna vandamál en áður

Bandaríska sendiráðið segist í skýrslunni taka eftir tveimur breytingum á þessu ári. Í fyrsta lagi sé mansal minna vandamál en áður. Það geti verið vegna þess að almenningur beini sjónum sínum að öðrum félagslegum vandamálum, til dæmis sifjaspelli. Í öðru lagi hafi fjölmiðlar fjallað um tilfelli þar sem lítill hluti neðanjarðarhagkerfisins hneppi erlenda starfsmenn í aðstæður þar sem þeir fá minna greitt en Íslendingar og búa við verri aðstæður. Þar sé þó ekki endilega um nútíma þrælahald að ræða.

Í skýrslunni segir að Ísland sé fyrst og fremst viðkomustaður. Hópur erlendra kvenna búi í sumum tilvikum nánast við þrælahald. Vitnað er í Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing Alþjóðahússins, og haft eftir henni að nokkur tilvik komi upp árlega, oftast þar sem „sérlega fallegar,“ rússneskar eða baltneskar konur á þrítugsaldri hafi komið hingað til lands með mönnum á sextugsaldri. Þessar konur vinni langan vinnudag og eiginmennirnir taki launin þeirra, sumir karlanna selji líka líkama þeirra.

Margrét kveðst hafa haft spurnir af tveimur tilvikum þar sem íslenskir karlar selji aðgang að líkama erlendra eiginkvenna sinna en að öðru leyti sé rangt eftir henni haft. „Þetta er tekið úr samhengi, rangfært og skellt svona upp. Það er bara eins og DV hafi sett þetta fram,“ segir Margrét.

### Sendir bréf til sendiráðsins

Margrét hefur spjallað áður við starfsmenn Bandaríska sendiráðsins vegna svipaðrar skýrslugerðar og segir venjuna þá að gera opinbera og óopinbera skýrslu. Óopinbera skýrslan hafi verið ítarlegri en sú opinbera en allur frágangur opinberu skýrslunnar nú sé annar en hafi verið. Hún ætlar að senda bréf til sendiráðsins til að lýsa yfir óánægju sinni með þessi vinnubrögð.

Vændi á sér stað í gegnum stefnumótavefinn einkamál.is og er haft eftir starfsmanni hans að stöðva þurfi um eitt prósent notendanna. Þá neitar Ásgeir Davíðsson, eigandi Goldfinger í Kópavogi, því að ólögleg starfsemi eigi sér stað á skemmtistaðnum. Hann bendir á að vændi og mansal eigi sér stað um allan heim en telur að vændi hafi aukist ef eitthvað er á Íslandi og karlarnir séu stundum fórnarlömbin því að stúlkurnar plati þá upp úr skónum og þeir fái ekkert í staðinn.

Guðrún Ögmundsdóttir alþingiskona fagnar umræðu um vændi og mansal. Þegar súlustaðirnir voru lokaðir hér um árið telur Guðrún að blað hafi verið brotið því að þá hafi stúlkunum fækkað svo mikið. „Auðvitað eru sömu vandamálin hér eins og annars staðar í heiminum en við höfum líka meiri möguleika til að taka á þessum málum og vinna með þau en margar aðrar þjóðir. Þar gætum við verið framvarðarsveit.“



**LÖGLEG STARFSEMI** Ólögleg starfsemi á borð við vændi fer ekki fram á nektardansstaðnum Goldfinger í Kópavogi, að sögn Ásgeirs Davíðssonar eiganda.

**FAGNAR UMRÆÐUNNI** Guðrún Ögmundsdóttir þingkona fagnar umræðu um vændi og mansal og telur HM hafa haft góð áhrif með því að koma umræðu í gang hér á landi.



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is



# SUMARTILBOÐ!
## 25-30%
## AFSLÁTTUR!



# BAÐ
## INNRÉTTINGAR
## með BORÐPLÖTUM úr ekta marmara og granít

NÝTT!


East White


Imberial Brown


Moca Crema


Black Absalute


Blue Pearl


Black Galaxy

HVÍTTUÐ EIK stærðir frá 60 -120 sm


HLYNUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm


HNOTA á MDF stærðir frá 60 -120 sm


HVÍTUR FULNINGUR á MDF stærðir frá 60 -120 sm


KIRSUBERfulningur stærðir frá 60 -120 sm

**Seljum nokkrar sýningarinnréttingar á ótrúlegu verði!**

Fyrstur kemur fyrstur fær!

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.425 **-0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 151 **Velta:** 834 milljónir

| MESTA HÆKKUN | |
|---|---|
| Össur | +0,46% |
| Marel | +0,28% |

| MESTA LÆKKUN | |
|---|---|
| Straumur-Burðarás | -3,43% |
| FL Group | -2,34% |
| Dagsbrún | -1,90% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 -0,32% ... Alfesca 4,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Atorka 6,15 -0,81% ... Avion 32,20 -0,62% ... Bakkavör 44,80 -0,22% ... Dagsbrún 5,67 -1,90% ... FL Group 16,70 -2,34% ... Glitnir 17,50 -1,69% ... KB banki 740,00 +0,00% ... Landsbankinn 19,90 -1,49% ... Marel 70,80 +0,28% ... Mosaic Fashions 15,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,90 -3,43% ... Össur 109,00 +0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Stuðmaðurinn Bjarni

Jón Sigurðsson í Össuri, einn af farsælustu forstjórum landsins, fagnaði síðasta föstudag fimmtugsafmæli sínu með veislu á Kjarvalsstöðum. Til að halda uppi gleðinni var fengin til gleðisveitin Stuðmenn, með bæði Birgittu Haukdal og Stefán Karl Stefánsson leikara innanborðs. Þá tóku lagið valdir veislugestir. Þar þótti bera af Bjarni Ármannsson forstjóri Glitnis þegar hann tók hið þekkta Stuðmannalag um „Svarta Pétur," þann sem „ruddist inn í bankann, með byssuhólk í hvorri hönd." Segja kunnugir að lagið sé að verða nokkurs konar einkennislag Bjarna, sem þykir liðtækur söngvari, fyrir utan að kunna utanbókar velflest, ef ekki öll, lög Stuðmanna.



### Útlit fyrir fjölgun í Flórída

Kjósi danskir ellilífeyrisþegar að flytja vestur um haf til Bandaríkjanna geta þeir haft lífeyrisréttindi sín og peninga með sér samkvæmt nýju samkomulagi Danmerkur og Bandaríkjanna. Sama gildir svo um danska ríkisborgara sem búið hafa í Bandaríkjunum og áunnið sér rétt þar. „Við höfum gert samkomulag við fjölda landa um lífeyrisréttindi og eigum að sjálfsgöðu að koma því í kring hvað Bandaríkin varðar líka," hefur Børsen eftir Evu Kjer Hansen, félagsmálaráðherra Dana. Ekki er þró við því að búast að dönsk gamalmenni rjúki af stað „med det samme" því skrifa á undir samkomulagið í haust með það fyrir augum að það taki gildi á næsta ári.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greining Glitnis spáir því að Seðlbanki Íslands muni í þessari viku hækka stýrivexti sína um 0,50 til 0,75 prósent. Gangi spáin eftir verða stýrivextir á bilinu 12,75 til 13,00 prósent og þeir hæstu í yfir áratug.

Forseti Bandaríkjanna, George Bush, hefur skipað hagfræðiprófessorinn Frederic Mishkin, sem þekktur er hér á landi fyrir að hafa ritað jákvæða skýrslu um íslensk efnahagsmál, í stöðu eins af seðlabankastjórum Bandaríkjanna.

Í Vegvísi Landsbankans er sagt frá því að lækkanir einkenndu flesta hlutabréfamarkaði á öðrum fjórðungi ársins 2006. Fjórðungurinn var sá versti fyrir ICEX15 frá því á fjórða fjórðungi ársins 2004.

# Norkom valið í glæpaviðbúnað

Landsbanki Íslands, Glitnir og Sparisjóðirnir, ásamt Seðlabanka Íslands, hafa samið um not á sérhæfðum hugbúnaði Norkom Technologies til að bregðast við og verjast fjárplógsstarfsemi og peningaþvætti. Í tilkynningu sem Norkom sendi frá sér í gær segir að bankarnir séu með þessu einnig að bregðast við bæði lögbundnum ákvæðum og erlendum kröfum um ásættanlegar varnir.

Við val á hugbúnaðinum eru bankarnir sagðir hafa unnið með Reiknistofu bankanna, en eftirleiðis verður peningaþvættisvarnahugbúnaður Norkom látinn vaka yfir tölvukerfum þeirra með það fyrir augum að vinsa úr grunsamlegar færslur. **- óká**



**WWW.NORKOM.COM** Á vef Norkom Technologies er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins.

# Kaupgleði Breta eykst

Batnandi veður og aðdragandi heimsmeistarakeppninnar í fótbolta ýtti verulega undir smásöluverslun í Bretlandi í maímánuði. Þetta sýna nýjar tölur frá Samtökum breskra smásöluaðila, sem sagt er frá í frétt BBC-fréttastofunnar. Smásala jókst um 2,7 prósent milli ára, á tímabilinu mars til maí. Sala á stórum flatskjám jókst verulega í maí og greinilegt að margir ætluðu að eiga góðar stundir á leikjum heimsmeistarakeppninnar.

Sölutölurnar eru vafalítið bót í máli fyrir breska verslunareigendur sem hafa kvartað sáran yfir tómum húsakynnum sínum á meðan á leikjum heimsmeistarakeppninnar hefur staðið. **- hhs**

# Sameinast í Unity

Baugur Group, FL Group og fjárfestirinn Kevin Stanford hafa stofnað með sér fjárfestingafélagið Unity eins og greint var frá í fjölmiðlum fyrir helgi. Einkum verður horft til stöðutaka í breskum smásölufyrirtækjum en eigendur félagsins hafa lagt inn sem hlutafé hlutabréf í tískuverslunarkeðjunum French Connection og Moss Bros og verslunarkeðjunni Woolworths.

Eignarhlutur Baugs og FL Group verður hvor um sig 37,5 prósent en Stanford eignast fjórðungshlut. Talið er að fjárfestingargeta Unity verði um 140 milljarðar króna.

Ákveðið var að stofna Unity eftir vel heppnaða fjárfestingu fyrrgreindra hluthafa í bresku verslunarkeðjunni Marks & Spencer. **- eþa**

# HM eykur væntingar Þjóðverja

Væntingavísitala þýskra neytenda fyrir júlí hækkaði um 7,8 punkta frá júní. Þetta er langt umfram það sem menn höfðu búist við og er í beinum tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem nú fer fram í Þýskalandi, samkvæmt upplýsingum alþjóðlega markaðsrannsóknarfyrirtækisins Gfk. Vísitalan hefur ekki verið hærri í fimm ár.

Gfk segir niðurstöðuna ekki benda til aukinnar neyslu í Þýslaandi þrátt fyrir þessa jákvæðu niðurstöðu enda hækkar virðisaukaskattur í landinu um 3 prósentustig í janúar og halda Þjóðverjar því fast um budduna. **- jab**



**STUÐNINGSMENN BRASILÍU Á HM** Í Þýskalandi hefur væntingarvísitalan ekki mælst hærri í fimm ár.

# Hætt við skráningu Cyntellect á iSEC markaðinn

**Ekki tókst að safna nægu fjármagni fyrir hlutafjárútboð íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækisins Cyntellect og var umsókn um skráningu þess á iSEC markað Kauphallarinnar dregin til baka í gær. Forstjóri Kauphallarinnar segir ákvörðunina vonbrigði.**

„Það virðist ekki vera mikið til af peningum hér," segir Skúli Sveinsson, framkvæmdastjóri NordVest verðbréfa hf., sem sá um skráningu Cyntellect á iSEC markað Kauphallar Íslands. Markaðurinn er líkt og AIM markaðurinn í Lundúnum ætlaður fyrir minni og meðalstór fyrirtæki í örum vexti. Er oft um að ræða fyrsta skrefið að skráningu fyrirtækja á aðallista kauphallarinnar.

Áætlað var að safna tíu til tólf milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 756 til 900 milljóna króna, í hlutafjárútboði hjá íslenskum fagfjárfestum vegna skráningarinnar. Skúli segir það ekki hafa tekist. Einhverjum áskriftum að hlutafé hafði þó verið safnað og falla þær niður nú þegar ákveðið hefur verið að sækja ekki um skráningu á markaðinn. Skúli vildi hins vegar ekki gefa upp hversu miklu fjármagni hafi verið safnað.



**JIM LINTON MARKAÐSSTJÓRI CYNTELLECT Í KB BANKA** Stjórnendur íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækisins Cyntellect kynntu fyrirtækið fyrir fjárfestum í KB banka í síðasta mánuði. MYND/GVA

Skúli segir það hafa legið fyrir á föstudag í síðustu viku að hætta við skráningu. „Þetta eru vonbrigði," sagði Skúli og vísaði til þess að markaðsaðstæður hér á landi hefðu ráðið mestu um ákvörðunina.

Að sögn Skúla liggja vonbrigðin ekki síst í því að útboðsgengi Cyntellect hafi verið 2,25 Bandaríkjadalir, rúmar 170 krónur, á hlut, sem er lægra en verðmat bandaríska ráðgjafafyrirtækisins TSG Partners í New York á Cyntellect. Það hljóðaði upp á 3,41 dal, jafnvirði tæpra 256 króna, á hlut.

Þórður Frðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir ákvörðun Cyntellect vera vonbrigði. Hlutabréfamarkaðurinn hafi átt undir högg að sækja síðan um miðjan febrúar og hafi það bitnað á áformum fyrirtækja um skráningu í Kauphöllina.

Þórður bendir hins vegar á að mikil velta hafi verið á markaði það sem af sé árs og sé verðþróun mjög svipuð því sem hún hafi verið um áramótin. Hafi Kauphöllin átt í viðræðum við þrjú til fjögur fyrirtæki, erlend sem innlend, um skráningu á iSEC-markaðinn. „Við höldum okkar striki þrátt fyrir þetta enda held ég að markaðurinn gefi fyrirtækjum og fjárfestum ágæta möguleika," segir Þórður.

**jonab@frettabladid.is**

# Rússarnir losa um hömlurnar

Stjórnvöld í Rússlandi hafa tilkynnt að hömlum verði létt af rússnesku rúblunni og hún gerð að fullu skiptanleg. Undanfarin ár hefur hömlum á bönkum og viðskiptalífi í Rússlandi verið aflétt smátt og smátt. Í frétt á vefsíðu BBC segir frá því að Rússum leyfist nú að opna erlenda bankareikninga og erlendum fjárfestum verði gert hægara um vik á rússneska markaðnum. Fram að þessu hefur Rússum sem vildu leggja fé sitt inn á erlenda bankareikninga verið gert skylt að láta fjórðung upphæðarinnar inn á reikning í Seðlabanka Rússlands og erlendum fjárfestum gert að borga þóknun fyrir að flytja fé til landsins.



**RÚSSNESKAR RÚBLUR** Erlendir fjárfestar geta nú um frjálsara höfuð strokið í Rússlandi.

Fjármálaráðherra Rússlands, Alexei Kudrin, sagðist á föstudag vonast til þess að breytingin verði til þess að erlendar fjárfestingar muni aukast til muna. Ýmsir sérfræðingar hafa lýst yfir áhyggjum sínum yfir því að stóraukið innstreymi fjármagns auki hættuna á ofhitnun hagkerfisins auk þess að hætta sé á að talsvert fjármagn flæði úr landi með auknu frelsi rússneskra fjárfesta. **- hhs**






Finndu vellíðan streyma um þig með Omega 3 og 6
Flora viðbit inniheldur mikið af Omega 3 og 6 fitusýrum sem gera æðakerfinu gott
og eru þess vegna sjálfsagður hluti af hollu mataræði. Það er sama hvað þú tekur þér fyrir hendur:
Flora sér til þess að hjartanu líður vel.



# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Verðbólguhorfur:

## Trú, von og veruleiki

Sú var tíð í landinu að verðbólgan var eins konar skurðgoð. Trúin á mátt hennar og megin var vegvísir allra verka. Það var um flest ótraust leiðsögn. Engir þeirra sem ólust upp við efnahagsþref verðbólguáranna sakna þess tíma. Það sem meira er: Sú kynslóð sem nú vex úr grasi hefur sannarlega ekkert við það að gera að komast í kynni við vegvillur verðbólgutrúarbragðanna.

Þetta blað birti í gær könnun sem það lét gera til þess að sjá hver trú manna væri á verðbólguhorfur eins og sakir standa. Segja má að það eitt sé ógott að slík spurning skuli borin fram af tilefni.

Fram kom að þriðjungur landsmanna væntir þess að verðbólga hjaðni á næsta ári. Hitt er lakara að tveir þriðju hlutar trúa því að hún annaðhvort standi í stað eða aukist.

Vera má að könnun af þessu tagi segi ekki mikla sögu. En svörin eru eigi að síður leiðbeinandi um það hvernig fólk hugsar um þessi efni. Sú hugsun ein getur haft áhrif.

En vitneskja um þessa trú fólks ætti fyrst og fremst að skerpa almenna meðvitund um hversu mikið er hér í húfi. Í raun réttri er ekkert mikilvægara en að koma í veg fyrir að þetta hald manna verði að veruleika.

Samningar aðila vinnumarkaðarins á dögunum með aðild ríkisvaldsins hafa nokkurt gildi í þessu efni. Þeir þjóna þeim tilgangi helst að draga úr líkum á víxlhækkunum launa og verðlags.

Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstakt aðhald varðandi opinber íbúðalán og framkvæmdir á vegum ríkisins eru aukheldur þáttur í mikilvægri viðspyrnuviðleitni.

Trú almennings á stöðugleikann hefur hins vegar ekki verið endurvakin. Spurningin er hvort það mat er á rökum reist. Flest efnahagsleg kennimerki gefa til kynna að meira þurfi til.

Ríkisstjórnin hefur eðli máls samkvæmt ekki birt forsendur fyrir fjárlagatillögum næsta árs. En í fjárlögum þessa árs er gerð grein fyrir öllum lykilatriðum í þeim efnum fram til ársins 2009.

Þar kemur fram að við það er miðað að samneysla eigi að hámarki að vaxa að raungildi um 2 prósent árlega. Varðandi svokölluð tilfærslugjöld er hámarksvöxtur að sama skapi bundinn við 2,5 prósent.

Vel má vera að þessi ríflegu mörk um vöxt ríkisútgjaldanna í raunverulegum verðmætum á næstu árum hafi verið raunhæf miðað við þær horfur sem fyrir lágu þegar ákvörðun þar um var tekin.

En fram hjá því verður ekki litið að nú hafa aðstæður allar breyst. Það er vissulega þung þraut að lækka þessi vaxtarmörk. Sú glíma sýnist eigi að síður vera óhjákvæmileg.

Ábyrgð fjármálaráðherrans í þessum efnum er vitaskuld þyngst og mest. Gangi hann rösklega eftir lækkun á settum markmiðum um útgjaldaaukningu verður eftir því tekið. Skerist hins vegar einhverjir úr leik verður ekki síður til þess litið.

Ríkisstjórnin verður eðlilega vegin og metin á mælikvarða verðbólgunnar. Ráðherrarnir eiga því allir saman og hver um sig mikið undir því hvernig til tekst.

Hlutverk stjórnarandstöðunnar er samkvæmt hlutanna eðli nokkuð léttara. En eftir því verður einnig tekið hvoru megin hryggjar hún liggur þegar kemur að umræðu um raunverulegt aðhald í ríkisbúskapnum.

Stöðugleikinn getur haft gott hald í trú og von. En á endanum ræður veruleiki raunhæfra aðgerða mestu.

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ráðamenn við árbakkann**

Íslenskt samfélag tekur á sig nýja og rólegri ásýnd í júlí. Smám saman hverfur fólk í sumarfrí og vinnustaðir margir eru ansi tómlegir á þessum tíma árs. Í viðskiptalífinu hægir til að mynda mikið á og blaðamenn grípa oft í tómt þegar þeir ætla að ná í fólk. Í stað þess að sitja á skrifstofu standa við ár og veiða lax. Og tala saman, sagan segir að ýmis plott eigi rætur sínar að rekja til árbakka laxveiðiáa. Þegar hausta taki komi í ljós hverjir fóru saman og hvert og hvað var rætt á árbökkum þessa lands.



**Ráðherrar á landsmóti**

En það er á fleiri stöðum en við laxveiðiár sem eiga má von á að hitta fyrirmenni. Á hestamannamótinu á Vindheimamelum um helgina var margt um manninn sem kunnugt er. Og þar mátti sjá ýmsa þjóðkunna einstaklinga. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherravar til að mynda á ferð þar. Hún var ekki eini ráðherrann á mótinu að sjálfsögðu var Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra mættur til leiks. Kannski óþarfi að taka það fram.

**Kári í hrossarækt**

Finnur Ingólfsson fyrrverandi ráðherra var líka á mótinu enda mikill hestamaður. Þó var hann ekki jafn atkvæðamikill og Kári Stefánsson forstjóri deCode. Nokkrir hesta í hans eigu unnu til verðlauna á mótinu þannig að ljóst er að hann hefur ekki bara vit á erfðafræði mannsins. Í hrossarækt kann hann ýmislegt fyrir sér. Leikstjórinn góðkunni Baltasar Kormákur var svo auðvitað á svæðinu enda mikill hestamaður. Fjörið var mikið segja mótsgestir enda hestamenn þekktir fyrir að kunna að skemmta sér.



## Réttar skoðanir og rangar

Í DAG
SKOÐANAKÚGUN



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Moggi talar bara við fólk í umvöndunartón vegna þess að hann veit hvað er rétt og hvað er rangt. Sumum hrósar hann fyrst og tuktar svo...*

Í síðustu viku var viðtal við Ómar Ragnarsson, í þeim ágæta útvarpsþætti Samfélagið í nærmynd. Ómar, sem undanfarið hefur eytt öllum peningunum sínum í að afla og gefa út fróðleik um áhrif framkvæmdanna við Kárahnjúka á landið, sagði að enginn vildi bendla nafn sitt við þetta merka starf sem hann vinnur að í frítíma sínum. Menn eða fyrirtæki væru tilbúin að gera honum viðvik, hjálpa honum með eitt og annað, rukka lítið eða ekkert, en hann mætti alls ekki segja frá því.

Á tímum þegar „kostun“ kollríður öllu eru til verkefni sem enginn vill bendla sig við. Þetta væri ef til vill skiljanlegt ef Ómar drægi taum einhvers í þessum rannsóknum sínum en það er einmitt það sem hann leggur áherslu á að gera ekki. Samt vilja menn eða fyrirtæki ekki ljá honum lið opinberlega. Hvað er hér á seyði? Bendir þetta ekki til að það sé einhvers konar skoðanakúgun í gangi? Er hægt að kalla þetta eitthvað annað?

Í steinasafni Mogga mátti lesa á dögunum að stundum hefðu utanaðkomandi öfl reynt að „terrorisera“ blaðamenn á því víðlesna blaði. Moggi er að sjálfsögðu afskaplega hneykslaður á slíku framferði. Mér finnst að hann eigi að upplýsa við hvaða aðstæður þetta hafi verið gert, annað er hálfsannleikur.

Það hlýtur að hafa verið skrítin tilfinning fyrir Mogga að verða fyrir barðinu á svona aðferðum, því ekkert er jafn fjarri honum sjálfum en að beita slíkum vinnubrögðum. Moggi talar bara við fólk í umvöndunartón vegna þess að hann veit hvað er rétt og hvað er rangt. Sumum hrósar hann fyrst og tuktar svo, hann kallaði fyrrverandi þingmann umskipting um daginn. Mogga finnst þingmaðurinn fyrrverandi hafa verið prúður maður, þar til hann tók upp á því að gagnrýna skrif hans. Hvað á líka slíkt framferði að þýða?

Þetta á hins vegar auðvitað ekki að tala um núna vegna þess að búið er að ákveða að nóg sé komið af skítkasti. Því til áréttingar birtir Moggi meira að segja opnuviðtal við Ingibjörgu Sólrúnu, sem hingað til hefur ekki átt upp á pallborðið hjá blaðinu víðlesna. Óneitanlega veltir kona fyrir sér hvað veldur þessum sinnaskiptum Mogga og finnst það hallærisbrandari að reyna að útskýra þetta með því að hann sé kannski bara kominn út í móa.

Þó að hvorki ríkir menn né fátækir vilji bendla sig við Ómar Ragnarsson og fróðleik um þær breytingar á landinu okkar sem virkjanaframkvæmdirnar fyrir austan valda, þá eru ríkir menn tilbúnir að halda okkur hinum veislu með bravúr. Hátíðin í miðbæ höfuðborgarinnar sem haldin var í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans var flott. Skúffukaka og mjólk, magadans, tangó og breik. Svo voru allir hoppukastalar landsins saman komnir á einum stað. Krakkarnir fengu að hoppa og skoppa að vild - kostaði ekkert.

Tveggja barna móðir hafði orð á því að á sautjánda júní hefði þurft að borga í hoppukastalana. Af því að ég er svo gamaldags þá finnst mér það umhugsunarvert að þeir sem fengu Landsbankann á slikk geti boðið krökkunum í hoppukastala en þjóðin ekki. Kannski er þjóðin bara svona púkó en hinir smart. Ef svo er þá þarf þjóðin að hysja upp um sig, því það er ekkert sem segir að kona geti ekki verið smart þó að peningarnir velli ekki út úr eyrunum á henni.

Cato gamli endaði allar ræður sínar á því að leggja til að Karþagó yrði lögð í eyði. Auk þess legg ég til, sagði hann, Ceterum censeo Carthaginem esse delendam. Framvegis ætla ég að herma eftir Cato gamla í þessum pistlum mínum. Mín setning verður svona: Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## EINFALT OG ÓDÝRT ÞOLPRÓF

Agnar Steinarsson líffræðingur hefur þróað einfalda aðferð til að mæla hlaupagetu íþróttamanna.

HEILSA 2



## BRJÓSTASTÆKKUN OG BÆTT SJÁLFSMYND

Björn Harðarson sálfræðingur skrifar um útlitsröskun.

HEILSA 2



## ALLT HITT

**[ HEILSA ]**

**Ný** reglugerð hefur verið sett um íblöndun bætiefna í matvæli og nær hún yfir íblöndun vítamína, steinefna, amínósýra og fitusýra í matvæli. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að íblöndun bætiefna í matvæli leiði ekki til heilsutjóns.



**Árangur** nemenda er betri í skólastofum sem hafa góða loftræstingu að því er kom fram á ISIAQ-ráðstefnu sem haldin var í Lissabon í byrjun júní en þar var meðal annars fjallað um áhrif inniloftss.

**Vísindanefnd** Evrópska Rannsóknaráðsins, ný stofnun innan 7 rammaáætlunar ESB, hefur auglýst eftir tilnefningum í 18 fagráð sem taka til starfa á næsta ári. Fyrsta árið mun nefndin leggja áherslu á unga vísindamenn. Allir mega koma með tillögu um meðlimi í ráðunum en nánari upplýsingar og gögn er að finna á heimasíðu Vísindanefndarinnar, http://ec.europa.eu/erc/index_en.cfm?p=5_peer-review

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 4. júlí, 185. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.11 | 13.32 | 23.52 |
| Akureyri | 2.09 | 13.17 | 24.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Kristjana kenndi leikfimi, meðal annars við Kvennaskólann og Laugarnesskóla, og keppti í skíðum og handbolta hér áður fyrr. Nú stundar hún jóga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Öndun upprætir sársauka

*Kristjana Jónsdóttir segir jóga gott gegn alls kyns kvillum.*

„Ég fór í þetta fyrir forvitni sakir og fann strax hversu vel þetta á við mig,“ segir Kristjana spurð um hvers vegna hún hafi byrjað í jóga. „Ég sótti fyrst leikfimistíma á Hvassaleiti fyrir nokkrum árum, en fór að stunda jóga á sama stað“ bætir hún við.

„Þetta eru hóflega krefjandi æfingar, sem ná til allra vöðva,“ útskýrir hún og bætir við að manni líði afskaplega vel í kroppnum að tíma loknum.

„Hver tími hefst á öndunaræfingum, sem skipta miklu máli,“ útlistar hún nánar. „Líkamsæfingar taka við af þeim, þar sem maður er lengur í hverri stellingu heldur en í hefðbundinni leikfimi og andar töluvert á meðan. Verki mann einhvers staðar, beinir maður huganum þangað og andar inn í sársaukann þar til hann hverfur, ef svo má að orði komast.“

Kristjana segir að sér hafi aldrei fundist jógaæfingarnar erfiðar, ekki einu sinni þegar hún fór að stunda þær fyrst fyrir níu árum. „Það er líka gaman að segja frá því að margir hafa verið þarna með mér frá upphafi, þannig að félagsskapurinn er mér mikils virði,“ segir hún.

Kristjana bætir við að tímarnir séu hluti af öflugu félagsstarfi sem er rekið fyrir eldri borgara í Hvassaleiti. „Það eru margir góðir tímar í boði og oft skapast líflegar umræður. Ég mæli með því að fólk kíki þangað, enda mikill munur að vera meðal fólks í stað þess að sitja einsamall heima og láta sér leiðast.“

roald@frettabladid.is

## Rannsaka heila og hjörtu

HJARTAVERND HEFUR NÝLEGA FENGIÐ UM TVEGGJA MILLJÓNA KRÓNA STYRK FRÁ BANDARÍSKUM STOFNUNUM TIL RANNSÓKNA Á ÖLDRUÐUM.

Hjartavernd hefur staðið fyrir rannsókn á heila og hjarta- og æðakerfi aldraðra og skoðað nærri 6000 manns. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að unnt sé að greina heilabilun á frumstigi nægilega snemma til að grípa megi inn í. Heilarannsóknirnar eru meðal annars framkvæmdar með myndgreiningu og markmiðið er að þróa greiningarpróf sem spáir fyrir um heilaáföll og heilabilun. Rannsóknir á hjarta fara fram með segulómtæki. Þær sýna að allt að helmingur hjartadreps er ógreindur í einstaklingum sem komnir eru yfir 70 ára aldur. Nú hafa National Heart Lung and Blood Institute og National Institutes of Health veitt styrki til þessara rannsókna.



HJARTAVERND VINNUR AÐ RANNSÓKN Á ÖLDRUÐUM.





# Einfalt og ódýrt þolpróf

***Lengi hafa vísindamenn og þjálfarar reynt að finna einfalda leið til að mæla hlaupagetu íþróttamanna. Agnar Steinarsson líffræðingur hefur nú þróað aðferð sem að hans sögn er bæði einföld og árangursrík.***



Agnar Steinarsson með syni sínum Tómasi Orra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árið 2001 hóf Agnar að þróa aðferð sína sem hann kallar hlaupagreiningu. Greiningin byggir á tengslum hlaupagetu og samspili tveggja mælanlegra grunnþátta, hámarkshraða og hlaupahagkvæmni. „Greiningin er framkvæmd með tveimur einföldum hlaupaprófum, annars vegar stuttum spretti, til dæmis 20 metrum, og hins vegar lengra hlaupi, sem getur verið 1 kílómetri eða lengra. Útreikningarnir byggja síðan á hlutfallslegu hraðatapi á milli þessara tveggja vegalengda,“ segir Agnar.

Útreikningarnir geta gefið góða mynd af ýmsum þáttum sem hafa áhrif á hlaupagetu eins og mjólkusýruþröskuld og súrefnisþröskuld. Hingað til hafa þessir þættir verið mældir með dýrum tækjum og ærinni fyrirhöfn með misjöfnum árangri. Hlaupið er á rannsóknastofu á hlaupabretti án loftmótstöðu og ganga slík próf nálægt íþróttamönnunum. Hlaupagreining Agnars er laus við alla þessa vankanta og þrátt fyrir einfaldleika sinn staðfesta mælingar að hún virkar. „Með hlaupagreiningu er hægt að spá með verulegri nákvæmni um mögulegan árangur á öllum vegalengdum en það er í raun og veru algjör nýjung,“ segir Agnar. „Þar að auki þarf ekki sérfræðinga til að framkvæma hlaupagreiningu heldur er það á færi þjálfara og íþróttamanna að gera það sjálfir.“

Meðal þess sem hægt er að gera með hlaupagreiningu er að reikna út svokallaða hlaupahagkvæmni og F-stuðul. F-stuðullinn er byggður á ýmsum þáttum og að því er Agnar segir er hann góður alhliða mælikvarði á hlaupagetu. Hægt er að bera einstaklinga saman og einnig er hægt að leiðrétta stuðulinn með tilliti til aldurs og kyns. „Sé viljinn fyrir hendi er því hægt að bera saman hlaupagetu hjá sextugri konu og tvítugum strák,“ segir Agnar.

Hlaupahagkvæmni er skilgreind sem hagkvæmnisprósenta frá 0 og upp í 100 prósent. Í stuttu máli þá segir hún til um hversu vel íþróttamenn nýta orkuna við áreynslu. „Óbein hlaupagreining með upplýsingum úr afrekaskrám sýnir að maraþonhlauparar hafa allt að 100 prósent hlaupahagkvæmni en spretthlauparar jafnvel minna en 10 prósent,“ segir Agnar. „Mín kenning er sú að hagkvæmnin endurspegli hlutfall hægra og hraðra vöðvaþráða í líkamanum.“

Þróunarvinnan í kringum hlaupagreininguna er komin á lokastig en framsetning og notendaviðmót eru ennþá á tilraunastigi. Hverju sem því líður lofar hlaupagreiningin góðu enda um fljótlega og ódýra aðferð að ræða sem, ef að líkum lætur, á eftir að aðstoða íþróttamenn við að ná betri árangri.

tryggvi@frettabladid.is



## Persona.is

BJÖRN HARÐARSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

### Brjóstastækkun og bætt sjálfsmynd.

Við getum sennilega öll verið sammála um að mikilvægt sé að hugsa vel um líkamann okkar og það hefur oftast nær jákvæð áhrif á andlega líðan okkar. Það er mikilvægt fyrir alla að hreyfa sig til þess að losa sig undan streitu og bæta almenna líðan. Auk þess er það viðurkennt að hreyfing hefur t.d. jákvæð áhrif á þunglyndi hjá þeim sem af því þjást, o.s.frv. Það er auk þess hægt að fullyrða að fólki sem þjáist af offitu muni líða mun betur ef það kemur sér í betra form og léttist.

Þrátt fyrir að mörgum muni líða vel við aukna líkamsrækt eru margir sem ná ekki að bæta líðan sína með því að leggja meiri áherslu á líkamsrækt og líðan þeirra versnar jafnvel. Hér er um að ræða hópa fólks með skerta sjálfsmynd sem telur að líkamsrækt og lýtalækningar geti bætt sjálfsmynd sína. Þessir einstaklingar eyða oft gífurlegri orku og tíma í líkamsrækt og lýtalæknisaðgerðir, sem leiðir eingöngu til þess að sjálfsmyndin og óöryggið verður ennþá verra eftir „bætta líkamsmynd“.

Ástæðan fyrir þessum hugleiðingum mínum þessa stundina er sú að fyrir nokkru hafði fréttamaður samband við mig og bað um viðbrögð mín við frétt um að dæmi væri um að fimmtán ára stúlkur færu í brjóstastækkun til að bæta andlega heilsu sína og dæmi væru um að sálfræðingar mæltu þar með þessum aðgerðum. Brjóstastækkun er vægast sagt mjög varasöm aðferð til að bæta andlega líðan og sérstaklega unglingsstúlkna. Vandamál eins og átröskun og skert líkamsímynd hafa aukist til muna síðustu ár, bæði meðal karla og kvenna. Fleiri og fleiri stúlkur, og nú drengir líka, greinast með átröskun – sem einkennast af uppköstum, svelti og miklum æfingum. Reynsla mín þegar kemur að því að vinna með einstaklingum með þessi vandamál, virðist oftast vera sú að sveltið og hreyfingin eykst með hverju kílóinu sem þeir missa og sjálfstraustið minnkar því með meiri „árangri“. Annað vandamál sem hefur aukist er svokölluð útlitsröskun (Body Dysmorphic Disorder), þar sem einstaklingar hafa stöðugan kvíða og þráhyggju um að eitthvað sé að líkama þeirra (nefi, brjóstum, höku o.s.frv.). Þessir einstaklingar leita til lýtalækna í þeirri von um að læknarnir samþykki „fegrunaraðgerðir“ á sér. Reynslan af einstaklingum sem fara í þess konar aðgerðir eru að óöryggið eykst og þörfin á frekari aðgerðum verður meiri. Að lokum er hægt að nefna þá einstaklinga sem leita í stera til að auka vöðva, en lenda í vítahring þar sem hræðslan um að líta ekki vel út og horast verður meiri og meiri með auknum vöðvum.

Aukning á vandamálum tengdum líkamsímynd má að miklu leyti rekja til fyrirmynda í þjóðfélaginu, sem birtast í myndum, þáttum og auglýsingum, o.s.frv., þar sem hin fullkomna heilsusamlega „horaða“ ímynd er sett fram. Við öll, fullorðna fólkið, erum að auki í raun ímynd barnanna okkar með þeim viðmiðum sem við kennum þeim beint og óbeint. Þar er mikilvægt að kenna börnum snemma að þykja vænt um sjálf sig eins og þau eru. Reynsla mín sem sálfræðingur er eins og áður sagði sú að hreyfing, líkamsrækt, eða hugsanlegar fegrunaraðgerðir geta aldrei verið það eina sem breytir lágu sjálfsmati í gott sjálfsmat. Eitt það fyrsta sem maður reynir að leiðbeina fólki, sem er að reyna að bæta sjálfstraustið með fyrrnefndum aðferðum, er hversu mikilvægt það er að byrja innan frá, þ.e. með því að elska sjálfan sig eins og maður er. Ef við förum þá aftur til baka í umræðuna um að mæla með brjóstastækkun til að bæta andlegt ástand fimmtán ára stúlkna, ættu dæmin sem ég nefni hér að sýna hversu hættulegur leikur það er. Unglingar eru mun móttækilegri fyrir fyrirmyndum og leiðbeiningum frá okkur og værum við að gefa þessum stúlkum mjög svo ranga hugmynd um hvernig hægt er að bæta líðan sína og sjálfstraust sitt. Afleiðingarnar geta oft orðið þveröfugar við það sem upphaflega hugmyndin var. Auk þess tel ég að með þessu séum við að gefa frá okkur skilaboð eða fyrirmyndir sem eru í raun enn eitt skrefið í þá átt að auka átraskanir og önnur vandamál tengd líkamsímynd, sem hér hafa verið nefnd. Með þessum skilaboðum gætum við hugsanlega að endingu spurt okkur hvert sé þá næsta skrefið – er það að gjafabréf hjá lýtalækni verði aðal fermingargjöfin á næsta ári?

Gangi ykkur vel















Fitusog án skurðaðgerðar

- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld,magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

Verð: 37.400,-

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 21.900,-

Hringdu núna, síminn er: 577 7007

Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk


Mikilvægt er að kjúklingur sé alltaf soðinn í gegn.

# Matreiðsla kjúklinga

***Á sumrin er ennþá mikilvægara að meðhöndla hráan kjúkling rétt.***

Rétt meðhöndlun á hráum kjúklingum er mjög mikilvæg og ennþá mikilvægari á sumrin, samkvæmt frétt á vef Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is. Í fréttinni er bent á að þó að vel hafi gengið að útrýma campylobacter úr kjúklingum hér á landi verði að gera ráð fyrir að campylobacter geti verið í kjúklingum og öðrum alifuglum.

Sérstaklega er tekið fram að kjúklinga skuli þíða í ísskáp til að koma í veg fyrir að sjúkdómsvaldandi örverur fjölgi sér en gæta verði þess að vökvi úr kjúklingnum berist ekki í önnur matvæli. Einnig er minnt á að gæta þurfi mikils þrifnaðar og sjá til þess að öll áhöld sem notuð eru við eldamennskuna séu þrifin vel áður en þau eru notuð undir önnur matvæli. Að lokum er bent á nauðsyn þess að kjúklingurinn sé soðinn í gegn þegar hann er matreiddur.

Í bæklingi Umhverfisstofnunar, Góð ráð við grillið, má finna nánari upplýsingar um meðhöndlun kjúklingakjöts við matreiðslu og hann má sjá á heimasíðu stofnunarinnar. - eö

## Leiðrétting

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu 27. júní síðastliðinn um sumartilboð í líkamsrækt kom það fram að bootcamp-æfingarnar væru á vegum Hnefaleikafélags Reykjavíkur. Það rétta er hins vegar að æfingarnar eru á vegum Bootcamp ehf., en fyrirtækið er hins vegar í sama húsnæði og Hnefaleikafélag Reykjavíkur. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Sífellt fleiri ferðamenn fá síkúngúnjasótt

***Síkúngúnjasótt færist í vöxt á vinsælum ferðamannastöðum en hún orsakast af veiru sem berst í menn með biti moskítóflugna.***


Moskítóflugur getur borið í menn veiru sem orsakar síkúngúnjasótt.

Á síðustu árum hefur tilfellum af síkúngúnjasótt fjölgað á eyjum í Indlandshafi sem eru mikið sóttar af ferðamönnum, samkvæmt frétt á heimasíðu landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is.

Síkúngúnjasótt lýsir sér með hita, höfuðverk, vöðvaverkjum og liðverkjum auk þess sem blætt getur úr nefi og tannholdi. Sjúkdómurinn orsakast af veiru sem berst á milli manna með moskítóflugnabiti og getur hann dregið fólk til dauða. Engin meðferð er til við síkúngúnjasótt og eina leiðin til þess að koma í veg fyrir smit er að forðast að vera bitinn af moskítóflugum.

Nánari upplýsingar um sjúkdóminn má fá á heimasíðu landlæknisembættisins. - eö


## Lífrænt gos
### úr hreinum ávaxtasafa
Út vikuna fá viðskiptavinir ávaxtagos í kaupbæti ef keypt eru kex frá Molenaartje eða DeRit, meðan birgðir endast.






Kíkið á þetta!
Nú er fjör hjá okkur!
Sjáumst á lagerútsölunni!




20-60% afsláttur
Gildir ekki af öðrum tilboðum

af útlitsgölluðum og eldri gerðum af heilsudýnum, stillanlegum rúmum og ýmsum fylgihlutum.

LAGERÚTSALA

Inngangur


REYKJAVÍK
Listhús Laugardal
Sími 581 2233


REYKJAVÍK
Lagerútsala að Klettháslsi 13
Sími 567 2255


AKUREYRI
Dalsbraut 1
Sími 461 1150

Heilsudýnur
Rafmagnsrúm
Járngaflar
Viðargaflar
Náttborð
Kommóður
Sófar
Stólar
Teppasett
og margt fleira




Lagerútsöludæmi:
Útlitsgallaðar Royalty heilsudýnur
Queen kr. ~~129.900,-~~ nú kr. 79.900,-
King kr. ~~159.900,-~~ nú kr. 99.000,-

www.svefn.is
Svefn & heilsa
Gildir meðan birgðir endast

GÆÐI · GÓÐ VERÐ · ÞJÓNUSTA · ÚRVAL · ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í júlí






100% náttúrulegt
• 100% náttúrulegir jurtalitir
• Engin skaðleg aukaefni
• Ekkert ammóníak
• Laust við festiefni (Resorcinol)
• Þægilegt og fljótlegt í notkun
• 30 litir (Hægt að blanda fleiri)
Einnig sjampó, hárnæring o.fl.
Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana
DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570



Honda civic '95 ek. 180 þús. ný tímareim sk. '07 verð 195 þús. stgr. Uppl. 843 0661.

Til sölu Renault r. Clio '92, nýsk. '07, kostar 120 þús. Uppl. í s. 695 4248.

Daewoo Lanos 4ra dyra, svartur ek. 107 þ. km. til sölu. Sk. '07. Nýupptekin vél. Bíll í toppstandi. S. 617 7766.

Nissan Sunny árg. '94 til sölu. Verð 100 þús. Uppl. í s. 557 6365 & 692 6365.

**95 þús. stgr.**
Til sölu MMC Lancer árg. 1994, ssk., 4ra dyra, ek. 193 þús. km. Í mjög góðu lagi og lítur mjög vel út. Sk. '07. Uppl. í s. 896 5290 eftir kl. 18.

## 250-499 þús.



Glæsilegur Pajero 1995, bensín, sjálfskiptur. Upplýsingar í s. 555 3133 & 846 4584.



Nissan Micra árg. '01 Ek. 99 þús km. Verð 350 þús. Uppl. í s. 869 6226.



Musso '97 2,9 dísel beinsk. ek. 187 þús. breittur fyrir "33 góður bíll sk. '07 tilboðsverð 490 þús. stgr. Uppl. í s. 846 1065.

Chevrolet Suburban árg. '87, ek 77 þús mílur. 8 cyl. Bensín. Gott kram. Uppl. í s. 863 8111.

## 500-999 þús.



Til sölu Suzuki Grand Vitara árg. '01 ek. 117 þús. Ásett verð 965 þús., tilboð 830 þús. áhvílandi 575 Þús., þarf ekki að fylgja. S. 565 2883 & 696 8512, Margrét.



Nissan Terrano 2 til sölu. 7 manna bíll. Eyðir 10,5L á 100. Árg. '97. Ek. 208 þús km. Í toppstandi. Verð 690 þús. Uppl. í s. 822 6343 Jón.



Toyota Corolla, árg. '98. Liftback, 5 g., álfelgur, spoiler,sumar/vetrardekk, fallegur bíll. Ek. 105 þús. V. 550 þús. Uppl. í s. 699 6698.



Til sölu er VW Golf. Árgerð 2000. Skoðaður '07. 1600cc beinskiptur. Ekinn 184 þús. Cd. Góður bíll. Verð aðeins 550.000 kr. Upplýsingar í síma 892 7852.



BMW 730 IA . '95 V8 Sjálfskiptur. Rafmagn í öllu. Topplúga. "18 álfelgur. Geislaspilari. Fallegur og vel með farinn bíll, ek. 209 þús km. Áhvílandi ca. 500 þús. Verð 990.000 . Uppl. í s. 699 1065.



VW Transporter '01 4x4 doble cap sk. '07 ek. 77 þús. 2,5 dísel, túrbo, interculer, góður vinnubíll. Verð 1.000.000 stgr. Uppl. í s. 846 1065.

## 1-2 milljónir



Toyota Yaris 12/04 5 dyra ekinn 20 þús. km áhv.1.090 þús. 24 þús. á mánuði Verð 1.240 þús. S. 693 5053.



Til sölu Volvo S40 2000 árg. 2000, sjálfsk. Ek. 91 þús. km. Ásett verð 1030 þús. Uppl. í s. 660 1086, 694 1601 & 565 6054.

## 2 milljónir +



Porsche Carrera Cab GT3 '01 Bsk. 6g, PSM, Xenon, CD, sætum, hardtop o.fl. 7.390þ S:897-2779

## Bílar óskast

Bíll óskast, helst VW Golf á verðbilinu 250 þús. - 400 þús. stgr. S. 551 5564.

Óska eftir bíl, ekki eldri en '95 á 0-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

Skoðaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

## Jeppar



Terrano II SR árg. '00, ekinn 95 þús. 31" dekk. Ný skoðaður. Tilboðsverð 1.250 þús. Uppl. í s. 820 8090.




Frábær jeppatilboð! Nýjir eða nýlegir jeppar á frábæru verði frá öllum helstu framleiðendum: Ford, Jeep, Toyota, Mitsubishi, Nissan, Dodge, Honda og Porsche. Láttu okkur gera þér gott tilboð. Margir litir og val um búnað. Útvegum einnig flestar aðrar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com



MMC Pajero V6 3000 '98. Ekinn 149 þ. km. Breyttur 33", verð 1.100 þús. Lán 580 þús. Sími 897 2032.



MMC Montero limited árg. 2003, ek. 45 þ. mílur/72 þ. km. 7 manna, svartur/grár, sjálfsk., leðurákl. Frábær bíll á mjög góðu verði, 2.500þ. stgr. Uppl. í s. 617 6491 & 821 2717.

Pajero árg. '98, með bilaða vél, selst í því ástandi sem hann er. Verð 600 þús. S. 893 3710

## Pallbílar



Til sölu glæsilegur Ford F-150, breyttur á 35" dekkjum, nelgd vetradekk, orginal sumardekk, lok á palli, tölvukubbur o.fl. Uppl. í síma 892 1844.



Til sölu er Ford F-150 Lariat árg. '05. Ekinn 43 þús. km. Ljóst leður. Kvoða og lok á palli, bakkskynjarar, dráttarbeisli o.fl. Verð 3.490 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 860 1180.

## Sendibílar



Til sölu Iveco Daily 35 S 11V, árgerð 2001, ekinn 120.000km, burðargeta 1.420kg, verð 1.090.000+vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Reykjavík. Sími 414 8600.

## Húsbílar




Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

## Mótorhjól



Til sölu Suzuki Intruder 1400 árg. 2005. Ekið 2000 mílur. Mikið af aukahlutum. Verðh. 1200 þús. Uppl. í síma 660 8669.



Honda CBR 954RR '02. Frábært hjól í alla staði. Ek. 11000. áhv. 600 þ. Uppl. 823 7491.

Til sölu KTM 525 árg. '06 ek. 400 km. Gjörsamlega eins og nýtt og á sama stað galli, Enduro í XL stærð, skór og hjálmur. Uppl. í s. 659 3468.

Honda CRF 450R '05 til sölu hjólið er sem nýtt uppl. í s. 821 9881.

## Hjólhýsi



Til leigu eru glæsileg hjólhýsi. Minni hús fyrir fólksbíla, stærri fyrir jeppa. Með sólarsellu. Leiga frá fimmtudegi til miðvikudags frá 55 þús.kr. Upplýsingar í síma 659 2452 og 897 8692. bt-net.is/hjolhysaleigan




**Hjólhýsi til sölu**
Hefurðu séð ódýru og glæsilegu Delta Euroliner og Summerliner hjólhýsin hjá okkur? Verð frá 1.252. þ. Getum afgreitt nokkur í dag. Allt að 100% lán. Fortjald á hálfvirði s. 587 2200, 898 4500 www.vagnasmidjan.is

4ra metra Adria hjólhýsi með öllu til sölu. Uppl. í s. 699 4329.

Til leigu hjólhýsi með góðu fortjaldi, vikuleiga. Uppl. í s. 690 5689 eða svavao@simnet.is

Til sölu. Sprite hjólhúsi 14 fet, ný sólarsella, góðir pallar og geymsluskúr. Uppl. í s. 896 3963.

Gamalt hjólhýsi til sölu. 4 manna. Verð 180 þús. Uppl. í s. 482 4007 & 483 1339 & 844 5762.

## Fellihýsi

**Ýmislegt fyrir fellihýsið/tjaldvagninn.**
Gasskynjarar, tjaldluktir, 16A framlengingarsnúrur, 12v ljós, 7" sjónvörp ofl. Glóey Ármúla 19. S. 568 1620.

10 feta fellihýsi 2005 með öllu, fortj. Heitt og kalt ofl. Uppl. í s. 822 8031.

Palomino Colt fellihýsi til sölu árg. '03. Mjög vel farið og hlaðið fylgihlutum. Fortjald, golf í fortjald, hitari í fortjaldi, ísskápur, svefntjöld og ferðaklósett. Verð 850 þús. Uppl. í s. 891 7562.

Til sölu Palomino Colt, 9 feta fellihýsi, með fortjaldi. árg. 2004. Verð 850 þús. Uppl. s. 659 7909.

Til sölu Víking Epic, 9 feta fellihýsi, með fortjaldi. árg. 2004. Verð 620 þús. Uppl. s. 822 1920.

**Til sölu Palomino Colt 9ft. árg. 1999.**
Mjög vel með farið og lítið notað Palomino fellihýsi með fortjaldi, svefntjöldum, ný sólarsella og nýr geymir. Verð kr. 550.000. Uppl. í síma 660 7878.

## Tjaldvagnar




Til sölu tjaldvagn Montana 2 árg. '01, er á 13" hjólbörðum, fjöðrum og dempurum, kassi á beisli. Verð 390.000. Sími 554 4599 & 845 3681.

Camp Let tjaldvagn til sölu. 2 svefnhólf og fortjald. Verð 260 þús. Uppl. í s. 898 3031.

Ægistjaldvagn árg. '04 til sölu. Lítur mjög vel út. Verð 450 þús. Uppl. í s. 862 5206.

## Vinnuvélar



Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444






Til sölu JCB 3CX 4x4. árg. 1998. Verð 2.200.000 +vsk Uppl. í s. 544 8444.



Til sölu Smágröfur 2.5 - 7.6 Tonn. Uppl. í s. 544 8444.



Til sölu Valtarar 2.5 - 3.0, tonn gott verð. Uppl. 544 8444.



Hiab krani til sölu 6 tonn metrar. Hiab 060 árgerð 1999, 3 vökva útskot, fer í 9 metra. Lagnir fyrir krabba og rótor. Uppl. í s. 893 0609.

## ÞJÓNUSTA




## KERRUR TIL SÖLU

**Þýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

**Bæjardekk** Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

## BÍLAR TIL SÖLU

**Honda Civic VTI 1.6 Árgerð 2000**

Ekinn 124 þús
Topplúga
CD
Álfelgur
Vel með farinn
Verð 790.000 kr



Upplýsingar í síma 848 0944



Til sölu málarastólar allt að 12. metra langir. Tilboð. Uppl. 544 8444.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573




## Bátar




## Bílaþjónusta




## Aukahlutir í bíla




## Varahlutir




Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

**Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is**

Kaupum druslur! Minnst 15.000.- krónur! Vaka 567 6700.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**Samloka+gos kr 499!!!**
Tilboð v/ kynningar á 50 manna sér sal m/ Sýn (HM) Tilboð gildir til 09/07/06 gegn framvísun þessarar auglýsingar. Salurinn er kjörinn fyrir afmæli, fundi og fl.
**Quiznos Sub Suðurlandsbraut 32 S. 577 5775**



Flottir dömuskór í stærðum 42-44, Ásta skósali Súðarvogi 7, S. 553 6060. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18.



Kassabílar-reiðhjól með hjálparmótor-rafmagns. Upplagt í sumarbústaðin sem leiktæki,eru endurhlaðin, skemmtileg vara mikil gleði. Sími 892 8655.



**Minigolf**
9 holu minigolfvöllur til sölu. Skemmtilegt sett. Upplagt fyrir félagssamtök, útihátíðarsamtök og þjónustumiðstöðvar. Síðustu sett sumarsins. Upplýsingar í síma 847 7995 & 699 2698.




Ísskápur Simens 154 cm á hæð, verð 10.000 sími 824 5813.

## Gefins

5 tólf vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 821 1498.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Til sölu jcb-8060 árg. '04 ek. 2000 vinnustundir. Fylgihlutir, skóflur 40, 60 og 90, tylftskólfa og fleigur. Ný belti og mjög góð vél. Verð 4,8 + vsk. Uppl. í s, 893 7758.

## BÍLAR TIL SÖLU









## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - Ómissandi hollusta. Erla sími 695 1127 www.heilsufrettir.is/erla

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Óska eftir ökukennara, skilyrði að kennt sé á spænsku. Uppl. í s. 894 8625.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu vegna flutninga eldhúsborð og stólar, stofuhúsgögn og rúm. Aðeins í dag. Uppl. í s. 896 4878 Drápuhlíð 41.

## Gefins

3 litlir sætir 8 vikna kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 847 4682.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Ömmustóll barna og barnabað með stillanlegum fótum frá Baby Sam, vel með farið til sölu. S. 695 1068.

## Barnagæsla

Dugleg og samviskusöm barnapía óskast til að gæta 2ja yndislegra barna, 4ra og 5 ára í hverfi 109. Starfið felst einkum í því að sækja börnin í leikskóla og skóla einstaka daga og svo tilfallandi kvöld þegar foreldrarnir vilja bregða sér af bæ. Æskilegt er að viðkomandi sé 13-16 ára og búi í hverfinu eða nálægt. Laun eftir samkomulagi. Áhugasamir hafi samband í s. 699 5214 eða sendi tölvupóst á halla@frettabladid.is

## Dýrahald



Ættbókfærðir og heilsufarskoðaðir Boxer hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar strax. Tilboð óskast. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606, skessa.dyraland.is

Chihuahua hvolpar til sölu. upplýsingar gefur Anna síma 868 6058 gessi@simnet.is

Til sölu 4. mán. ættbókarfærður norskur skógarkettlingur. Uppl. í síma 8444392.

Til sölu á góðu verði 8 vikna hvolpar, blandaðir labradorar og iris setter, gott veiðikyn. Uppl. í s. 421 4216 og 864 9362.

2 kassavamir kettlingar fást gefins. Upplýsingar í síma 866 1669.

Fallegur ástargaukur með búri til sölu. Uppl. í s. 692 6803 & 565 6868

Sætir kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 698 8090.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Eikarparkett (40 m2 )ásamt undirlagi og 2 fataskápar í barnaherb., 92 cm breidd. Uppl. í s. 895 1976.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## Ýmislegt

Rjúkandi Þjórsárhraun. Rauðahúsið Eyrarbakka.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

101 fm, 4ra herb. íbúð í Hafnafirði til leigu, laus strax. Leiga 120 þús., allt innifalið. Trygging samkomulag. Uppl. í s. 867 4151 & 565 2165.

Til leigu 9 fm herbergi með aðgangi að snyrtingu. Um er að ræða risherbergi í fjölbýli við Birkimel (107-R.) með sérinngangi. Áhugasamir sendi upplýsingar um sjálfa sig á birnings@simnet.is

**Komdu til eyja**
Einbýlishús með 2 svefnherb. til leigu út júlímánuð, skammtímaleiga. Leigist ódýrt. Hiti & rafmagn innifalið. Uppl. í s. 661 6921.

4 herb. íbúð til leigu í 101. Leigutími júl.- ágú. (sep.). Uppl. í s. 868 0743.

## Húsnæði óskast

Vantar 3ja herb. íbúð frá 1. júlí á svæði 200 eða 111. Reglusöm. Uppl. í s. 690 3879.

Reglusamur háskólastúdent óskar eftir herbergi í vesturbænum með aðgang að eldhúsi, baði og aðstöðu til að geta þvegið. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 663 0135 og 865 6207.

Óska eftir íbúði í Mosfellsbæ sem fyrst, reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 8772 & 445 4461 e. kl. 16.

Óska eftir einstaklingsíbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum lofað. S. 557 3314.

Feðgin óska eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum lofað. S. 860 2670.

Hjón á sextugsaldri óska eftir leiguhúsnæði til 1 árs frá og með 1. okt. '06. Helst einbýli eða íbúð með bílskúr. Heilsárs hús í nágrenni Rvk kemur vel til greina. Uppl. í s. 899 2608 & 895 7279 & 555 2508.

Herb.óskast. Greiðslugeta 25-30 þ. skilvísar greiðslur. S. 567 6017 & 866 8439.

## Sumarbústaðir




## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Góður 28 fm bílskúr með hita og rafmagni til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 581 2247 & 692 0625.

## Gisting

**Gistiíbúðin Bjarnarstíg 9**
Lausar gistinætur í júli dagana 7.-12. Uppl. má finna á www.bjarnarstigur.is og í s. 552 5129 & 863 3569.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

Söluturn og matstofa óskar eftir starfskrafti sem getur byrjað strax. Góð laun og mikil vinna. Uppl. í síma 551 6040 & 897 6966.

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

**Sumar og vetrarstarf!**
Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Einnig matreiðslumenn í eldhús. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Ráðum ekki yngri en 20 ára. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5552 / annasig@frodi.is**

**Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki?**
Óskum eftir vönu starfsfólki í afgreiðslustarf, vaktar og helgarvinna. Óskum eftir fólki í framtíðarstarf, lágmarksaldur 18 ára.
**Áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á www.kringlukrain.is**

**Matreiðslumaður óskast.**
Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu í eldhús frá og með haustinu, þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt.
**Áhugasamir hafi sambnad í síma 863 8900eða á www.kringlukrain.is**

**Járniðnaðarmenn**
Óskum eftir að ráða vélvirkja og járniðnaðarmenn. Tökum við nemum.
**Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

**Í hlaupavinna / aukavinna**
Starfsmenn óskast í íhlaupavinnu við uppsetningu á vinnupöllum og fleira.
**Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.**

**Starfsmaður óskast**
á vinnupallaleigu í útkeyrslu, afgreiðslu og fleira.
**Uppl. í s. 553 2280 & 893 9678.**

**Málarar Athugið!**
Óskum eftir málurum eða vönum mönnum.
**Uppl. í síma 898 4782.**

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir þjónum í sal. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu, ekki yngri en 18 ára.
**Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11**

**Hrafnista Reykjavík**
Baðvörður óskast til framtíðarstarfa. Um er að ræða hlutastarf við sundlaug Hrafnistu í Reykjavík. Vinnutími frá 8 -12.30.
**Upplýsingar gefur Magnea í síma 585 9529. Netfang magnea@hrafnista.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu www.hrafnista.is**

**Vífilsstaðir - Garðabæ**
Sumarvinna. Starfsfólk óskast í sumarafleysingar. Starfshlutfall samkomulag Sveiganlegur vinnutími.
**Upplýsingar gefur Sigríður Pálsdóttir í síma 599 7011 og 664 9565 . Netfang sigtal@vifilsstadir.is Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu. www.hrafnista.is**

**Leikskólinn 101**
Óskar eftir að ráða leikskólastjóra í afleysingar til 1 nóv. '06. Þarf að hafa leikskólakennaramenntun. Einnig óskast leikskólakennari/starfsmaður í 100% starf frá 1 sep.
**Uppl. gefur Hulda í síma 891 8430.**

## ATVINNA

# A. Þ. Þrif

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri.
**Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.**

## STARFSMENN Á FJÁRMÁLASVIÐ

FL Group leitar að starfsmönnum til starfa á fjármálasviði félagsins. Um er að ræða frábært tækifæri fyrir framsækna og hæfa einstaklinga til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu hjá einu öflugasta fyrirtæki landsins.

### STARFSMAÐUR Í FJÁRSTÝRINGU

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun, eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla og markaðsþekking skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

**STARFSSVIÐ**
- Skammtímaávöxtun fjármuna
- Gjaldeyrisviðskipti
- Stýring á gjaldeyrisjöfnuði
- Rekstur og ábyrgð á fjárstýringarkerfi
- Skýrslugerð
- Önnur tilfallandi verkefni

### STARFSMAÐUR Í BÓKHALD

**HÆFNISKRÖFUR**
- Bókhaldsþekking nauðsynleg
- Þekking á bókhaldskerfinu Axapta kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

**STARFSSVIÐ**
- Móttaka og bókun reikninga
- Afstemmingar
- Önnur almenn bókhaldsstörf

Umsóknir skulu sendar á netfang: flgroup@flgroup.is, eða á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík fyrir 10. júlí næstkomandi.

FL GROUP

## FASTEIGNIR

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur fasteignasali

**NAUSTABRYGGJA 27- RVK**
**174,9 m2 • 6 herb. • Fjölbýli**
**OPIÐ HÚS MILLI KL. 18:00 og 19:00**





**GLÆSILEG PENTHOUSE ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM AUK STÆÐIS Í LOKAÐRI BÍLAGEYMSLU – LAUS FLJÓTLEGA**
**Fallegar stofur með útgangi út á suðursvalir. Eldhús með góðum tækjum. Fjögur svefnherbergi. Gólfefni á alrýmum er fallegt eikarparket, á svefnherbergjum er kókosteppi. ATH. SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA. (EFSTA BJALLA ÓMERKT) GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM**



Gyða Gerðarsdóttir
sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

# SJÓNARHORN



Girðingarstaur í Öxarfirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VISSIR ÞÚ...

...að fóstur fær fingraför þriggja mánaða gamalt?

...að manneskja deyr fyrr úr svefnleysi en hungri? Hún getur dáið eftir um tíu daga án svefns en eftir nokkrar vikur vegna hungurs.

...að samkvæmt þýskum rannsóknum er meiri hætta á að fá hjartaáfall á mánudögum en nokkrum öðrum dögum?

...að menn hafa að meðaltali 100.000 hár á höfðinu?

...að meðalmanneskja notar salerni sex sinnum á dag?

...að helmingurinn af bragðlaukunum er óvirkur í 50 prósent fólks um sextugt?

...að ljóskur hafa fleiri hár en dökkhært fólk?

...að lím á frímerki inniheldur 1/10 úr kaloríu?

...að fingurneglur vaxa hraðar en táneglur?

...að maðurinn notar sautján vöðva til að brosa en 43 til að setja á sig skeifu?

...að eitt af hverjum 2000 börnum fæðist með tönn?

...að maðurinn hefur næga fitu til að búa til sjö sápustykki?

...að mannsheilinn er 85 prósent vatn?

...að vinstra lungað er minna en hið hægra svo að hjartað komist fyrir?

...að þrjú hundruð milljónir frumna í mannslíkama deyja á hverri mínútu?




# HVUNNDAGURINN

## *Undirbýr gæsun fyrir góða vinkonu*

„Ég vakna oftast á milli klukkan sjö og átta og er mitt fyrsta verk að taka lýsi á fastandi maga," segir Kristín Eva Ólafsdóttir, hönnuður hjá Gagarín og nemi í Listaháskólanum.

„Ég mæti í vinnuna upp úr klukkan níu og felst starfið mitt í mjög fjölbreyttri hugmynda- og hönnunarvinnu, allt frá litlum auglýsingum og upp í stór margmiðlunarverkefni. Gagarín annaðist til dæmis framleiðslu á margmiðlunarefni fyrir Landnámssýninguna Reykjavík 871 +/-2 og þar kom ég inn í hönnun á viðmótinu."

Kristín Eva heldur heim á leið klukkan 17 þegar hún er búin að sækja son sinn á leikskólann og hefur notið sumarsins eftir vinnu síðustu daga í faðmi fjölskyldunnar. „Upp á síðkastið höfum við stundum farið upp að Reynisvatni að veiða eftir vinnu en annars eru það eldamennska og almenn húsverk sem taka við."

„Það er rosalega misjafnt hvenær ég held í háttinn, oftast þó um miðnætti en getur dregist ef ég er í spennandi verkefni sem ég get ekki slitið mig frá," segir Kristín Eva sem er afskaplega ánægð hjá Gagarín. „Gagarín er draumavinnustaður og valinn maður í hverju rúmi og því get ég ekki annað en sagt að fólkið sem ég er að vinna með sé það skemmtilegasta við vinnuna. En auk þess er það fjölbreytileiki verkefnanna og það að takast á við nýtt viðfangsefni á hverjum degi sem er ótrúlega heillandi."

„Þessa dagana fer frítími minn í að skipuleggja og undirbúa gæsun fyrir mjög góða vinkonu mína, en við vinkonurnar stefnum á að gera daginn ógleymanlegan fyrir hana. Svo er ég að vinna í að bæta vefsíðuna mína www.kristineva.com."



Kristín Eva segir Gagarín vera draumavinnustað og er afskaplega ánægð með vinnufélaga sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Niðurskurður stjórnarinnar kák eitt

UMRÆÐAN
VERÐBÓLGA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Hvaða áhrif mun samkomulag aðila vinnumarkaðarins um breytingar á kjarasamningum hafa? Mun það draga úr verðbólgu? Mun það létta ríkisstjórn og Seðlabanka róðurinn í baráttunni við verðbólguna? Þetta eru spurningar, sem almenningur spyr nú eftir að samkomulagið á vinnumarkaðnum var gert.

Hér verður leitast við að svara þessum spurningum. Framangreint samkomulag mun ekki út af fyrir sig draga úr verðbólgu. Þvert á móti munu fyrstu áhrif þess verða aukin verðbólga. Atvinnurekendur munu velta hluta kauphækkananna út í verðlagið þannig, að verðbólgan mun aukast. Enda er því spáð að verðbólgan verði 9-10 prósent í lok ársins. Helstu áhrif framangreinds samkomulags eru þau, að það verður friður á vinnumarkaðnum. Ef ekki hefði náðst samkomulag nú hefði stefnt í harkaleg átök aðila vinnumarkaðarins næsta haust, sem hefðu getað endað með miklum kauphækkunum um næstu áramót. Þær kauphækkanir hefðu þá getað valdið hættulegri verðbólguskrúfu. Sérfræðingar telja, að þegar til lengdar lætur muni samkomulagið á vinnumarkaðnum draga úr verðbólgu og stuðla að stöðugleika. Hvort það gengur eftir kemur þó ekki í ljós fyrr en á miðju næsta ári.

Í framhaldi af samkomulaginu á vinnumarkaðnum hefur ríkisstjórnin ákveðið að skera niður framkvæmdir við vegagerð úti á landi (nokkra vegaspotta). Er þar um að ræða vegaframkvæmdir, sem ekki hafa verið boðnar út, m.a. á Vestfjörðum. Er mikil óánægja vestra með þá ákvörðun. Hins vegar er ekkert minnst á að fresta stórframkvæmdum eins og Sundabraut, byggingu hátæknisjúkrahúss, tónlistarhúss í Reykjavík eða nýjum álverksmiðjum. En það eru einmitt stórframkvæmdirnar, sem skipta mestu máli, ef á að slá á þenslu. Nokkrir vegaspottar skipta engu máli í því sambandi. Niðurskurður þeirra er aðeins sýndarmennska, til þess að slá ryki í augu almennings, kák eitt. Einar Oddur, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, varaformaður fjárlaganefndar, vill fresta bæði hátæknisjúkrahúsi og tónlistarhúsi. Það er skynsamleg afstaða. Ef stjórnmálamönnum er einhver alvara með að gera verði róttækar ráðstafanir gegn þenslu og verðbólgu þarf að fresta öllum stórframkvæmdum og þar á meðal nýjum álverksmiðjum. Íslenskt efnahagslíf þolir ekki eins miklar framkvæmdir og átt hafa sér stað á Austurlandi, Kárahnjúkavirkjun og byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði. Efnahagskerfið hefur ofhitnað og það tekur tíma að jafna sig.

Mikil umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu að undanförnu um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Margir telja, að stóriðjan sé komin út í öfgar og að það þurfi að staldra við í stóriðjumálum, komið sé nóg af álverkmiðjum. Menn óttast áhrif álverksmiðja og virkjana á náttúru landsins. Bent er á að Íslendingar hafi náð miklum og góðum árangri í ýmsum atvinnugreinum að undanförnu, þar sem hugvit er virkjað og að við ættum að halda áfram á þeirri braut. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, tel ég fulla ástæðu til þess að staldra við í stóriðjumálum og fresta byggingu nýrra álverksmiðja. Slík ákvörðun mundi einnig henta íslensku efnahagslífi vel á meðan það er að komast út úr því þenslu- og verðbólguástandi, sem nú ríkir.

## AF NETINU

### Landráð

Er það kannski Deild 5 sem rætt er um í j-lið þar sem vikið er að sérstakri deild sem „rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins“ eins og það er orðað? Er það hún sem nú á að stækka og þenja út með vísan til ímyndaðrar hryðjuverkaógnar á Íslandi? Þá er ágætt að hafa í huga að það var þetta fyrirbæri sem sigað var á fólk sem í fyrrasumar vogaði sér að mótmæla eyðileggingu öræfanna norðan Vatnajökuls í þágu þungaiðnaðarstefnu Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Eru það ef til vill landráð í augum þeirra sem nú fara með völdin í Stjórnarráðinu? Eða er þungaiðnaðurinn kannski orðinn hluti af sjálfri stjórnskipan ríkisins, líkt og virtist tilfellið í valdatíð Stalíns austur í Rússlandi?

**Steinþór Heiðarsson á murinn.is**

### Dagbé en ekki exbé

Þrátt fyrir allar hræringarnar síðustu ár á vinstri vængnum er það samt eitt sem ekki hefur breyst. Framsóknarflokkurinn hefur verið staðfastur í því atriði að vera eftir sem áður Rétti flokkurinn fyrir þá sem vilja vera pólitískir - án þess að vera samt Pólitískir. Dagur [B. Eggertsson] á því vel heima þar og hlýtur í raun, eins og fyrir Guðdómlega forsjón, að vera það áskapað að taka við þessum flokki og leiða hann út úr ógöngunum. Þótt vandinn sé stór er rótin í rauninni ekkert annað en minniháttar ímyndarvandamál í firringu nútímastjórnmálanna sem nú verður leyst í sjónhendingu: Kjósum Dagbé - en ekki exbé.

**Guðmundur Rúnar Svansson á deiglan.com**

### Metin að verðleikum

Það er vitanlega ekki mikið að marka skoðanakannanir og sumar sennilega jafnvel minna en aðrar. En engu að síður var forvitnilegt atriði í skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær um traust til stjórnmálamanna. Þar segir að svo mikið sem 8,7 % landsmanna treysti Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur best allra stjórnmálamanna. Það samsvarar þriðja hverjum Samfylkingarmanni svo Ingibjörg Sólrún er greinilega í stórsókn. Og segi menn svo að stjórnmálamenn séu aldrei metnir að verðleikum.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Eymdin í Írak

Við Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður erum staddir í örstuttri heimsókn í Napolí á fundi þingmannasambands Nato. Stríðið í Írak og átökin sem blossað hafa upp fyrir botni Miðjarðarhafsins eru á dagskrá - og ekki síst afstaðan til Hamas. [...] Í gær hlustuðum við á sérfræðinga um Írak. Sumir voru akademíkar úr háskólum, aðrir nýkomnir úr herleiðöngrum til Írak. Allir spegluðu sömu vonbrigðin með þróun mála og voru ákaflega svartsýnir á framhaldið. [...] Eymdin sem lýst er af bæði herforingjunum og akademikerum er ólýsanleg. Hversu lítil eru ekki vandamál okkar á Íslandi í samanburði? Ósjálfrátt kemur mér í hug setningin sem U Thant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði þegar hann kom til Íslands fyrir áratugum: Það er gott að koma til lands þar sem eru engin vandamál.

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**






Bókaðu gæði og gott verð!

Ísландsprent

- orð skulu standa!

569 7200
www.isprent.is

# Samfélagið viðurkennir mannréttindi samkynhneigðra

UMRÆÐAN
RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR
ALÞINGISMAÐUR

Um þessar mundir fagna samkynhneigðir þeim tímamótum að búið er að samþykkja lög á Alþingi sem færa þeim mannréttindi til jafns á við aðra þegna í þjóðfélaginu. Lögin taka til skattalegs hagræðis, erfðaréttar, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. En hvað þýðir þetta í raun?

Samkynhneigð pör sem búið hafa saman hafa ekki notið samsköttunar eins og önnur pör og hafa fram að þessu verið skilgreind í skattkerfinu sem tveir einstaklingar sem búa á sama stað. Þannig má t.d. benda á að samkynhneigð pör hafa ekki notið millifærslu á persónuafslætti eins og önnur pör. Þau hafa heldur ekki notið þess að erfa hvort annað nema með sérstökum samningi þar að lútandi, ólíkt öðrum pörum, né heldur notið réttinda sem hjón í almannatryggingakerfinu eða félagslega kerfinu. Er það því fagnaðarefni að samkynhneigð pör á Íslandi skuli nú loks njóta sömu mannréttinda hvað varðar opinbera meðferð sem fullgildir þegnar í okkar samfélagi sem greiða sína skatta og leggja sitt af mörkum til samfélagsins, rétt eins og aðrir.

Samkynhneigðir njóta nú jafnframt sömu réttarstöðu og gagnkynhneigðir varðandi fullan rétt til fjölskylduþátttöku. Lesbíur hafa með lögunum öðlast þau mannréttindi að geta sótt þjónustu þeirra aðila sem framkvæma tækni- og glasafrjóvganir og geta því orðið mæður án beinnar aðkomu karlmanna. Jafnframt er opnað fyrir þann möguleika að samkynhneigð pör geti ættleitt börn. Mikilvægt er að benda á, í þessu samhengi, ólíkt því sem margir hafa haldið fram í umræðunni, að rannsóknir sem gerðar hafa verið um foreldrahlutverk samkynhneigðra að færni þeirra er ekki lakari en gagnkynhneigðra foreldra. Meginforsenda þess að par geti ættleitt barn er að hagir og aðstæður væntanlegra kjörforeldra séu þannig að barnið búi við vænleg þroskaskilyrði og að foreldrarnir, hver kyns sem þeir eru, séu færir um að veita barninu umönnun og ástúð. Ekki hefur verið sýnt fram á það að samkynhneigðir foreldrar séu lakari en gagnkynhneigðir og á því byggir þessi löggjöf, en ekki fordómum og kjaftasögum.

Mikilvægast er þó að umræða um samkynhneigð hefur með árunum opnast og fræðsla aukist. Í réttu hlutfalli minnka fordómar gegn samkynhneigðum. Ég er stolt af því að búa í samfélagi sem fordómalaust er tilbúið til að stíga þetta skref með hópi sem háð hefur baráttu sína af sanngirni og með faglegum hætti. Löggjöf þessi stuðlar að því að samfélagið allt viðurkennir mannréttindi samkynhneigðra og ætti hún því að verða til þess að misrétti, útskúfun og fordómar gegn hommum og lesbíum heyri sögunni til.

Til hamingju Íslendingar með að búa í víðsýnu og framsýnu samfélagi sem viðurkennir alla þegna þess burtséð frá litarhætti, kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðernisuppruna, efnahag, ætterni og kynhneigð.

# Mávar og vígreifir menn

UMRÆÐAN
MÁVAR



EINAR GUNNAR BIRGISSON
RITHÖFUNDUR

*Ef á að fara í stórfellda útrýmingu á sílamávi þá þarf að upplýsa um kostnaðinn, hver borgi brúsann og einnig hvað mun ávinnast. Það eru reyndar aðrir hlutir til meiri ama fyrir fólkið í borginni en mávurinn.*

Ég opnaði Moggann á fögrum morgni nú fyrir skömmu og fljótlega rak ég augun í viðtal við Gísla Martein sem er greinilega kominn í hlutverk hins vígreifa ofurhuga. Sílamávurinn er problem segir Gísli skælbrosandi, þeir eru fólki til ama og drita út um allt. Sannkallaður ófögnuður. Nú skal safna liði og segja þeim stríð á hendur. Það var augljóst í greininni að hann yrði yfirhershöfðingi aðgerðanna og myndi stjórna öllu með harðri hendi. Kannski mun hann standa í fullum skrúða á þaki ráðhússins og stjórna þar aðgerðum. Það yrði í anda herkonunga forðum daga sem ávallt voru sjálfir í fremstu víglínu.

Já og humm segi ég nú bara. Ég man þá tíð að Reykjavík var full af dúfum, allavega Árbæjarhverfið þar sem ég ólst upp. Þær sátu kurrandi á húsþökum og þakrennum. Skemmtilegir og nytsamlegir fuglar sem auðvitað drituðu út um allt. En fugladrit er nú bara áburður fyrir jörðina. Það var siður stráka að safna dúfum og geyma í svokölluðum dúfnakofum. Dúfurnar voru á litinn eins og íslensku hestarnir og voru því til í öllum regnbogans litum. Síðan hurfu þær. Þær voru víst ýmsum til ama, flokkuð sem meindýr og var að mestu útrýmt eftir því sem ég best veit.

Það var líka mikið af músum í hverfinu hér í den tid, svo og kindum og hestum. Kóngulær voru líka út um allt en það sem kemur út um afturendann á þeim er nú ekki stórt í sniðum. Stórt mávavarp mátti finna ekki langt frá þeim stað þar sem Moggahöllin stendur nú. Mikið af mávum þar og sídritandi eins og gefur að skilja. Mófuglar voru líka mjög algengir í nálægð hverfisins. Allt þetta dýralíf er horfið.

Mávurinn er virðulegur og tignarlegur fugl sem svífur um í háloftunum og talar stundum við sjálfan sig og aðra máva. Sannur heimspekingur. Hann hreinsar upp matarleifar sem hent er á víðavangi. Dritið sem kemur frá honum er áburður fyrir jörðina og salmonellur eru út um allt og eru varla bundnar við sílamávinn. En þetta er stór fugl og áberandi og er þar og að öðru leyti andstæða skógarþrastarins og starrans sem er mikið um í borgarlandinu. Og þeir drita líka út um allt.

Það er augljóst að það eru á teikniborðinu stórfelldar og dýrar aðgerðir til útrýmingar á sílamávi í borgarlandinu og nálægð þess. Enn betra er vit en strit og kannski eru einföldu lausnirnar heppilegri. Ef á að fara í stórfellda útrýmingu á sílamávi þá þarf að upplýsa um kostnaðinn, hver borgi brúsann og einnig hvað mun ávinnast. Það eru reyndar aðrir hlutir til meiri ama fyrir fólkið í borginni en mávurinn. Hér er ég að tala um hávaðasömu smárellurnar sem pesta lofthelgi borgarinnar, sérstaklega á góðviðrisdögum. Það væri frekar að losa okkur við þá óværu, sem á upptök sín í Vatnsmýrinni, frekar en að segja vesalings mávunum stríð á hendur. Smárellupestin er til mikils ama og er hér verðugt verkefni að leysa fyrir vígreifa ofurhuga sem vilja þjóna borgarbúum. Svona í lokin þá legg ég til að yfirhershöfðinginn lesi bókina Jónatan Livingston Mávur.







AF NETINU

### Vikið af leið

Ríkisstjórnin hefur vikið af þeirri leið sem stjórnarsáttmálinn markar og lækkað lánshlutfallið í 80% og hámarkslánið í 17 mkr. Hann er samþykktur af þeim sem standa að ríkisstjórninni og við hann verður að standa. Sé talið þörf á að breyta sáttmálanum verður að taka það fyrir með sama hætti og sáttmálann þegar hann var gerður. Annað er ekki ásættanlegt.

**Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is**

### Athafnastjórnmál blífa

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík kynnti einmitt þetta slagorð [athafnastjórnmál] til sögunnar fyrir síðustu kosningar og nýr meirihluti í borginni hefur gert það að sínu og sagt tíma samræðustjórnmálanna liðinn. Ætli það geti verið að Reykvíkingar og raunar landsmenn allir séu sama sinnis? Að þeir vilji frekar að stjórnmálamenn geri sig skiljanlega á mannamáli og segi meiningu sína, fremur en skrúðmælgi um ekki neitt og endalaus fundahöld og nefndastörf. Að þeir telji raunverulega kominn tíma á athafnastjórnmál? Og þess vegna fari þetta hugtak svona svakalega í taugarnar á formanni Samfylkingarinnar? Það skyldi þó ekki vera.

**Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is**

**MARIA SKLODOWSKA-CURIE (1867-1934), LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Maður tekur aldrei eftir því sem hefur verið gert, heldur getur bara séð það sem er enn eftir að gera.“*

***Pólska vísindakona sem betur er þekkt undir nafninu Marie Curie vann mikið brautryðjendastarf með manni sínum Pierre.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 4. JÚLÍ 1826

# *Adams og Jefferson deyja á sama degi*

Þennan dag árið 1826, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, bar dauða tveggja forseta landsins að. Þeir John Adams, annar forseti Bandaríkjanna og Thomas Jefferson, þriðji forsetinn, báru beinin þegar fimmtíu ár voru liðin frá því að sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna tók gildi en þeir voru tveir af höfundum hennar. Þeir höfðu hvor um sig mikil áhrif á þróun og sögu Bandaríkjanna en Thomas Jefferson var aðalhöfundur sjálfstæðisyfirlýsingarinnar sem var skrifuð árið 1776.

Adams og Jefferson voru andstæðingar í pólitík og bar Adams sigurorð af Jefferson í kosningum árið 1796. Jefferson varð samt sem áður varaforseti hans og síðari ár þeirra tókst vinskapur með þessum fornu fjendum sem skrifuðust töluvert á og ræddu pólitík. Litið er á bréfaskriftir þeirra sem meistaravek upplýsingarinnar.

Að þeir vinirnir dóu á sama degi þótti ótrúleg tilviljun sérstaklega þar sem dauða þeirra bar upp á fimmtíu ára afmælisdegi sjálfstæðisyfirlýsingarinnar. Síðustu orð Johns Adams eru sögð hafa verið: „Thomas Jefferson lifir enn,“ jafnvel þó að þessi gamli vinur hans hefði látist nokkrum klukkutímum fyrr.



**ADAMS OG JEFFERSSON LÉTUST Á SAMA DEGI.**

## MERKISATBURÐIR

**1685** Halldór Finnbogason er brenndur á báli á Þingvöllum fyrir að snúa Faðirvorinu upp á andskotann. Þetta var síðasta galdrabrennan hér á landi.

**1776** Bandaríkin lýsa yfir sjálfstæði sínu frá Bretum.

**1966** Ráðist er á Bítlana í Filippseyjum eftir að þeir móðguðu Imeldu Marcos.

**1968** Bretinn Alec Rose snýr aftur í heimahöfn eftir að hafa siglt skútu einsamall í kringum heiminn á 354 dögum.

**1996** Hotmail, ókeypis tölvupóstþjónusta, hefur göngu sína.

**1997** Ómannaða bandaríska geimfarið Pathfinder lendir á Mars eftir sjö mánaða ferðalag.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## ÚTFARIR

11.00 **Óli Haukur Sveinsson** vélstjóri, Háengi 19, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.00 **Sigurður Kristján Kristbjörnsson,** Hofsvallagötu 16, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Soffía Jónsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

15.00 **Þórir Már Jónsson,** Melabraut 6, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur, bróðir, frændi og tengdasonur,*

**Eiður Arnarson**

Fagrahvammi 3, Hafnarfirði,

sem lést í Portúgal þann 21. júní sl. verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 5. júlí kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hins látna eru beðnir um að láta minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karitas njóta þess, sími: 551 5606.

**Hafdís Stefánsdóttir**
**Einar Rafn Eiðsson**
**Einar Örn Eiðsson**
**Valur Rafn Valgeirsson** **Stefanía Helga Pálmarsdóttir**
**Eiður Rafn Valsson**
**Hallfríður Freysteinsdóttir**
**Guðbjörg Kristín Arnardóttir**
**Örn Bjarnar Marteinsson**
**Guðrún Sigurmannsdóttir**



*Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,*

**Sigmar Jóhannesson**

sjómaður, Egilsbraut 2, Þorlákshöfn,

verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju 5. júlí kl. 14.00.

**Helena Rós Sigmarsdóttir**
**Ægir Snær Sigmarsson**
**Hrannar Már Sigmarsson**
**Ástríður Rán, Askur Máni, Breki Blær**
**og systkini hins látna.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Jónsson**

frá Köldukinn í Dalasýslu, Hraunbæ 90, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum sunnudaginn 25. júní sl. verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 15.00.

**Guðrún Hjartardóttir**
**Anna Jóna Sigurðardóttir** **Einar H. Kristjánsson**
**Karl Arne Sigurðsson** **Birthe Sigurðsson**
**Árni Sigurðsson** **Selma Magnúsdóttir**
**Hjörtur E. Sigurðsson**
**Ingunn Sigurðardóttir** **Jón Axel Brynleifsson**
**Jón Óli Sigurðsson** **Kristín Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ZAKIR JÓN GASANOV FORMAÐUR AZERI** Á heimili Zakirs eru margir munir sem minna á upprunaland hands, Aserbaídsjan. Á veggnum hangir mynd af forsetanum sem hefur gert mikið til að halda tengslum við brottflutta Asera og styður við bakið á stofnunum vináttufélaga víðsvegar um heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

## ÍSLAND OG ASERBAÍDSJAN: VINÁTTUFÉLAG STOFNAÐ

# Mikill áhugi á Aserbaídsjan

Landið Aserbaídsjan í Kákasusfjöllum er flestum Íslendingum. Á Íslandi búa þó sjö Aserar sem hafa tekið sig saman um að stofna vináttufélag Íslands og Aserbaídsjan. Zakir Jón Gasanov er formaður félagsins sem hefur fengið nafnið Azeri. Hann hefur búið á Akureyri frá árinu 1998 og er áfjáður í að kynna menningu lands síns fyrir Íslendingum.

„Íslendingar eiga allt og þess vegna er svo gaman fyrir þá að kynnast alveg nýju landi,“ segir Zakir. Hann segir að Íslendingar þekki ekki mikið til Aserbaídsjans og þess vegna sé mikilvægt fyrir hann að kynna landið. „Ég er núna búinn að búa hérna á Íslandi í níu ár og það hafa svo margir spurt mig á þessum tíma um Aserbaídsjan. Menntað fólk veit reyndar meira um landið en þeir sem hafa ekki lært mikið í skóla vita alls ekki mikið.“

Frumkvæði að stofnun félagsins kom frá stjórnvöldum í Aserbaídsjan þótt Zakir hafi lengi borið hugmyndina með sér. „Fyrrverandi forseti Aserbaídsjans stóð fyrir því að hafa samband við fólk frá Aserbaídsjan sem býr úti um allan heim. Haldin er ráðstefna á fimm ára fresti þar sem þetta fólk hittist til að fara síðan heim til sín aftur og kynna Aserbaídsjan þar,“ útskýrir Zakir. Hann fór á slíka ráðstefnu í mars og stofnaði upp úr því félagið Azeri. „Fólk frá sextíu löndum kom saman þarna á ráðstefnunni, en ég var bara einn frá Íslandi þar,“ bætir hann við.

Til gamans má geta þess að koma Zakirs vakti athygli hjá aserskum fjölmiðlum enda þótti þeim fréttaefni að landi þeirra væri kominn svo langt að. „Ég fór í viðtal við blað sem þótti spennandi að ég kæmi alla leiðina frá Íslandi,“ segir Zakir og hlær að því að vináttufélagið hans veki athygli í fjölmiðlum beggja landa.

Stjórnvöldum í Aserbaídsjan er mikið í mun að kynna land sitt og þjóð fyrir umheiminum. Stríð stóð yfir milli Aserbaídsjans og Armeníu um 1990 og enn deila löndin um landamæri sín á milli, auk yfirráða yfir landssvæðunum Nagorno-Karabakh. „Við viljum gjarnan sýna fólki okkar réttindi í deilunum við Armeníu sem tóku af okkur ellefu borgir og halda þeim enn,“ segir Zakir. Hann nefnir einnig ferðamannaiðnaðinn og undirstrikar að Aserbaídsjan sé ákjósanlegur áfangastaður fyrir Íslendinga. „Aserbaídsjan er alveg öruggt land og hefur upp á ýmislegt að bjóða. Meðal annars liggur landið að Kaspíahafinu svo þar eru strendur og fleira.“

Greinilegt er að mikill áhugi er fyrir Aserbaídsjan á Íslandi og hefur starf vináttufélagsins byrjað vel. „Ég er búinn að halda menningarkvöld hér á Akureyri sem tókst mjög vel. Þangað komu yfir sjötíu manns og það var mjög gaman,“ segir Zakir. Á menningarkvöldinu var haldin kynning á landinu, dönsum, tónlist og ýmsum þjóðarréttum. Zakir hefur í hyggju að halda fleiri slík kvöld og láta félagið einnig standa fyrir aserskum hátíðum á sama tíma og þær eru haldnar á heimaslóðum hans. „Vonandi getum við líka einhvern tímann staðið fyrir ferð til Aserbaísdjans svo að Íslendingar geti komið og heimsótt landið,“ segir Zakir Jón Gasanov.



## 70 ára afmæli

*Í dag 4. júlí verður sjötugur*

**Sigurður Engilbert Hannesson**

*múrarameistari*
*Strandvegi 7, 210 Garðabæ.*
*Hann og konan hans,*
*Guðrún Böðvarsdóttir,*
*verða að heiman í dag.*



**STOKKIÐ Í SÓLARLAGINU** Ung stúlka stekkur hér af bryggju ofan í svalandi sjóinn eftir heitan sumardag í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# STUÐ MILLI STRÍÐA Skin og skúrir

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** FINNST RIGNINGIN GÓÐ



Í síðasta mánuði sáu himnarnir að sér í heila sex daga og felldu ekki eitt einasta rigningartár í höfuðborginni. Alla hina 24 dagana rigndi. Ástæðan fyrir því að ég veit þetta er að í vinnunni gekk tölvupóstur manna á milli, með þessum ágætu upplýsingum. Fólk er orðið dauðþreytt á blessaðri rigningunni og er farið að þrá sólina. Og þráin er sterk.

Mér hefur reyndar alltaf þótt mikill sjarmi yfir góðum rigningardegi. Á slíkum degi dregur maður fram góða bók, kúrir undir sæng, horfir á bíómynd eða kafar djúpt ofan í sálarfylgsnin og hugsar um tilgang lífsins. Minningar dansa um hugann, góðar og slæmar og ætíð ómar einhversstaðar viðeigandi tónlist sem eykur á áhrifin. Ég efast til dæmist ekki um að fyrsti djass tónninn hafi verið sleginn á rigningardegi.

Rigning er nefnilega sjálfskipuð sviðsmynd og sennilega enginn fengið jafnmörg hlutverk í kvikmyndum og einmitt hún. Hún hefur einnig spilað stórt hlutverk í skáldsögum, ljóðum og kvæðum, þar sem hún skapar hið fullkomna andrúmsloft.

Eitt sinn gekk ég eftir aðalgötu í smábæ í Þýskalandi á hvítasunnudag. Sólin skein skært, en veður skipaðist í lofti fljótar en það tók mig að blikka auga og skyndilega hellirigndi. Hver einasti maður stökk í skjól, nema ég. Gatan var mín og um leið og ég gekk alein eftir götunni fylgdu mér undrandi augu og kirkjuklukkurnar tóku að hljóma. Verst að ég var ekki á kjól og háum hælum með eldrauðar varir, labbandi burt frá dramatísku ástarsambandi við frakkaklæddan mann í svarthvítum heimi. Það hefði verið viðeigandi.

Á íslensku sumri er ætíð hægt að stóla á regnið, það er okkur trúrra og tryggara en sólin sem við þráum þó svo heitt. Sólin, á hinn bóginn, er svikull elskhugi. Hún vermir ból fleiri en okkar og kemur nánast aldrei þegar nærveru hennar er óskað. Við fyrigefum henni þó allt þegar hún loksins lætur sjá sig og leyfum henni að brenna sig inn í hjörtu okkar og fullnægja okkur. Þegar hún svo fer, söknum við hennar og bíðum spennt næsta fundar. Og að sjálfsögðu bíðum við í rigningu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 13.00**

*Geimfarinn víðförli Bjarni Tryggvason fjallar um geimferðir og rannsóknir í stofu 101 í Lögbergi. Bjarni starfar við rannsóknir hjá kanadísku geimferðastofnuninni og ferðaðist í ellefu daga með geimskutlunni Discovery árið 1997.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Fjölbreytt hugvit og hönnun*

Sérstök sýning á munum sem unnir eru úr afurðum sem tengjast svæðinu umhverfis Vatnajökul verður opnuð að Geirlandi í Skaftárhreppi á morgun. Sýningin er árangur opinnar hugmyndasamkeppni um þjóðgarðsafurð úr ríki Vatnajökuls sem hleypt var af stokkum í janúar síðastliðnum. Skilyrði var að varan væri gæðaframleiðsla og markaðsvæn en afurðirnar ná bæði til vöru og þjónustu sem hugvitssamir þátttakendur hafa þróað.

Hugmyndasamkeppnin er hluti af svokölluðu NEST (Northern Environment of Sustainable Tourism) verkefni sem er samvinnuverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar og Skotlands styrkt af Norðurslóðaáætlun ESB. Meginmarkmið þess er að nýta þau tækifæri sem felast í búsetu nálægt þjóðgörðum og öðrum verndarsvæðum með því að efla og stjórna ferðamennsku sem samræmist skilyrðum um sjálfbæra þróun. Á sýningunni í Geirlandi verða jafnframt myndir af vinningshugmyndum um þjóðgarðsafurð frá öðrum þátttökulöndum NEST.



**VINNINGSAFURÐIN, HÚFAN JÖKULSKALLI EFTIR BJARGEYJU INGÓLFSDÓTTUR** Sýning á afurðum úr ríki Vatnajökuls verður opnuð á morgun.

Sýningin verður opin í Geirlandi til og með 14. júlí, en þá verður hún flutt í Skaftafellsstofu. Henni mun svo ljúka í haust á Höfn í Hornafirði. Verðlaunaafhending fyrir þrjár bestu afurðirnar að mati dómnefndar fer fram samhliða opnun sýningarinnar í Geirlandi.

### > Ekki missa af...

myndlistarsýningu **Jóníar Jónsdóttur** í galleríi **Turpentine** í Ingólfsstræti. Frumlegar uppstillingar kalla á annarleg hugrenningatengsl.

blúshátíð í **Ólafsfirði** í vikunni. Blúsaðir **Norðlendingar** fá góða gesti.

sumartónleikum í **Skálholti**. Nútíma- og endurreisnartónlist í frábærum flutningi og andlegt **sólskin** á íslenskum söguslóðum.



**BANDARÍSKA BLÚSSÖNGKONAN ZORA YOUNG** Yljar íslenskum tónlistarunnendum um hjartarætur á ný.

# Tregi á Tröllaskaga

Árleg Blúshátíð verður sett á Ólafsfirði í sjöunda sinn næstkomandi fimmtudag. Þar koma fram allir helstu blústónlistarmenn landsins, ásamt heimafólki af Tröllaskaga. Sérstakur gestur hátíðarinnar verður blúsdívan frá Chicago, Zora Young, sem sló í gegn á Blúshátíð í Reykjavík í vor með Vinum Dóra.

Hátíðin hefst með skemmtikvöld í samkomuhúsinu Tjarnarborg en þar leika mörg af skemmtilegustu böndum landsins sem þekkt eru fyrir grallaraskap og gæðatónlist til dæmis hljómsveitirnar Hundur í óskilum, Túpílakar og Hvanndalsbræður. Kynnir kvöldsins verður félagslífsfrömuðurinn Júlli Júll.

Á föstudagskvöldið kemur íslenska blúslandsliðið, The Legends Blues Band fram í fyrsta sinn; söngkonurnar Andrea Gylfadóttir og Berglind Björk Jónasdóttir ásamt gítarleikurunum Guðmundi Péturssyni, Björgvin Gíslasyni, Halldóri Bragasyni, Sigurði Sigurðssyni munnhörpuleikara, Einari Rúnarssyni hammond-organista, Birgi Baldurssyni trommuleikara og Róbert Þórhallssyni bassaleikara. Þá verða einnig kynntar niðurstöður keppni um blúsflytjanda ársins en valið fer fram á Rás 2 í samvinnu við Blúshátíð Ólafsfjarðar og heimamenn.

Sálmatónleikar verða í Ólafsfjarðarkirkju á laugardaginn þar sem söngkonurnar Andrea Gylfadóttir og Berglind Björk Jónasdóttir koma fram ásamt skrautfjöður hátíðarinnar, bandaríska blúsdrottningin Zora Young, kemur einnig fram. Zora Young mun síðan syngja um kvöldið ásamt The Blue Ice Band.

**-khh**

# Heildarmyndin

Kynningardiskurinn Iceland - The Big Picture er nú fáanlegur í bókaverslunum en á honum má finna upplýsingar um land og þjóð. Efni disksins er skipt upp í yfir þrjátíu þætti og fjalla meðal annars um menningu, staðhætti og þróun í orkumálum, tækni og viðskiptalífi. Diskurinn er á ensku en er textaður á frönsku, þýsku, ítölsku og spænsku.

Framleiðandi er margmiðlunarfyrirtækið Gagarín.

**- khh**



**KYNNINGARDISKUR UM ÍSLAND** Allt frá íslenskum hestum til orkumála.




















# Aulahrollvekja af verstu sort

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN

Arkitektinn Michael Newman (Sandler) á erfitt með að samræma vinnu og fjölskyldulífið. Á leið sinni upp metorðastigann þarf hann að smjaðra fyrir yfirmanni sínum (Hasselhoff) sem þrælar honum að sama skapi út eins og hann getur, eiginkonu Michaels og börnum til mikillar armæðu. Fyrir tilviljun kynnist Michael manni að nafni Morty, sem gefur honum fjarstýringu sem býr yfir duldum kostum og virkar á öllum stigum tilverunnar og getur hækkað og lækkað, sett á pásu og hraðspólað fram og til baka í lífinu.

Til að byrja með virðist fjarstýringin mikill kostagripur og auðveldar Michael lífið til muna, þar sem hann getur nú einbeitt sér að vinnunni og hraðspólað yfir þá þá kafla í lífi sínu sem honum leiðist. Þetta er hins vegar tvíeggjað sverð því brátt tekur fjarstýringin upp á því að hraðspóla yfir heilu kaflana í lífi Michaels án þess að hann fái við nokkuð ráðið og áður en hann veit af hefur hann tapað öllu sem honum er kært.

Adam Sandler og Frank Coraci hafa verið félagar frá því í háskóla en samstarf þeirra hófst með hinni ágætu mynd The Wedding Singer árið 1998. Alltof skömmu síðar leiddu þeir saman hesta sína aftur í hinni vitavitlausu og ófyndnu The Waterboy. Í Click höggva þeir félagar því miður í sömu knérunn og illu heilli með enn verri árangri. Klisjukenndum söguþræði má bjarga fyrir horn með góðu gríni en því er ekki fyrir að fara í þessari mynd; þvert á móti er Click svo slæm að aðeins vantar herslumuninn upp á að hægt sé að hafa gaman af því.



**CLICK**

**Leikstjóri:** Frank Coraci **Aðalhlutverk:** Adam Sandler, Kate Beckinsdale, David Hasselhoff og Christopher Walken.

**Niðurstaða:** Misheppnuð mynd í flesta staði.

Þótt margar, ef ekki flestar, myndir Sandlers gangi út á vitleysisgang má, hafa gaman af nokkrum þeirra. Húmor hans er fyrst og fremst dólgslegur og því borin von að hann geti sleppt af sér beislinu og „blómstrað“ í mynd fyrir alla fjölskylduna. Lægstu lægðunum nær hún í melódramatískum tilþrifum þar sem heilu lítrarnir af köldu vatni renna milli skinns og hörunds áhorfandans og framkalla svo ákafan aulahroll að hann skilur eftir harðsperrur.

Um aðra leikara er fátt gott að segja; Kate Beckinsdale var greinilega eingöngu fenginn til að vera hluti af sviðsmyndinni. Hún lítur vissulega dável út á boxernærbuxunum og náttbolnum, sem hún skartar einum klæða nánast alla myndina, en blautt handklæði gæti leikið rulluna. Þá er bókstaflega pínlegt að horfa upp sérlega aulalegan Christopher Walken í hlutverki Morty. Það eina góða sem um þessa mynd er hægt að segja er að þegar persóna Sandlers er komin á gamals aldur er hún merkilega lík Leonard Cohen.

Click er í flesta staði misheppnuð mynd. Myndi maður eignast fjarstýringu á borð við þá sem myndin snýst um væri býsna freistandi að taka yfir þessa upplifun.

**Bergsteinn Sigurðsson**






# Logi þjálfar Nördana

Logi Ólafsson, knattspyrnuþjálfari, hefur fengið það verðuga verkefni að gera fimmtán nörda sem hafa ekki snefil af fótboltahæfileikum að úrvalsleikmönnum á aðeins tveimur mánuðum. Tökur hófust í gær á sjónvarpsþættinum Íslensku nördarnir sem sýndir verða á Sýn en fylgst verður með nördunum fimmtán frá því að þeir mæta á fyrstu æfinguna með Loga og þangað til þeir keppa við Íslandsmeistarana í knattspyrnu.

Fyrrum landsliðsþjálfarinn í knattspyrnu á sennilega erfiða daga framundan, enda eru íslensku nördarnir ekki gott fótboltaefni að moða úr. Hins vegar mega tilvonandi fótboltahetjurnar teljast heppnar að komast úr áskoruninni lifandi því Logi sýnir örugglega enga linkind. Bjarni Haukur Þórsson, grínisti með meiru, leikstýrir þáttagerðinni en Íslensku nördarnir birtast á skjánum í haust.



**LOGI ÓLAFSSON MÆTTUR TIL STARFA** Fróðlegt verður að sjá hvað Loga tekst að gera úr nördunum á tveimur mánuðum. LJÓSMYND/HALLDÓR KOLBEINS

**-rsg**







**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3-5:30-8-10:20 | B.I. 12 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 VIP | KL. 4:15-8-10:20 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| THE LAKE HOUSE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| SHE´S THE MAN | KL. 3-5:45-8 | |
| POSEIDON | KL. 10:30 | B.I. 14 |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 3:30-6-8:15-10:30 | B.I. 12 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3:30-5:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 3:30-6-8-10:30 | |
| *POSEIDON | KL. 8:30 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE CLICK | KL. 8-10:10 | B.I. 10 |
| THE FAST AND THE FURIOUS 3 | KL. 8-10:10 | B.I. 12 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE LAKE HOUSE | KL. 8-10 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 | |
| CARS enskt tal | KL. 5:40-8 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:20 | B.I. 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| THE LAKE HOUSE | KL. 6-8:15-10:30 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20 | B.I. 14 |
| SLITHER | KL. 11 | B.I. 16 |
| MI:3 | KL. 10:30 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þeir sem telja sig eiga séns í Jessicu Simpson eða Nick Lachey geta tekið gleði sína því formlegur skilnaður hjónakornanna er genginn í gegn.



Við sama tækifæri lét Jessica breyta nafni sínu aftur og heitir nú ekki lengur Jessica Simpson Lachey heldur aðeins Jessica Simpson. Ekki dugði minna en dómara til þess að reka smiðshöggið á skilnaðinn og hjónaleysin létu kveðja til dómara sem sestur var í helgan stein í „þeim tilgangi einum að binda enda á hjónabandið“, eins og segir í tilkynningu frá þeim. Þau hafa þó ekki gengið frá fjármálum sínum, sem hafa verið þrætuepli þeirra frá því að Jessica sótti um skilnað í desember í fyrra, en Nick stendur í þeirri trú að hann eigi rétt á meðlagi frá fyrrverandi konu sinni.



Tæplega þrítugum Jórdana er gefið að sök að hafa villt á sér heimildir og þóst vera Hollywood-stjarnan Brad Pitt í þeim tilgangi að svíkja fé út úr fjármálafyrirtæki í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Maðurinn notaði mynd af leikaranum úr myndinni Fight Club og setti í skilríki sem hann notaði til að taka 1,7 milljónir króna úr fjármálafyrirtæki í Dubai. Hann var hins vegar gripinn glóðvolgur og hefur verið ákærður fyrir fjársvik. Hann harðneitar að vita nokkur deili á Brad Pitt og segist hafa leitað að myndum á netinu og valið af handahófi.



David Hasselhoff, fyrirmynd allra strandvarða og þeirra sem vilja yfirhöfuð vera töff, er óðum að braggast eftir að hafa gengist undir bráðauppskurð eftir slæmt slys við rakstur. Leikarinn skar óvart í sundur sin á handleggnum á meðan hann var að raka sig á hóteli í London á fimmtudag. Tildrög slyssins voru þau að á meðan Hasselhoff, fullur einbeitingar, renndi rakhnífnum eftir kjálka sínum rak hann höfuðið í kristalsljósakrónu með þeim afleiðingum að hún brotnaði og skarst eitt glerbrotið í handlegginn á Hasselhoff. Eftir að læknar gerðu að meiðslum hans gisti leikarinn eina nótt á sjúkrahúsi en hann er staddur í London til að taka upp auglýsingu fyrir netfyrirtæki þar í borg.



Leikarinn Woody Harrelson er kominn í klandur en ljósmyndari í Hollywoood hefur kært hann til lögreglu fyrir að grípa hann kverkataki. Leikarinn var að yfirgefa vinsælan skemmtistað í félagi við þrjár konur og tvo karla þegar nokkrir ljósmyndarar fóru að smella af myndum. Þetta fór í taugarnar á Woody, sem lagði lófa sinn yfir linsu á vél eins ljósmyndarans og bað hann að hætta að mynda. Ljósmyndarinn þráaðist við og brutust út slagsmál, sem annar ljósmyndari festi á filmu.








**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið



## Gallagher á Esso-mótinu

Dermot Gallagher, einn virtasti dómari Englands, mun dæma nokkra leiki á Esso-mótinu á Akureyri sem hefst á miðvikudag. Hann hætti alþjóðlegri dómgæslu 2002 þegar hann varð 45 ára en hann dæmdi fjölmarga landsleiki og leiki í meistaradeildinni. Þetta er í annað sinn sem hann dæmir hér á landi en hann dæmdi úrslitaleikina á Rey-Cup í fyrra.

**sport**

sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: DRAUMURINN ER AÐ SLÁ CHELSEA ÚT ÚR MEISTARADEILDINNI

# *Stuðningsmenn reiðir vegna ummæla Eiðs*

Stuðningsmenn Chelsea eru reiðir og sárir út í fyrrverandi heiðursfélaga sinn Eið Smára Guðjohnsen vegna ummæla sem hann lét falla um helgina. Ýmsar fréttastofur, þar á meðal Sky Sports, hafa greint frá því að æðsti draumur Eiðs Smára á næstu leiktíð sé að slá Chelsea út úr meistaradeildinni með sínu nýja liði, Barcelona. „Ég náði mínu markmiði að vinna enska meistaratitilinn með Chelsea. Nú er draumurinn að slá Chelsea út úr meistaradeildinni. Barcelona spilar öðruvísi en öll önnur lið þar sem áherslan er lögð á sóknina. Ég elska þannig fótbolta og get ekki beðið eftir fyrsta leiknum.“



Þessi ummæli Eiðs ollu reiði á meðal stuðningsmanna Chelsea sem telja að Íslendingurinn sé að sýna sínu gamla félagi mikla óvirðingu. Farið er ófögrum orðum um Eið Smára á spjallsvæði stuðningsmannanna og vanda nokkrir honum ekki kveðjurnar. Eiður er sagður strá salti í sárin og að aldrei nokkurn tímann hafi fyrrverandi leikmaður Chelsea talað svona niður til félagsins, ekki einu sinni Adrian Mutu. Aðrir styðja íslenska landsliðsfyrirliðann með heilum hug og segja ummælin sjálfsögð, enda langi öllum leikmönnum að vinna í meistaradeildinni. Einn netverjinn fullyrðir að ummæli Eiðs hafi verið mistúlkuð og að þau hafi verið tekin úr viðtali sem birtist við hann á sjónvarpsstöðinni Eurosport fyrir helgi. Þar hafi Eiður sagt réttilega þegar hann var spurður gagngert út í hugsanlega viðureign Chelsea og Barcelona á næstu leiktíð: „Draumurinn er að mæta Chelsea í úrslitaleiknum og vinna.“



### > Líklega lánaður frá Hearts

Unglingalandsliðsmaðurinn Hjálmar Þórarinsson verður líklega lánaður frá skoska úrvalsdeildarliðinu Hearts til annars liðs í Skotlandi á næstu leiktíð. Þetta sagði Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hjálmars, í samtali við Fréttablaðið í gær. Að sögn Ólafs vill Hearts helst ekki missa Hjálmar úr sínum röðum en sjálfur hefur hann takmarkaðan áhuga á að spila með varaliði félagsins í allan vetur, eins og allt útlit er fyrir að verði. Þar sem Hearts hefur auk þess skellt býsna háum verðmiða á Hjálmar er líklegast að hann verði leigður og þá helst til annars liðs í Skotlandi, en forráðamenn Hearts ætla sér að fylgjast grannt með frammistöðu íslenska framherjans.



## TÖLFRÆÐIN Í SUMAR

### MEÐALEINKUNN LIÐA

| | |
|---|---|
| **1. FH** | **6,24** |
| 2. Keflavík | 6,02 |
| **3. Víkingur** | **6,00** |
| 4. Grindavík | 5,92 |
| **5. Valur** | **5,87** |
| 6. Fylkir | 5,86 |
| **7. Breiðablik** | **5,60** |
| 8. ÍBV | 5,40 |
| **9. KR** | **5,39** |
| 10. ÍA | 5,38 |

### MEÐALEINKUNN LEIKMANNA*

**Efstir:**

| | |
|---|---|
| 1. Viktor Bjarki Arnarsson, Víkingur | 7,22 |
| 2.-6. Jónas Guðni Sævarsson, Keflavík | 6,78 |
| **2.-6. Ármann Smári Björnsson, FH** | **6,78** |
| 2.-6. Peter Gravesen, Fylkir | 6,78 |
| **2.-6. Tryggvi Guðmundsson, FH** | **6,78** |
| 2.-6. Davíð Þór Viðarsson, FH | 6,78 |
| **7. Guðmundur Sævarsson, FH** | **6,75** |
| 8.-10. Símun Samuelsen, Keflavík | 6,67 |
| **8.-10. Bjarni Guðjónsson, ÍA** | **6,67** |
| 8.-10. Fjalar Þorgeirsson, Fylkir | 6,67 |
| **11. Grétar Ólafur Hjartarson, KR** | **6,63** |
| 12.-15. Marel Baldvinsson, Breiðablik | 6,56 |
| **12.-15. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH** | **6,56** |
| 12.-15. Höskuldur Eiríksson, Víkingur | 6,56 |
| **12.-15. Óðinn Árnason, Grindavík** | **6,56** |
| 16.-18. Freyr Bjarnason, FH | 6,50 |
| **16.-18. Gunnlaugur Jónsson, KR** | **6.50** |
| 16.-18. Guðmundur Mete, Keflavík | 6,50 |
| **19.-22. Hólmar Rúnarsson, Keflavík** | **6,44** |
| 19.-22. Jóhann Þórhallsson, Grindavík | 6,44 |
| **19.-22. Eyjólfur Héðinsson, Fylkir** | **6,44** |
| 19.-22. Grétar S. Sigurðarson, Víkingur | 6,44 |

**Lægstir:**

| | |
|---|---|
| 99.-101. Árni K. Gunnarsson, Breiðab. | 4,89 |
| **99.-101. Bjarni Geir Viðarsson, ÍBV** | **4,89** |
| 99.-101. Jón Guðbrandsson, Víkingur | 4,89 |
| **102. Allan Dyring, FH** | **4,83** |
| 103. Pálmi Haraldsson, ÍA | 4,63 |
| **104. Rógvi Jacobsen, KR** | **4,50** |
| 105. Gunnar Einarsson, KR | 4,33 |
| **106. Hafþór Ægir Vilhjálmsson, ÍA** | **4,17** |

***Þeir sem hafa fengið einkunn í 2/3 af heildarleikjum sinna liða, eða alls sex leikjum.***

ATH. Leikmenn sem hafa fengið einkunn í færri en sex leikjum:

| | |
|---|---|
| **1. Tommy Nielsen, FH** | **7,25** |
| 2. Sinisa Kekic, Grindavík | 7,00 |
| **3. Kenneth Gustafsson, Keflavík** | **7,00** |
| 4. Þórir Hannesson, Fylkir | 7,00 |
| **5. Michael J. Jónsson, Grindavík** | **6,67** |

### OFTAST MENN LEIKSINS

| | |
|---|---|
| **Viktor Bjarki Arnarsson, Víkingi** | **3** |
| Garðar Gunnlaugsson, Val | 3 |
| **Bjarni Guðjónsson, ÍA** | **2** |
| Símun Samuelsen, Keflavík | 2 |
| **Sigmundur Kristjánsson, KR** | **2** |
| Sinisa Valdimar Kekic, Grindavík | 2 |
| **Atli Jóhannsson, ÍBV** | **2** |
| Marel Baldvinsson, Breiðabliki | 2 |

### MEÐALEINKUNN DÓMARA

*Leikir dæmdir innan sviga:*

| | |
|---|---|
| **Kristinn Jakobsson (7)** | **7,00** |
| Einar Örn Daníelsson (2) | 7,00 |
| **Jóhannes Valgeirsson (6)** | **6,00** |
| Garðar Örn Hinriksson (7) | 5,71 |
| **Ólafur Ragnarsson (6)** | **5,50** |
| Eyjólfur M. Kristinsson (4) | 5,50 |
| **Magnús Þórisson (3)** | **5,33** |
| Egill Már Markússon (6) | 5,33 |
| **Erlendur Eiríksson (4)** | **4,75** |



**TOMMEY NIELSEN** Sá leikmaður sem hefur hæstu meðaleinkunn í deildinni af þeim sem ekki hafa náð að spila sex leiki.

# Sjálfstraustið sem vantaði er komið

## Viktor Bjarki Arnarsson hefur verið valinn leikmaður umferða 1-9 í Landsbankadeildinni af Fréttablaðinu og sjónvarpsstöðinni Sýn. Hann hefur leikið frábærlega í spútnikliði Víkings, sem er í öðru sæti.

**FÓTBOLTI** Víkingar hafa komið mörgum á óvart með frábærri spilamennsku í Landsbankadeild karla það sem af er tímabili en liðið er í öðru sætinu nú þegar mótið er hálfnað. Sóknarleikur liðsins byggist að stórum hluta á Viktori Bjarka Arnarssyni sem hefur spilað frábærlega og skemmt áhorfendum með tilþrifum sínum. Hann hefur verið valinn besti leikmaður fyrri hluta Íslandsmótsins af Fréttablaðinu og Sýn.

„Ég æfði mjög vel í vetur og það sem er líka lykilatriði er að ég er farinn að spila minn leik. Ég var mikið að skipta mér af dómgæslunni fyrir nokkrum árum en er nánast alveg hættur því í dag, þó að maður komist nú ekki hjá því að segja eitthvað við dómarann,“ sagði Viktor sem hefur verið í mjög frjálsu hlutverki fyrir aftan fremsta mann í Víkingsliðinu og algjörlega blómstrað.

„Ég vil meina það að við séum einfaldlega meðal bestu liðanna í deildinni. Það var talið að sóknin yrði okkar helsti veikleiki en ég og Dabbi (Davíð Þór Rúnarsson) höfum verið að ná vel saman. Svo hafa Danni (Daníel Hjaltason) og Stebbi litli (Stefán Kári Sveinbjörnsson) verið að koma mjög sterkir inn og sýnt að þeir vilja



**Í FANTAFORMI** Viktor æfði vel í vetur og hefur leikið hreint frábærlega með Víkingum það sem af er Íslandsmótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

líka sæti í byrjunarliðinu.“

Viktor kom aftur til Víkings fyrir tímabilið 2004 eftir að hafa verið í atvinnumennskunni í Hollandi. Víkingar féllu það ár en Viktor spilaði í fyrra á lánssamningi hjá Fylki. „Þegar ég kom heim 2004 var ég alls ekki sáttur við mína frammistöðu en svo fékk ég fullt sjálfstraust hjá Fylki í fyrra. Í dag er ég með sjálfstraustið í botni og er ekkert smeykur við að reyna eitthvað þegar maður fær boltann,“ sagði Viktor, en hann er á 23 aldursári.

Hann vonast til að fá annað tækifæri erlendis eftir tímabilið en er hinsvegar ekki farinn að hugsa mikið um landsliðið. „Ef ég held áfram að spila svona vel þá á þetta að koma. Það er minn draumur að komast út aftur og ég tel mig vera betur tilbúinn í það en ég var. Ég var náttúrulega mjög ungur þegar ég fór þarna til Hollands en lærði mikið af þeirri dvöl. Hvað varðar landsliðið þá er vonandi að maður komist einhverntímann þangað inn en kallið kemur þegar mér verður treyst af þjálfaranum til að spila fyrir hönd Íslands. Ég verð tilbúinn þegar tækifærið býðst en er ekkert óþolinmóður.“

Hann segir að lið Skagamanna hafi komið sér mest á óvart það sem af er. „Ég bjóst við að ÍA yrði mun sterkara, en spennandi verður að sjá hvort þeir nái að rífa sig upp. Þá er ég að nokkru leyti ánægður með að morgunæfingarnar hjá KR hafi ekki virkað sem skyldi. Ef KR væri í efsta sætinu þá væru allir þjálfararnir að fara að nota morgunæfingar fyrir næsta tímabil. Þannig að ég er mjög sáttur við að þær séu ekki að virka,“ sagði Viktor og hló.

elvargeir@frettabladid.is




***Úrvalslið 1.-9. umferðar Landsbankadeildarinnar***

Magnús Gylfason:

## Á von á meiru frá Viktori

**FÓTBOLTI** Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, er að sjálfsögðu hæstánægður með frammistöðu Viktors það sem af er tímabilinu, en hann kom til Víkings í haust eftir að hafa verið á lánssamningi hjá Fylki á síðustu leiktíð.

„Viktor hefur eins og allt liðið verið að spila frábærlega. Hann byrjaði tímabilið með látum þar sem hann bæði skoraði og lagði upp mikilvæg mörk en svo komu þrír leikir í röð hjá okkur þar sem við skoruðum ekkert en nú er þetta komið í gang aftur. Hann spilaði frábærlega í sigrinum uppi á Skaga og svo gegn FH í bikarnum. Hann hefur staðið sig einstaklega vel,“ sagði Magnús, þjálfari Víkingsliðsins.

„Ég átti auðvitað von á því að hann yrði góður, hann lék vel í fyrra og var mjög góður á undirbúningstímabilinu í vetur. Hann hefur staðið undir mínum væntingum og gott betur en það á þessu ári. Hann er enn að bæta sig, er ungur leikmaður sem ætlar sér stóra hluti og ég á von á enn meiru frá honum í sumar,“ sagði Magnús en hann telur að Viktor geti náð langt á næstu árum.

„Ég veit að hans hugur stefnir á atvinnumennskuna. Hann er sífellt að verða betri og er þegar kominn með einhverja reynslu af atvinnumennskunni. Það kæmi mér ekkert á óvart ef eitthvað stórt myndi gerast í hans málum í haust,“ sagði Magnús og sparaði ekki stóru orðin.

- egm

Mat íþróttafréttamanna Fréttablaðsins og Sýnar:

# Þessir skara fram úr

Fréttablaðið og sjónvarpsstöðin Sýn hafa ákveðið að gera upp fyrri umferð Landsbankadeildarinnar í sameiningu og veita þeim einstaklingum verðlaun sem miðlarnir telja hafa skarað fram úr.

Valið er að hluta byggt á einkunnagjöf Fréttablaðsins það sem af er sumri, en einnig á faglegu mati einstakra íþróttafréttamanna þar sem væntingar, ábyrgð, aldur, stöðugleiki, staða innan liðs og fleira var sérstaklega skoðað.

Fréttablaðið og Sýn telja að eftirfarandi leikmenn og þjálfarar hafa skarað fram úr:

### LEIKMENN



**VIKTOR BJARKI ARNARSON, VÍKINGUR** BESTI LEIKMAÐURINN
Hefur leikið stórt hlutverk í spútnikliði Víkings og er nánast lykillinn að sóknarleik liðsins. Hefur sjálfur skorað fjögur mörk og lagt þau ófá upp. Ungur leikmaður sem er enn að taka framförum og gæti náð mjög langt.



**JÓHANN ÞÓRHALLSSON, GRINDAVÍK**
Raðaði inn mörkum fyrir KA en átti eftir að sanna sig í úrvalsdeildinni. Þessi öflugi sóknarmaður hefur nú náð að sanna sig í efstu deild og hefur hann skorað sjö mörk í þeim níu umferðum sem lokið er. Hrellir varnarmenn með hraða sínum og grimmd.



**ÁSGEIR GUNNAR ÁSGEIRSSON, FH**
Ótrúlega fjölhæfur leikmaður sem stendur sig af stakri prýði hvort sem hann er í vörn eða á miðju. Hefur verið gríðarlega mikilvægur fyrir topplið FH það sem af er tímabili. Draumur hvers þjálfara að hafa leikmann eins og hann í sínu liði.

### ÞJÁLFARAR



**ÓLAFUR JÓHANNESSON, FH** BESTI ÞJÁLFARINN
Besti þjálfari fyrri hlutans. Sumir settu spurningarmerki við hvernig honum myndi ganga án Leifs Garðarssonar og hefur hann nú svarað þeim efasemdarmönnum ásamt Heimi Guðjónssyni. FH hefur örugga forystu í deildinni þrátt fyrir að hafa misst sterka leikmenn og óheppni með meiðsli.



**MAGNÝS GYLFASON, VÍKINGUR**
Hefur náð mjög góðum árangri með nýliða Víkings og greinilegt að hann á heima hjá liði eins og þessu. Náði athyglisverðum árangri með ÍBV í hitteðfyrra en tók síðan við KR fyrir síðasta tímabil og var rekinn. Hjá Víkingi er hann hins vegar að ná því besta úr sínu liði.



**SIGURÐUR JÓNSSON, GRINDAVÍK**
Þrátt fyrir að vera ekki með besta mannskapinn í deildinni þá hefur Sigurður verið að ná athyglisverðum árangri hjá Grindavík. Lætur ekki vaða yfir sig og liðið hefur haldið dampi þótt það hafi misst einn besta leikmann Íslandsmótsins með leiðinlegum

# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS










TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
**30% AFSLÆTTI**
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI




## GLÆNÝTT

VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölnis Elvarssonar og Rósu Svövudóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum



**RAUÐA SPJALDIÐ** Wayne Rooney horfir illum augum á Ronaldo sem biður dómarann um rautt spjald. NORDICPHOTOS/AFP

Wayne Rooney:

## Sagður vera brjálaður

**FÓTBOLTI** Samherjar Wayne Rooney hjá enska landsliðinu þurftu að halda aftur af sóknarmanninum eftir leik Englendinga og Portúgala á laugardaginn þegar hann hugðist fara inn í búningsklefa Portúgala og „ræða“ stuttlega við Cristiano Ronaldo, leikmann Portúgals og samherja sinn hjá Man. Utd.

Rooney er sagður hafa ætlað sér að lumbra ærlega á Ronaldo fyrir þátt sinn í uppákomunni þegar hann fékk rautt spjald á HM en sjálfur segist Ronaldo ekkert skilja í öllum látunum.

„Það er ekki rétt sem sagt er. Ég fór til dómarans og sagði: „Þetta er brot.“ Ég sagði ekki: „Þetta er rautt spjald,“ sagði Ronaldo sem kveðst hafa skipst á sms-skilaboðum við Rooney eftir leikinn og í gær. „Það er ekkert vandamál á milli okkar, nákvæmlega ekkert,“ sagði Ronaldo í viðtali við heimasíðu umboðsskrifstofu sinnar.

- vig

Sven-Göran Eriksson:

## Gerði rétt að velja Walcott

**FÓTBOLTI** Eftir að enska liðið féll úr leik á HM hafa fjölmiðlar þar í landi velt fyrir sér tilganginum með því að velja táninginn Theo Walcott í liðið en hann fékk ekki tækifæri á mótinu. Sven-Göran Eriksson segist hins vegar ekki sjá eftir neinu.

„Það er ekki hægt að lýsa því hversu dýrmæt reynsla það var fyrir Walcott að hafa farið í þessa keppni,“ sagði Eriksson og þvertók fyrir að Jermain Defoe hjá Tottenham hefði verið betri kostur. „Það held ég ekki. Ef ég hefði haldið það þá hefði ég valið Defoe,“ sagði Svíinn.

- vig

# Bjarni hættur með Blikana

**Bjarni Jóhannsson sagði starfi sínu lausu hjá Breiðabliki í gær eftir slæmt gengi liðsins í sumar. Bjarni segir að þetta hafi verið rétti tíminn til að hætta með liðið.**



**HÆTTUR** Bjarni er hættur með Blika eftir ágætan árangur með liðið, en honum fannst vera tími til kominn að nýr maður tæki við. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALTI

**FÓTBOLTI** Bjarni Jóhannsson tilkynnti stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks það í gærmorgun að hann hygðist fá samningi sínum við félagið rift. Þrátt fyrir að vera mjög undrandi á ákvörðuninni varð stjórnin við ósk Bjarna sem tók við liðinu árið 2003.

„Það er fyrst og fremst slæmt gengi undanfarið sem er ástæðan fyrir því að ég hætti og ég axla ábyrgðina á því. Þetta uppfyllir ekki mínar væntingar til sumarsins og á þessum tímapunkti tel ég að nýr maður eigi að koma að þessu. Nýr þjálfari fær núna góðan tíma til að vera með liðið og rétta úr kútnum,“ sagði Bjarni við Fréttablaðið í gær.

Blikar biðu afhroð gegn Keflvíkingum í síðustu umferð Landsbankadeildar karla og töpuðu þá 5-0. Blikar, sem nýliðar í deildinni, hafa staðið sig með ágætum og eftir samtöl við nokkra leikmenn Breiðabliks í gær voru allir sammála um að ákvörðun Bjarna kæmi mikið á óvart. „Það getur vel verið að svona hlutir komi á óvart en svona gengur þetta í þessum bransa,“ sagði Bjarni.

„Að mínu mati var vendipunkturinn leikurinn gegn KA. Þegar þú hefur á tilfinningunni að svona hlutir gangi ekki upp og sérð ekki lausnina á þeim þá er betra eð hleypa nýjum manni að og vonandi verður það til þess að fleiri taki á þessu og að leikmenn rífi sig upp og klári tímabilið með stæl,“ sagði Bjarni.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, var einnig undrandi á tíðindunum: „Við vorum ekkert ósáttir við Bjarna en við verðum að virða ákvörðun hans. Við munum hefja leit að nýjum manni nú þegar og vonandi getum við kynnt nýjan þjálfara fyrir leikmönnum á miðvikudaginn,“ sagði Einar við Fréttablaðið í gær.

Bjarni er annar þjálfarinn sem hættir í sumar en Ólafur Þórðarson hætti með ÍA í lok síðustu viku, en þetta eru tvö neðstu lið deildarinnar.

hjalti@frettabladid.is



**GRIKKIR** Fagna hér Evrópumeistaratitlinum árið 2004. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnusamband Grikkja:

## Dæmt í bann

**FÓTBOLTI** Alþjóða knattspyrnusambandið hefur sett gríska knattspyrnu í uppnám eftir að dómur var kveðinn í máli gríska knattspyrnusambandsins í gær. FIFA ákvað þá að meina gríska sambandinu þátttöku í öllum keppnum í Evrópu, en þetta er mikið áfall fyrir sambandið.

Ástæðan fyrir banninu er sú að FIFA hafði áður varað gríska knattspyrnusambandið, HFF, við því að láta pólitísk afskipti viðgangast í knattspyrnuheiminum, en það hefur ítrekað verið hunsað. FIFA lagði til að ný lög yrðu sett í Grikklandi sem kæmu í veg fyrir þetta en HFF lét það sem vind um eyru þjóta.

Þetta er ekki bara áfall fyrir landsliðið, sem má ekki taka þátt í undankeppni EM þar sem þeir eiga titil að verja, en auk þess fá lið á borð við AEK Aþena, Olympiakos og Panathinaikos ekki að taka þátt í Meistaradeildinni á næsta tímabili.

- hþh

Gestgjafar Þjóðverja og Ítalir mætast í fyrri undanúrslitaleik HM á Westfalenstadion leikvangnum í kvöld:

# Fara Þjóðverjar alla leið á heimavelli?

**FÓTBOLTI** Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þjóðverja, vonast væntanlega eftir því að gæfa sinna manna á Westfalenstadion vellinum í Dortmund haldi áfram en Þjóðverjar hafa unnið þrettán leiki á vellinum, gert eitt jafntefli en aldrei tapað, með markatöluna 59-7. Spennan í Þýskalandi er gífurleg en mikil gleði ríkir með gengi heimamanna á mótinu.

„Það er gott að vita af því að spilum þar. Það jafnast ekkert á við andrúmsloftið í Dortmund, það er eins og eldfjall sem vonandi mun gjósa,“ sagði Klinsmann en bæði Michael Ballack og Miroslav Klose geta spilað með Þjóðverjum eftir að hafa meiðst lítillega í síðasta leik. Þjóðverjar hafa aldrei unnið Ítalíu í leik í Heimsmeistarakeppninni en Klinsmann vonast til að það breytist í kvöld.

„Ég hef trú á því að við getum farið alla leið. Liðið okkar er mjög heilsteypt og ef við höldum áfram uppteknum hætti eigum við góða möguleika. Við gerum okkur fulla grein fyrir styrkleikum Ítala sem eru með frábæra menn í öllum stöðum,“ sagði Klinsmann.

Torsten Frings missir af leiknum í kvöld en hann hefur verið lykilmaður í liði Þjóðverja það sem af er móti. Miroslav Klose er markahæsti leikmaður HM til þessa, og Ítalir óttast hann mest af öllum enda hefur hann skorað fimm mörk í jafn mörgum leikjum. Alessandro Nesta verður ekki með Ítölum vegna meiðsla.

„Klose hefur sannað hversu góður framherji hann er, ekki bara á þessu móti heldur líka í deildinni hans. Hann hefur skorað mikið af mörkum og er sterkur líkamlega og andlega,“ sagði Luca Toni, framherji Ítala.

Toni skoraði ekkert í riðlakeppninni en læddi inn tveimur mörkum í 3-0 sigrinum gegn Úkraínu. Hann vonast nú til að gera það sama og goðsögnin Paolo Rossi gerði árið 1982 þegar hann skoraði ekkert í riðlakeppninni en lauk keppni með sex mörk og hlaut gullskóinn fyrir vikið. „Það væri frábært að líkja eftir Rossi, sem var frábært afrek. Mikilvægast er þó að Ítalíu vegni vel,“ sagði Toni.

hjalti@frettabladid.is



**STEMNINGIN** Er í botni úti um allt Þýskaland, þar á meðal fyrir utan dómkirkjuna glæsilegu í Köln. NORDICPHOTOS/AFP




ÚTSALA ÚTSALA
40 – 60% afsláttur
Meiri verðlækkun

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Jakkapeysa | 6.700.- | 2.900.- |
| Hekluð peysa | 6.900.- | 2.900.- |
| Vafin peysa | 5.900.- | 2.900.- |
| Pólóbolur | 3.300.- | 1.900.- |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.900.- | 1.900 |
| Langerma bolur | 3.900.- | 1.900.- |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | 1.900.- |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | 1.900.- |
| Tunika m/bróderíi | 4.900 | 2.900.- |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | 2.900.- |
| Renndur jakki | 7.600.- | 2.900.- |
| Hörkjóll | 4.600.- | 2.900.- |
| Gallapils | 6.900.- | 1.900.- |
| Sítt pis | 4.900.- | 1.900- |
| Hörbuxur | 7.900.- | 4.900.- |
| Gallabuxur | 7.900.- | 3.900.- |

Skór á 50% afslætti. Og margt margt fleira
Einnig úrval af eldri fatnaði á kr 990.-
Opið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870


## Líkleg byrjunarlið






## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*VISA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| ÞRÓTTUR-GRINDAVÍK | 2-1 |

1-0 Ingvi Sveinsson (2.), 1-1 Mounir Ahandour (70.), 2-1 Michael J. Jónsson (sjálfsmark 82.)

| | |
|---|---|
| FYLKIR-ÍBV | 1-2 |

1-0 Peter Gravesen (12.), 1-1 Bjarni Hólm Aðalsteinsson (19.), 2-1 Bjarni Hólm Aðalsteinsson (73.).

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

1 2 3 **4** 5 6 7

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Breiðablik** og **KR** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á Kópavogsvelli.
- 19.15 **Stjarnan** og **Valur** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu í Garðabæ.
- 19.15 **Keflavík** og **Fylkir** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á Keflavíkurvelli.

### SJÓNVARP

- 18.30 **HM stofan** á Sýn.
- 18.50 **HM** á Sýn. Bein útsending frá leik **Þjóðverja** og **Ítala.**
- 21.00 **4-4-2** á Sýn.

# Þróttarar stálu sigrinum í lokin

**1. deildarlið Þróttar gerði sér lítið fyrir og sló út úrvalsdeildarlið Grindavíkur úr VISA-bikar karla með 2-1 sigri á Valbjarnarvelli í gærkvöldi. Grindvíkingar geta kennt sínu eigin lánleysi um hrakfarirnar.**

**FÓTBOLTI** „Það má segja að þetta hafi verið hálfgert rán en það er ekki síður okkar eigin aulaskapur sem verður okkur að falli. Við erum með boltann nánast allan leikinn en gefum tvö mörk og nýtum okkar færi skelfilega. Það er aðeins ávísun á eitt, tap," sagði hundfúll Sigurður Jónsson, þjálfarari Grindvíkinga, eftir tapið gegn Þrótturum í gær.

Sigurður hafði efni á því að vera harðorður því lánleysi lærisveina hans var með ólíkindum, þeir stjórnuðu leiknum algjörlega nánast frá fyrstu mínútu en gríðarleg barátta og góður varnarleikur Þróttara skilaði þeim sigri að lokum.



**HORFT Á ÚR STÚKUNNI** Sinisa Kekic fékk ekki að spila með Þrótti gegn sínu gamla liði í gær. Hér er hann við hlið góðvinar síns Óla Stefáns Flóventssonar sem á við meiðsli að stríða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, kaus að láta lið sitt spila 4-5-1 í fjarveru Sinisa Kekic, fyrrum leikmanns Grindavíkur en sett var í samninginn sem hann skrifaði undir við Þrótt á dögunum að hann fengi ekki að spila bikarleikinn í gær. Maðurinn sem leysti Kekic af hjá Þrótturum, Ingvi Sveinsson, þakkaði Atla traustið með því að skora strax í fyrstu alvöru sókn leiksins strax á 2. mínútu þegar hann nýtti sér varnarmistök Grindvíkinga.

Úrvalsdeildarliðið komst lítt áleiðis gegn afar öguðum varnarleik Þróttar, sóknarleikurinn var hugmyndasnauður og liðið skapaði sér fá alvöru marktækifæri. Leikur liðsins lagaðist þó til mikilla muna í síðari hálfleik og jókst stöðugt eftir því sem á leið. Á 72. mínútu brast loksins varnarmúr Þróttara þegar Momir Ahandour, tiltölulega nýkominnn inn á sem varamaður, náði að koma boltanum inn fyrir marklínu Þróttar eftir þunga sókn.

Áfram hélt pressan og annað



**FÖGNUÐUR OG VONBRIGÐI** Þróttarar fagna hér marki Ingva Sveinssonar strax á 2. mínútu leiksins en Grindvíkingarnir ganga niðurlútur til baka að miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mark Grindavíkur lá í loftinu þegar Þróttarar, á 82. mínútu leiksins, hófu eina af sínum fáu skyndisóknum í síðari hálfleik og endaði hún með því að Ray Antony Jónsson sendi fyrirgjöf Halldórs Hilmissonar í eigið net. Gestirnir reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin á síðustu mínútunum en inn vildi boltinn ekki og 2-1 sigur Þróttara því staðreynd.

„Þetta er frábær sigur fyrir okkur og það er alveg magnað afrek fyrir þessa ungu stráka sem spiluðu hér í kvöld að slá út alvöru úrvalsdeildarlið eins og Grindavík," sagði þjálfarinn Atli eftir leikinn en í lið Þróttar vantaði einnig miðjumanninn Þórhall Hinriksson og munar þar um minna. „Við gerðum það sem upp var lagt, spiluðum fína vörn og uppskárum," bætti Atli við, en svaraði þó hreinskilningslega þegar hann var spurður hvort þetta hefði ekki verið heppni að lokum. „Jú, þetta var heppni, algjör heppni," sagði hann og glotti.

**- vig**



**BARÁTTA** Haukur Ingi Guðnason gerir sitt besta til að koma boltanum fyrir mark Eyjamanna í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍBV sló Fylki út í VISA-bikarnum í gær:

# Bjarni sá um Fylki

**FÓTBOLTI** Leikurinn fór mjög rólega af stað en Fylkismenn komust yfir úr fyrsta færinu sem kom á 12. mínútu. Haukur Ingi Guðnason var mjög sprækur í fyrri hálfleiknum og olli oft usla í vörn gestanna. Það var eftir frábæran undirbúning hans sem Peter Gravesen skoraði með skalla. En það tók ÍBV sjö mínútur að jafna metinn og fyrir hálfleik fengu bæði lið góð færi til að komast yfir. Hrafn Davíðsson, markvörður ÍBV, átti góðan leik og varði m.a. úr dauðafæri sem hinn danski Christian Christiansen fékk. Christiansen náði reyndar að koma boltanum í netið í hálfleiknum en markið var dæmt af þar sem Egill Már Markússon dómari taldi hann brotlegan.

Bjarni Geir Viðarsson átti hörkuskot sem Fjalar Þorgeirsson varði í slána rétt fyrir hálfleik. Seinni hálfleikurinn fór jafn rólega af stað og sá síðari en um miðbik hans virtust Fylkismenn vera að taka völdin og voru Ólafur Stígsson og Eyjólfur Héðinsson báðir nálægt því að skora. Það var gegn gangi leiksins sem ÍBV skoraði sigurmarkið um þrettán mínútum fyrir leikslok en Bjarni Hólm fagnaði sínu öðru marki innilega. Heimamenn pressuðu stíft á lokakaflanum og var ótrúlegt að þeir næðu ekki að lauma inn marki. Eyjamenn voru um tíma í algjörri nauðvörn og náðu að bjarga á marklínu. En það voru föstu leikatriðin sem skiluðu þessum sigri Eyjamanna sem voru baráttuglaðir sem fyrr, þó Fylkir hafi fengið fleiri færi þá var nýtingin afar döpur.

Góður sigur hjá ÍBV en leikmenn liðsins börðust vel og spiluðu skipulega gegn Fylkismönnum. Sigurinn er ekki síst athyglisverður í ljósi þess að Páll Hjarðar og Atli Jóhannsson, menn sem hafa spilað lykilhlutverk hjá liðinu í sumar, voru í leikbanni. „Ég er hæstánægður, það sem við lögðum upp með gekk að mestu leyti í dag. Þeir settu mikla pressu á okkur í lokin en við héldum og ekkert hægt að kvarta undan því," sagði Bjarni Hólm Aðalsteinsson, hetja Eyjamanna í gær. „Maður er nú ekki að skora í hverjum leik svo þetta var nokkuð sérstakt en það er ekki hægt að kvarta. Við erum með flottan hóp og erum brattir. Þó það hafi vantað sterka leikmenn í dag þá kemur maður í manns stað og við stefnum hátt."

**- egm**

Hinn 55 ára gamli lögfræðingur, Ramon Calderon:

# Nýr forseti Real Madrid

**FÓTBOLTI** Ramon Calderon hefur verið kjörinn nýr forseti Real Madrid eftir nauman sigur í kosningunum um helgina. Hann ætlar sér að búa til besta lið heims undir stjórn Fabio Capello, sem enn stjórnar Juventus, og Predrag Mijatovic, fyrrum leikmanns Real.

Calderon lofaði því jafnframt fyrir kosningarnar að fá Kaká, Arjen Robben og Cesc Fabregas til sín. „Við munum byrja sem allra fyrst með Fabio Capello við stjórnvölinn. Hann mun koma á morgun og byrja að vinna að liðinu með Mijatovic til að byggja upp lið sem getur orðið Spánarmeistari á næsta tímabili," sagði Calderon. Aðspurður hvort allir nýju leikmennirnir sem hann lofaði, auk Ruud van Nistelrooy, væru á leiðinni sagði Calderon: „Það lítur út fyrir það."

**- hþh**




Láttu drauminn rætast – rafrænt

**Á ils.is getur þú:**
- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á Netinu:**
- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„There is a difference between knowing the path and walking the path.“**

Svar: Morpheus úr kvikmyndinni The Matrix árið 1999.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR SÁ HETJURNAR BROTNA SAMAN

# Mannlegir fótboltakappar



**HETJURNAR Í SÁRUM** David Beckham fyrirliði enska landliðsins huggar sína menn..

Þar sem ég er það nýdottin inn í heim knattspyrnuiðkunar reyni ég að horfa með öðru auganu á heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Ekki það að ég fylgist mikið með leiknum sjálfum en ég hef gaman af að grandskoða þjálfara, svipbrigði, klæðaburð og auðvitað er gaman að sjá mörkin og fagnaðarlæti leikmanna og áhorfenda í kjölfarið.

Á laugardaginn voru tveir æsispennandi leikir, annars vegar England á móti liði Portúgals og hins vegar heimsmeistarar í brasilíska landsliðinu sem öttu kappi við fyrrverandi meistara Frakklands. Ég hugsaði með mér að þetta hlytu að verða afskaplega skemmtilegir leikir enda fræg lið á ferð. Get meira að segja nefnt einhverja leikmenn í hverju liði með nafni sem er alltaf stór plús. Fannst þó England/Portúgal skemmtilegri þótt leikurinn sjálfur hafi verið tíðindalaus enda um markalausar 120 mínútur að ræða. Hápunktur leiksins fyrir mig var þegar Wayne Rooney var sendur af velli fyrir mjög slæmt brot að mínu mati enda traðkaði hann á mjög viðkvæman stað mótherjans. Þarna stóð hann rjóður í svitabaði og jós úr skálum reiði sinnar yfir dómaragreyið sem leit út fyrir að vera grannvaxinn eldri maður sem ekki mátti blása á. Hann endaði svo með því að hafa stáltaugar vegna þessa og hann blikkaði ekki auga þegar yfir fimmtíu þúsund áhorfendur púuðu á hann. Svo kom skemmtilegasti kaflinn í knattspyrnu yfir höfuð, vítaspyrnukeppnin. Þar gat maður almennilega skoðað andlegt ástand manna og merkilegt þótti mér að sjá leikmennina faðmast og haldast í hendur á meðan samherjinn var að skjóta. Sumir stóðu og fóru með bænir, kysstu völlinn og síðasti markaskorarinn sem innsiglaði sigur Portúgals kyssti meira að segja boltann áður en hann skaut. Þarna kom í ljós að þessar hetjur sem við horfum á í sjónvarpinu, sem fylla síður glanstímarita, og eru fyrirmyndir flestar karlmanna í heiminum, eru bara mannlegir eins og við hin. Eftir leikinn lágu hetjur Englendinga, hetjurnar sem fólkið lofsamar og setur í guðatölu ef þær standa sig vel, grátandi á vellinum enda búnar bregðast heilli þjóð. Ekki öfundsvert hlutverk það. David Beckham, tískuljónið og konungur fótboltakappa, labbaði svo milli sinna manna og klappaði þeim á kollinn eins og góður faðir. Þetta var upplifun að sjá og greinilegt að orðatiltækið blóð, sviti og tár á vel við í heimi knattspyrnunnar.



▶ 21.30 *Heimild*

METANVERÖLD



▶ 19.40 *Gaman*

SVÍNASÚPAN



▶ 20.00 *Gaman*

FRIENDS



▶ 22.30 *Drama*

CLOSE TO HOME



▶ 21.10 *Skýring*

48 HOURS

### SJÓNVARPIÐ

**15.55** Fótboltakvöld **16.10** Kóngur um stund (4:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (43:52) **18.25** Andlit jarðar (6:6)

**18.30 Gló Magnaða (58:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Mæðgurnar (17:22)** (Gilmore Girls V)
**20.40 Taka tvö (7:10)** Að þessu sinni er rætt við Þorfinn Guðnason. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **21.30 Metanveröld** Finnskur heimildaþáttur um metanhýdrat í jarðlögum á sjávarbotni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn (5:6)** (The Commander II) Breskur sakamálaflokkur eftir Lyndu La Plante. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Dýrahringurinn (10:10) **0.05** Kastljós **0.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Supernanny **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **15.55** Shin Chan **16.20** Nornafélagið **16.40** He Man **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Svínasúpan (e)** Frábærir grínþættir sem verða endursýndir frá mánudegi til fimmtudags í allt sumar.
**20.10 Amazing Race (14:14)** (Kapphlaupið mikla)
**20.55 Earthsea (The Legend of Earth (1:2)** (Hulinheimar (Goðsögnin um) Spennandi ævintýramynd í tveimur hlutum byggð á vinsælum vísindaskáldsagnaflokki sem nefnist Earthsea.
**22.20 Prison Break (22:22)** (Bak við lás og slá) Þættirnir gerast að mestu innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Bönnuð börnum.

**23.10** Twenty Four (Str. b. börnum) **23.55** Bones **0.40** Liberty Stands Still (Str. b. börnum) **2.15** The Kid Stays in the Picture **3.50** Amazing Race **4.35** Prison Break (B. börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (5:18) (e)** Mitchee ákveður að halda afmæli fyrir sjálfan sig til að afsanna fyrir systur sinni að hún geti ekki skemmt sér.
▶ **20.00 Friends (9:17)**
**20.30 Sushi TV (4:10)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu.
**21.00 Bernie Mac (13:22)**
**21.30 Supernatural (21:22)** (Salvation) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bönnuð börnum.
**22.20 The Mission** Aðalhlutverk: Jeremy Irons, Robert De Niro, Ray McAnally. Leikstjóri: Roland Joffe. Bönnuð börnum.

**0.20** Falcon Beach (5:27) (e) **1.10** Friends (9:17) (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Whose Wedding is it anyways?**
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fer í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já. Okkur reiknast til að í sumar verði Ella viðstödd hundraðasta brúðkaupið.
▶ **22.30 Close to Home – lokaþáttur** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **0.50** Beverly Hills 90210 (e) **1.35** Melrose Place (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (4:10)**
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Being Julia (Bönnuð börnum) **8.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **10.00** Two Family House **12.00** Clint Eastwood: Líf og ferill **14.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **16.00** Two Family House **18.00** Clint Eastwood: Líf og ferill **20.00 Being Julia** (Hin eina sanna Júlía) Stjörnum hlaðin verðlaunamynd um líf og ástir sviðsleikara í Lundúnum á 4. áratug síðustu aldar. Aðalhlutverk: Leigh Lawson, Michael Gambon, Annette Bening. 2004. Bönnuð börnum. **22.00 Rules of Attraction** (Leikreglur ástarinnar) Kynlíf og eiturlyf er stór þáttur í lífi nemenda framhaldsskóla í Vermont. Aðalhlutverk: James Van Der Beek, Shannyn Sossamon, Jessica Biel, Ian Somerhalder. Str. b. börnum. **0.00** Elsker dig for evigt (Bönnuð börnum) **2.00** The Believer (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Rules of Attraction (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Kate Moss **15.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **17.00** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS America's Next Top Model **20.30** Gone Bad **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS America's Next Top Model **1.30** Gone Bad **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Earthsea (The Legend of Earth) Stöð 2 kl. 20.55

## Barist við ill öfl og dreka




Spennandi ævintýramynd í tveimur hlutum byggð á vinsælum vísindaskáldsagnaflokki sem nefnist Earthsea. Sögunum hefur verið svipað til Hringadróttinssögu og Narníusagna C.S. Lewis, en í þeim segir frá dularfullri og töfrum gæddri veröld sem kölluð er Huliðsheimar. Þróttmiklir krakkar hafa frá blautu barnsbeini þurft að berjast við ill öfl, dreka og aðra óvætti. Aðalsöguhetjan, hinn ungi og uppreisnargjarni Ged, kemst ungur að því að hann er hinn útvaldi, gæddur sérstaklega miklum kröftum sem hann ákveður að læra að beita með aðstoð hinna gömlu bardagalista og töfraseiða. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur annað kvöld. Í aðalhlutverkum eru Danny Glover, Isabella Rosselini og Kristin Kreuk.

# HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

GERMANY 2006

## Þorsteinn J. Vilhjálmsson



**SÝN KL. 19 Þýskaland - Ítalía**
**2-0**
Það er kannski ljótt að segja það, en fyrst ég verð í Berlín um helgina á úrslitaleiknum þá vona ég að Þjóðverjar vinni og leiki til úrslita. Þeir hafa spilað ljómandi vel, þveröfugt á allar spár, svo sætan og nettan bolta að bakarar í Berlín hafa skýrt sætabrauð í höfuðið á Klinsmann. Myndinni af því þegar Kahn stappaði stálinu í Lehmann fyrir vítaspyrnukeppnina á móti Argentínu má líkja við fall Berlínarmúrsins. Ítalir hafa aftur á móti verið samkvæmir sjálfum sér, fyrir utan fyrsta leik, þétt og góð vörn á heimsmælikvarða, meira að segja þrjú mörk í síðasta leik en ekki mikið umfram það í sjálfu sér. Ef allir eru heilir hjá þýskum, þá hafa þeir þetta 2-0. Ef Klose meiðist aftur, verður þetta tæpt, jafnvel vítaspyrnukeppni eftir daufar níutíu mínútur og framlengingu. En Lehmann, sem núna er þriðji þjóðhöfðinginn í Þýskalandi á eftir kanslaranum og keisaranum Beckenbauer, leiðir sína félaga í úrslitaleikinn á sunnudaginn.



▶ 21.00

*HM uppgjör*

4 4 2

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM stúdíó** Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

**18.50** **HM 2006** (Þýskaland – Ítalía ) Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi. Sigurliðið leikur til úrslita en tapliðið leikur um bronsverðlaun.

▶ **21.00** **4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

**22.00** **HM 2006** (Winner 57 – Winner 58) Upptaka frá fyrri undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan **23.10** Eiginkonur gömlu meistaranna: Frú Mozart **23.40** Um lágnættið**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





Vertu með á miðjunni!

Gerðu sófann þinn að stúku á HM
Með stórum flatskjá færðu betri yfirsýn yfir leikina, en innbyggðir hátalarar ná ekki að skila spennunni og stemningunni á vellinum. Yamaha YSP-1000 og YSP-800 hátalarar leysa það fullkomlega. Allt í einu boxi en samt fjölrása hljóðkerfi. Komdu í Hátækni og hlustaðu, tilfinningin er ólýsanleg.




Þú þarft ekki að leggja snúrur um alla stofuna til að fá gott hljóð!

d-cinema

Hátækni

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is



## HRÓSIÐ

*... fær Jónas Reynir Gunnarsson fyrir skemmtilegar teiknimyndasögur sínar um Artúr sem birtast á heimasíðunni fjandinn.com.*



**LÁRÉTT** **2** goggs **6** í röð **8** við **9** tangi **11** tímabil **12** handleggur **14** skóa **16** hvað **17** þjófnaður **18** kærleikur **20** fyrirtæki **21** viðlag.

**LÓÐRÉTT** **1** ljá **3** skammstöfun **4** lögtak **5** aum **7** slást **10** lítil **13** dýrahljóð **15** svari **16** rámur **19** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** nefs, **6** áb, **8** hjá, **9** nes, **11** ár, **12** armur, **14** járna, **16** ha, **17** rán, **18** ást, **20** ms, **21** stef.

**LÓÐRÉTT: 1** lána, **3** eh, **4** fjárnám, **5** sár, **7** berjast, **10** smá, **13** urr, **15** ansi, **16** hás, **19** te.

### VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Vindheimamelum.
2. Víkingur.
3. Ólafur Jóhannesson.






## AÐ MÍNU SKAPI: SIGMAR GUÐMUNDSSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Í KASTLJÓSINU

# *Ástfanginn af New York*

**Uppáhaldstónlistin:** Ef ég á að nefna eina uppáhaldssveit þá er það System of a Down. Gæti líka nefnt Nick Cave, Cypress Hill, Muse, Wedding Present, Korn, Abba, Queens of the Stone Age, Public Enemy, Led Zeppelin, Radiohead og Rage against the Machine.

**Uppáhaldsbókin:** Mér finnst óskaplega erfitt að gera upp á milli margra góðra bóka. Ef ég verð að nefna eina þá segi ég Sjálfstætt fólk eftir Laxness. Frábær saga og ótrúlega vel stíluð. Ein af fáum bókum sem ég hef nennt að lesa aftur og aftur, þó að það sé reyndar langt síðan ég greip í hana síðast.

**Borgin:** New York, engin spurning. Manhattan er frábær staður. Ég gleymi aldrei hughrifunum sem ég varð fyrir þegar ég steig út úr bílnum á Times Square í fyrsta sinn. Allar þessar ógnarháu og stórglæsilegu byggingar. Iðandi mannlífið, lætin og lyktin. Þetta var ást við fyrstu sýn. Verst að ég fer alltof sjaldan þangað.

**Bíómyndin:** Einhverra hluta vegna fannst mér Life is Beautiful ótrúlega góð og falleg mynd. Ég er einnig mjög hrifin af myndunum hans Tarantinós.

**Búðin:** Ég hef ekki nógu frjótt ímyndunarafl til að svara þessari spurningu af einhverju viti, því yfirleitt fæ ég útbrot af leiðindum í búðum. Öfugt við bækur, tónlist og bíómyndir þá nota ég verslanir bara í neyð, til dæmis þegar mig vantar sárlega tólftu gallabuxurnar eða átjánda bolinn. Leið þó ágætlega í Flying A í New York, síðast þegar ég fór þangað.

**Verkefnið:** Sumarfríið mitt er skemmtilegasta verkefnið um þessar mundir. Verst hvað veðurstofan er ósammvinnuþýð.



**SIGMAR Í KASTLJÓSINU** Sigmar er mikill lestrarhestur og tónlistaráhugamaður.




**ÞOSSI SNÚINN AFTUR** Útvarpsmaðurinn Þorsteinn Hreggviðsson sést hér í útsendingu á X-inu 977 í gær þegar hann hóf aftur störf eftir tæplega fimm ára fjarveru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÞORSTEINN HREGGVIÐSSON: SNÝR AFTUR TIL STARFA Á X-INU 977

# Guðfaðirinn aftur á X-ið

„Ég er kominn heim til að spila rokk og rífa kjaft," segir útvarpsmaðurinn Þorsteinn Hreggviðsson, betur þekktur sem Þossi á X-inu. Þossi hóf í gær störf á útvarpsstöðinni X-inu 977 eftir langa fjarveru. Hann var einn af upphafsmönnum stöðvarinnar á tíunda áratug síðustu aldar en hætti sem dagskrárstjóri skömmu eftir aldamótin. Eftir það fluttist Þossi með fjölskyldu sína til Danmerkur þar sem hann hefur stundað nám.

„Þetta eru komin fjögur og hálft ár í allt síðan ég fór," segir Þossi sem leggur stund á nám í „medialogy". Hann segir að ekkert íslenskt heiti sé til yfir þetta nám, en það snýst að mestu leyti um framtíðartölvunotkun. Þossi er í sumarfríi frá skólanum í Kaupmannahöfn og verður í afleysingum á X-inu í tvo mánuði.

„Ég er nú enn bara að læra á kerfið hérna en þetta lítur bara ágætlega út," segir Þossi þegar hann er spurður hvernig honum lítist á að vera kominn aftur. Hann segist hafa notið þess í botn að fá frí frá útvarpinu og þurfa ekki að hugsa um tónlist allar stundir. „Ég hef alveg endurnýjað gleðina sem fylgir því að hlusta á tónlist. Maður er náttúrlega laus við mótunina sem fylgir útvarpsbransanum. Það er auðvelt að verða spillt- ur í þessum bransa, hvort sem maður vill það eða ekki," segir útvarpsmaðurinn.

Þossi segist ekki hafa hlustað á X-ið síðan hann yfirgaf stöðina og fluttist til Danmerkur. Hann á því ekki auðvelt með að svara því hvað honum finnist um stöðina og hvernig hún hefur breyst síðan þá. „Það er nú bara kominn hálfur dagur. Ég get þó sagt að sumt sem ég hef heyrt í morgun er algjör viðbjóður en annað er í góðu lagi," segir Þossi og glottir. Það liggur nokkurn veginn beint við að spyrja hann hvaða breytingum hlustendur X-ins megi eiga von á með innkomu hans. „Ég er nú bara sumarmaður svo það er ekki líklegt að þær verði miklar. Vonandi fær maður þó að hafa einhver áhrif."

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hróarskelduhátíðin í Danmörku fór fram um helgina að viðstöddum um 80 þúsund manns. Fjölmargir Íslendingar lögðu leið sína á hátíðina venju samkvæmt og voru gestir sammála um að hún hefði heppnast einstaklega vel enda var veðrið óvenjugott. Athygli vakti að skötuhjúin Jón Ólafsson góði og Hildur Vala Einarsdóttir Idol-stjarna voru á meðal gesta. Hildur Vala gengur sem kunnugt er með barn þeirra. Þótti mörgum sem að þarna kristallaðist hinn sanni andi hátíðarinnar, gestir láti ekki smáatriði á borð við óléttu trufla sig frá því að njóta frábærrar tónlistar.



Leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hún fer með aðalhlutverkið í sumarsýningunni Footloose. Á milli sýninga í Borgarleikhúsinu eyðir Halla aftur á móti öllum stundum við tökur á kvikmyndinni Astrópíu sem Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir.





Kristján Þorvaldsson er mættur aftur til starfa hjá Fróða þar sem hann hætti sem ritstjóri Séðs og heyrts á dögunum. Kristján hefur tekið að sér að ritstýra Vikunni næstu tvo mánuðina hið minnsta.

Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður lét gamlan draum rætast fyrir skemmstu og skellti sér í langt bakpokaferðalag um Suðaustur-Asíu. Með í för er unnusta hans, Hólmfríður Anna Baldursdóttir, sem starfar sem upplýsingafulltrúi fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Freyr er væntanlegur aftur til starfa á Rás 2 innan tíðar. -hdm








# Ásdís tekur við Ford

„Það var haft samband við mig frá skrifstofu Ford í París og ég beðin um að taka keppnina að mér hér á landi," segir Ásdís Rán Gunnarsdóttir rekstrarstjóri Ice Models Management, nýrri umboðsskrifstofu sem hún stofnaði ásamt erlendum aðilum fyrir nokkru. Umboðsskrifstofan Eskimo hefur ávallt haft keppnina undir sínum væng en varð að sögn Ásdísar að gefa hana frá sér vegna þess að þar einbeitir fólk sér að öðrum hlutum. „Stelpurnar hjá Eskimo mæltu með mér til að halda utan um keppnina í þeirra stað og tók ég þetta að mér enda mjög stórt tækifæri."

Keppnin mun fara fram á þessu ári og er leitin að stúlkum í keppnina að hefjast. „Við erum núna með tvær keppnir á okkar snærum, Hawaiian Tropic og Ford, þannig að við erum að leita að efnilegum stelpum allan ársins hring. Einnig erum við með umboðsskrifstofu fyrir leikara, fólk í auglýsingar og fegurðardrottningar," segir Ásdís og bætir því við að bæði íslenskir og erlendir aðilar nýti sér þeirra þjónustu enda Ísland orðið mjög vinsæll vettvangur fyrir auglýsingagerð og myndatökur. Ný vefsíða hefur verið tekin í notkun, slóðin er www.models.is og geta áhugasamir skráð sig þar.

-áp



**ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR** Umboðsskrifstofa hennar, Ice Models Management, hefur nú tekið við Ford-keppninni og leitar nú að stelpum í keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


AMOR AMOR
Vertu fersk í sumar...
AMOR AMOR
EAU FRAICHE
cacharel
... með Amor Amor Eau Fraiche
Skelltu þér á 50ml glas og fáðu stóra,
sumarlega tösku eða veski í kaupbæti.*
Útsölustaðir cacharel um land allt.
cacharel
SUMARÁST
www.cacharel.com
*Gildir á meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Boot Camp þjálfararnir ætla að hlaupa tvö og hálft maraþon. Þitt fyrirtæki getur heitið á þá.

**Hringdu í 533 2929**
**og styrktu Blátt áfram**




**BAKÞANKAR**
**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## *Námskeið í uppeldi*

Skotheldasta leiðin til að verða skipulagður, vinnusamur, fórnfús og ósérhlífinn er að eignast barn. Fyrstu árin lærir maður líka að sofa í tveggja tíma lotum, fara á fætur í bítið alla daga, borða hafragraut og taka lýsi til að vera góð fyrirmynd og nammi bara í laumi af sömu ástæðu. Við stökkbreytinguna við að verða foreldri hverfur klígjugirni eins og fyrir kraftaverk þannig að skeiningar og snýtingar ásamt öðru tilfallandi eru framkvæmdar á barninu með ánægju.

**SAMTÍMIS** lærist líka að brandarar verða fyndnari því oftar sem þeir eru sagðir. Að það er fátt skemmtilegra en skríða um gólfið með manneskju á bakinu sem rífur fruntalega í hárið á manni. Allt í einu finnst manni umferðin mikið hættuspil og allir keyra of hratt. Helgardjammið felst í að leika krókódíl í sundi á sunnudagsmorgni og koma við í bakaríi á leiðinni heim.

**ALLT** er þetta auðvelt, skemmtilegt, mannbætandi og líður hjá. Skyndilega er þessi fyrsti kapítuli lífsins liðinn og maður er kominn á alveg nýtt byrjendanámskeið þar sem kennt er hvernig umgangast skal ungling. Og rétt eins og forðum þegar nýbakaðir foreldrarnir stóðu eins og álfar með hvítvoðunginn í lúkunum og vissu varla hvað sneri upp eða niður, þá standa þeir svona fjórtán árum síðar álíka hissa og banka rosalega lengi á baðherbergisdyrnar.

**ÞEGAR** sú stund rennur upp að barnið vill láta sleppa sér úr bílnum hálfa dagleið frá skólanum og neitar að kyssa bless á almannafæri er akkúrat mátulegt að hætta þessu dekri og senda barnið með strætó. Ekki í refsingarskyni samt, þó maður finni óneitanlega fyrir dálítilli höfnun fyrst í stað, heldur sem sjálfstæðisæfingu fyrir alla aðila í hinum nýju þjálfunarbúðum.

**JAFNVEL** þótt mitt unglingauppeldi sé enn að mestu milt og blítt hefur mér tekist að falla í ýmsar gildrur á leiðinni. En þrátt fyrir að hafa þurft að slípa af mér alls kyns stjórnsemi, yfirgang og almenn leiðindi er minn þolinmóði kennari, táningurinn, óþreytandi við að kenna mér undirstöðuatriðin á námskeiðinu. Og á sama hátt reyni ég að tileinka mér þolinmæði hins áhugasama nemanda sem vonar í hjarta sér að fá tíu á prófinu þrátt fyrir allt.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8631

**200.000 kr. úttekt**
Með hverjum Outlander og Pajero Sport hjá Ellingsen.
Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.
Ellingsen

**Útivistartilboð** – Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Í tilefni af því fylgir **200.000 kr.** úttekt hjá Ellingsen hverjum Outlander og Pajero Sport. Fylltu skottið af skemmtilegu dóti frá Ellingsen og njóttu sumarsins á nýjum öflugum 4X4 jeppa.

**Pajero Sport 4X4** Alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Verð **3.590.000** kr.






**Outlander 4X4** Flottur sportjeppi sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

Verð **2.590.000** kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is
HEKLA®



ARGUS / 06-0364

# Tveir sterkir sparnaðarreikningar

**SPRON Vaxtabót – allt að 11,55% vextir***
**SPRON Viðbót – allt að 4,7% vextir***

Þú færð nánari upplýsingar og getur stofnað reikning á **spron.is**

spron

* Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júní 2006